


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Ferðir










# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
3. ágúst 2011
178. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Draggkeppni Íslands**
*Haldin með pompi og prakt í Hörpu í kvöld.*
**fólk 30**

**Æðislegt ævintýri**
*Hildur Guðnadóttir kemur fram á tónlistarhátíðinni Altmusic á Nýja-Sjálandi.*
**tímamót 26**



**Haukur vill til Evrópu**
*Haukur Helgi Pálsson er hættur að spila körfu með Maryland-háskólanum.*
**sport 34**

# Víðines til skoðunar undir nýtt fangelsi

**Ríkisstjórnin ræddi á fundi í gær að nota húsnæði í ríkiseigu til að leysa fangelsisvandann verði nýtt fangelsi ekki reist í einkaframkvæmd. Gamalt hjúkrunarheimili á Víðinesi var sérstaklega nefnt til sögunnar sem hentugt fangarými.**

**FANGELSISMÁL** Ríkisstjórnin skoðar nú hvort gamalt húsnæði í ríkiseigu geti nýst undir nýtt fangelsi ef ákveðið verður að reisa ekki fangelsi í einkaframkvæmd eins og hefur verið til umræðu.

Þessi möguleiki var ræddur á fundi ríkisstjórnarinnar í gærmorgun samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Einn staður var sérstaklega nefndur til sögunnar sem ákjósanlegt húsnæði undir fangarými: gamalt hjúkrunarheimili á Víðinesi sem þar til í september í fyrra hýsti 38 heimilismenn.

Deilur hafa staðið um það innan ríkisstjórnarinnar hvernig fjármagna skuli byggingu nýs fangelsis. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur talað fyrir því að ríkið fjármagni framkvæmdina en aðrir innan ríkisstjórnarinnar, meðal annars forsætisráðherra, telja að lántaka fyrir slíkri framkvæmd yrði ríkinu of dýr við þessar aðstæður og hafa þess í stað horft til þess að bjóða verkið út þannig að lífeyrissjóðir og einkaaðilar geti tekið þátt í útboðinu.

Þegar umræðan um nauðsyn þess að reisa nýtt fangelsi fór enn einu sinni á flug fyrir skemmstu var gerð athugun á því hvaða húsnæði í eigu ríkisins gæti hugsanlega nýst undir fangarými. Niðurstöður þeirrar athugunar verða notaðar sem leiðarljós um framhaldið, ef hugmyndin um einkaframkvæmd verður slegin út af borðinu.

Málið hefur vafist fyrir ríkisstjórninni um nokkurt skeið og nýlega var ákveðið að taka ekki endanlega ákvörðun um málið fyrr en í ágúst. **- kóp, sh**



**ÁSTIN OG MENNINGIN BLÓMSTRA** Þýsku ferðamennirnir á Skólavörðustígnum virtust yfir sig ástfangnir þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti þar leið hjá. Neðsti hluti Skólavörðustígs, frá Bergstaðastræti að Bankastræti, verður lokaður fyrir bílaumferð fram yfir næstu helgi. Í tilefni þess verða settir upp standar og á þá hengdir auð blöð og litir svo gestir og gangandi geti spreytt sig á listsköpun. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Breivik setur fram kröfur:

## Vill að ríkisstjórnin fari frá

**NOREGUR Hryðjuverkamaðurinn Anders Behring Breivik hefur sett fram kröfulista þar sem hann fer fram á að norska ríkisstjórnin fari frá völdum. Þá vill hann sjálfur fá stórt hlutverk í breyttu stjórnmálakerfi í landinu.**



ANDERS BEHRING BREIVIK

**Geir Lippestad, verjandi Breiviks, hefur greint frá þessu. Hann segir kröfulistann sýna að Breivik viti ekki hvernig samfélagið virki og að hann geri sér enga grein fyrir stöðu sinni.**

**Rannsókn lögreglu í miðborg Óslóar er nú lokið en hreinsunarstarf stendur yfir í Útey. Þar er meðal annars unnið að því að safna saman eigum ungmennanna sem voru þar stödd þegar Breivik hóf skothríð hinn 22. júlí.** **- þeb /** **sjá síðu 4**

Unnið að fjármögnun hótels:

## Lúxushótel fyrir ketti

**FÓLK** Áform eru uppi um að reisa sex stjörnu lúxushótel fyrir ketti í Kattholti á komandi mánuðum. Að sögn Önnu Kristine Magnúsdóttur, formanns Kattavinafélags Íslands, virðist ekki vanþörf á breytingunni því kattahótelið í Kattholti var fullt um verslunarmannahelgina.



ANNA KRISTINE MAGNÚSDÓTTIR

„Þar sem eru súkkulaðimolar á koddanum á fínum hótelum er aldrei að vita nema við setjum rosalega gott kattanammi í hvert búr þegar kettirnir tékka inn," segir Anna Kristine og bætir því við að hana hafi alltaf dreymt um að verða hótelstjóri. **- mmf /** **sjá Ferðir**

**veðrið í dag**




**FÍNT NA-TIL** Í dag verður nokkuð bjart NA-til. Úrkoma með köflum NV-til en annars skúrir. Fremur hægur vindur en hvassara NV- og S-til.
**VEÐUR 4**

Formaður Þjóðhátíðarnefndar boðar hert eftirlit í Herjólfsdal:

## Myndavélar geti haft forvarnargildi

**SAMFÉLAGSMÁL** Formaður Þjóðhátíðarnefndar vill láta setja upp eftirlitsmyndavélar í Herjólfsdal fyrir næstu Þjóðhátíð. Hann segir slíkt geta haft forvarnargildi og aðstoðað lögregluna í rannsóknum á afbrotum sem eigi sér stað.

„Svæðið er ekki stórt. Það yrði öflug forvörn og getur aðstoðað við að upplýsa mál," segir Páll.

Fimm nauðganir voru tilkynntar til neyðarmóttöku sjúkrahúsa eftir Þjóðhátíð í ár. Þá var ein nauðgun tilkynnt eftir helgina á Akureyri og ein tilraun til nauðgunar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segir of snemmt að segja til um hvort nauðgunarmálin hafi verið fleiri en þau sen nú hefur verið tilkynnt um.

Hún segir að verði óskað eftir þjónustu Stígamóta á næstu Þjóðhátíð verði slíkt vel tekið til greina. **- sv /** **sjá síðu 6**





RISAÚTSALA
MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
Sjá allt úrvalið á ht.is
Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500



**SPURNING DAGSINS**



*Garðar, ertu þá bara að fara að snúa þér að bjórbumbubolta?*

„Já, í augnablikinu allavega.“

Knattspyrnukappinn Garðar Gunnlaugsson situr ekki auðum höndum þó hann sé án félags. Hann hefur hafið framleiðslu á bjór í Lettlandi og er afraksturinn væntanlegur í sölu hér á landi.

Sjaldgæfur lítill flækingsfugl elur fjóra unga í Mývatnssveit á krækiberjum:

# Silkitoppa kemur upp fjölskyldu hér í fyrsta sinn

**NÁTTÚRA** Silkitoppa (Bombycilla garrulus) hefur komið sér upp fjölskyldu við Mývatn. Tegundin, sem er spörfugl og flækingsfugl hér á landi, hefur aldrei náð að koma upp ungum hér á landi svo vitað sé. Fuglinn er örlítið minni en skógarþröstur og flækist hingað til lands á haustin og á veturna frá norðanverðri Skandinavíu.

Yann Kolbeinsson líffræðingur segir töluverðan fjölda silkitoppa hafa lagt leið sína hingað til lands undanfarin ár. Misjafnt sé þó hversu margir tóri hér yfir veturinn en sum ár geti fjöldinn skipt mörgum hundruðum.

„Þær fylgja fæðuframboði á milli landa. Ef það er lítil fæða í norðaustanverðri Evrópu flækist hún hingað,“ segir Yann. „Maður hefði haldið að það vantaði varplendið hérna, en þessi er greinilega ekki sammála því.“

Yann segir mesta fjölda silkitoppa hér á landi hafa verið síðasta vetur. Á höfuðborgarsvæðinu hafi sést hundruð fugla saman í hópum þegar mest var. „Epli og vínber eru í miklu uppáhaldi hjá þeim. Þær treysta mikið á ávaxtagjafir frá mannfólkinu yfir veturinn,“ segir Yann og bætir við að á haustin lifi þær nær eingöngu á berjum.

Yann telur það þó nokkra bjartsýni að vona að silkitoppan muni setjast hér að til frambúðar; fjölskyldan í Mývatnssveit sé sennilega tilfallandi. „En maður veit aldrei hvað verður. Kannski kemur annar stór hópur í kjölfarið og það myndi hjálpa til,“ segir Yann. **- sv**



**SILKITOPPUR Í MÝVATNSSVEIT** Móðirin hefur matað unga sína mestmegnis á krækiberjum í sumar. MYND/YANN KOLBEINSSON

Kvartað til Persónuverndar:

## RÚV átti að afhenda lista yfir umsækjendur

**PERSÓNUVERND** Ríkisútvarpið braut ekki persónuverndarlög með því að afhenda fjölmiðlum langan lista yfir umsækjendur um sumarstarf á fréttastofu RÚV. Þvert á móti var því það skylt lögum samkvæmt. Þetta er niðurstaða Persónuverndar.

Einn umsækjendanna kvartaði yfir afhendingunni og sagði hana koma mjög illa við sig.

Í niðurstöðu Persónuverndar segir að Ríkisútvarpið heyri undir upplýsingalög og samkvæmt þeim sé opinberum stofnunum og fyrirtækjum skylt að veita upplýsingar um umsækjendur um stöður eftir að umsóknarfrestur er runninn út, jafnvel þótt fallast megi á það með kvartanda að birting slíkra upplýsinga geti í ákveðnum tilvikum valdið óþægindum. **- sh**

Verslanir í Noregi:

## Fjarlægja tölvuleiki úr hillum

**NOREGUR** Verslunarrisinn Coop í Noregi hefur tímabundið fjarlægt ofbeldisfulla tölvuleiki úr hillum vegna fjöldamorðanna í Útey, en hryðjuverkamaðurinn Anders Breivik spilaði slíka leiki.

Fjölmargar norskar verslanir hafa gert slíkt hið sama.

Verslunarmaður í tölvuverslunni BT hér á landi segir, í samtali við Stöð 2, ekki standa til að hætta sölu á ofbeldisleikjum og hvetur foreldra til að virða aldurstakmörk.

„Við höfum ekki brugðið á það ráð að taka þá úr hillum, heldur er fylgst grannt með að fólk undir aldri sé ekki að ná sér í þessa leiki,“ segir Jóhannes Axelsson, starfsmaður BT.

# Ferðamenn í hættu á götóttum Geysisvegi

**Framkvæmdir við veginn um Laugardal að Geysi hafa tafist. Ofanáburður er fokinn af veginum og hann er allur holóttur. Gríðarlega fjölfarinn vegur sem stendur í rykskýi vegna ónógrar vökvunar. Hættulegur að sögn kunnugra.**

**SAMGÖNGUR** Framkvæmdir við fjölfarna ferðamannaleið, um Laugardal milli Laugarvatns og Geysis, hafa staðið yfir í allt sumar. Það kemur illa niður á ferðaþjónustunni. Verkið er komið fram úr áætlun.

„Þú getur nú rétt ímyndað þér það,“ segir Þórður Tyrfingsson, deildarstjóri hjá Vegagerðinni, um hvort tafirnar hafi ekki valdið vegfarendum óþægindum. Hann segir þær standa upp á verktakann sem eigi að hafa lokið verkinu. Hann segir Vegagerðina búa yfir úrræðum gagnvart verktökum þegar svona staða komi upp en vill ekki fara nánar út í hver þau eru.

Verkið var boðið út í fyrrahaust og átti framkvæmdum að vera lokið 15. júní. Þórður vonast til að fljótlega verði lögð klæðning á veginn.

„Við keyrum þarna oft á dag og það er hræðilegt að horfa upp á þetta,“ segir Þórir Garðarsson, framkvæmdastjóri Iceland Excursion. „Það er til háborinnar skammar að þetta skuli ekki vera klárað.“

Þórir segir veginn mjög grófan, allur ofaníburður sé fokinn í burtu. Þá hafi vegurinn ekkert verið vökvaður og því sé mikið ryk á honum. Hann segir veginn fara mjög illa með bílana. Margir séu langþreyttir á framkvæmdunum og virði hraðatakmörk lítt. Framúrakstur skapi grjótkast með tilheyrandi skemmdum.

„Þetta er beinlínis hættulegur vegur.“

Ferðamenn kippa sér þó lítið upp við aðstæðurnar að sögn Þóris. „Það kemur mér í raun á óvart hve lítið þeir eru hissa. Það er kannski vegna þess að þeir telja okkur vanþróaðri en við erum, en hvort það eru meðmæli með okkur skal ósagt látið.“

Framkvæmdir standa einnig yfir við Biskupstungnabraut, en þar er einnig verið að breikka veginn. Leiðirnar að Geysi eru því báðar framkvæmdasvæði. Þórir segir engin vandkvæði við þær framkvæmdir, þær gangi greitt og þar sé passað upp á að vökva veginn. „Bílstjórar eru almennt þolinmóðir gagnvart Vegagerðinni og verktökum sem bæta vegina.“ Þolinmæðin sé hins vegar á þrotum hvað varðar Laugardalsleiðina.

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, segir ljóst að vegurinn sé ekki skemmtilegur. Þetta sé fjölfarin leið fyrir ferðaþjónustuna og mikið hark fyrir þá sem séu með rútur. „Við erum að vonast til að þessu fari að ljúka.“

Ekki náðist í forsvarsmenn verktakans, Vélgröfunnar ehf., við vinnslu fréttarinnar.

kolbeinn@frettabladid.is



**ÞVOTTABRETTI** Hámarkshraði á leiðinni er 50 kílómetrar á klukkustund. Vegurinn versnaði mjög í vatnsveðrinu um helgina og raunverulegur ferðahraði er mun minni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINUNN

Herferð gegn sóðaskap:

## Gull í skiptum fyrir hundaskít

**TAÍVAN Yfirvöld í Nýju Taipei, bæ skammt frá höfuðborginni Taipei, eru orðin þreytt á að hundaeigendur skuli ekki hirða upp eftir gæludýrin sín. Yfirvöld hafa þess vegna hafið herferð til þess að vinna bug á vandanum og bjóða öllum hundaeigendum ókeypis poka. Hundaeigendur eru jafnframt hvattir til þess að afhenda yfirvöldum pokana, en fyrir hvern poka fá þeir happdrættismiða. Vinningarnir eru gullstangir.**

**Yfirvöld í borginni Taichung reyndu að bjóða hundaeigendum gjafabréf í verslunarmiðstöð fyrir hvert kíló af hundaskít sem þeir skiluðu en án árangurs. - ibs**

Selja í Öryggismiðstöðinni:

## VÍS hefur eignast 80% hlut

**VIÐSKIPTI** Nýlega var gengið frá kaupum VÍS á hlut Exista í Öryggismiðstöð Íslands. Fyrr á árinu hafði VÍS eignast lítinn hlut og er eignahlutur VÍS í Öryggismiðstöðinni nú samanlagt um 80%. Framkvæmdastjóri Öryggismiðstöðvarinnar og helstu stjórnendur félagsins ráða yfir um 20% hlut í félaginu, að því er fram kemur á vef VÍS.

Öryggismiðstöðin hefur rekið öryggisþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki í fimmtán ár. Fyrirtækið rekur eigin stjórnstöð til móttöku boða frá öryggiskerfum viðskiptavina allan sólarhringinn, alla daga ársins. Frá árinu 2008 hefur fyrirtækið jafnframt boðið margvíslegar lausnir og þjónustu á velferðarsviði, s.s. heimaþjónustu til fatlaðra og eldri borgara, fjölbreytt úrval stuðnings- og hjálpartækja til einstaklinga og fyrirtækja.






Fjölmenni var í Dómkirkjunni í gærdag við útför frægasta fanga Íslands:

# Sævar Ciesielski jarðsunginn

**ÚTFÖR** Útför Sævars Marinós Ciesielski fór fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík í gær. Sævar lést af slysförum í Kaupmannahöfn hinn 12. júlí síðastliðinn. Hann var nýorðinn 56 ára gamall. Sævar lætur eftir sig fimm börn.

Sævar var einn sakborninganna í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Hann sat í fangelsi vegna málsins í níu ár, þar af í tvö ár í einangrun, og eftir að hann var látinn laus hóf hann baráttu sína fyrir endurupptöku málsins.

Sævar hélt alla tíð fram sakleysi sínu og sagði játningar í málinu hafa verið fengnar fram með harðræði og hótunum. Sævar bjó undir það síðasta í Danmörku.

Séra Örn Bárður Jónsson, sóknarprestur í Neskirkju, jarðsöng Sævar.



**BORINN ÚR KIRKJUNNI** Sævar var jarðsettur í kirkjugarðinum að Stóra-Núpi en mikið fjölmenni kom saman í útför hans í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## GENGIÐ 02.08.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,80 | 116,36 |
| Sterlingspund | 188,48 | 189,40 |
| Evra | 164,29 | 165,21 |
| Dönsk króna | 22,049 | 22,179 |
| Norsk króna | 21,469 | 21,595 |
| Sænsk króna | 18,228 | 18,334 |
| Japanskt jen | 1,4969 | 1,5057 |
| SDR | 184,89 | 185,99 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,8733

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Átta unglingsstúlkur fá 200 þúsund krónur fyrir áfallið sem hlaust af að láta taka af sér nektarmyndir í leyni:

# Á skilorð fyrir myndatökur í sturtuklefum

**DÓMSMÁL** Ungt fyrrverandi par frá Húsavík hefur í Héraðsdómi Norðurlands eystra verið dæmt í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að standa saman að nektarmyndatökum af unglingsstúlkum í upphafi ársins 2010.

Stúlkan, sem þá var í kringum átján ára aldur, tók myndirnar að höfðu samráði við kærastann, sem er nokkrum árum eldri. Stúlkan stundaði knattspyrnu með Völsungi á Húsavík og tók myndirnar af öðrum stúlkum í liðinu, bæði í búningsklefanum á Húsavík og í keppnisferðum um landið, eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Alls fundust í fórum þeirra tveggja 64 myndir af tíu fáklæddum eða nöktum stúlkum.

Hin dæmdu báru að þau hefðu átt í erfiðleikum í sambandi sínu og í einhverju rifrildinu hefði sú hugmynd fæðst að hún tæki fyrir hann nektarmyndir af vinkonum sínum. Af því varð.

Í yfirheyrslum sögðust bæði sjá mjög eftir athæfinu. Maðurinn sagði það eftir á að hyggja hafa verið „bull“ og honum til skammar, málið hefði haft hræðileg áhrif á líf sitt og liðið ár í lífi hans hefði verið „viðbjóður“, almannarómur á Húsavík væri harður og um hann hefðu gengið sögur sem hefðu orðið til þess að hann hefði fengið hótanir, verið kýldur og hrækt á hann. Hann hefði hrakist úr bænum um tíma.

Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að brotin verði á engan hátt afsökuð sem augnabliksdómgreindarleysi. Kærastinn hafi ekki gefið stúlkunni fyrirskipanir en þau beri þó jafna ábyrgð á skipulagningunni. Þau eru því dæmd á þriggja mánaða skilorð og til að greiða átta stúlknanna 200 þúsund krónur hverri í bætur. - sh



**HÚSAVÍK** Hin dæmdu sögðu í yfirheyrslum að þeim hefði verið illvært á Húsavík eftir að málið kom upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**EKKI SVO LANGT KOMIÐ** Benjamin Netanjahú er ekki tilbúinn að gangast alfarið undir hugmyndir Bandaríkjaforseta um lausn á deilum Ísraels og Palestínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Deilur Ísraels og Palestínu:

## Ekki alger eftirgjöf hjá Ísrael

**ÍSRAEL, AP** Fréttir um eftirgjöf Benjamins Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, í landamæradeilum við Palestínu virðast orðum auknar en þó er líklegt að viðræður hefjist brátt á ný.

Í fréttum þar í landi í upphafi viku voru líkur leiddar að því að Netanjahú væri reiðubúinn að fallast á hugmyndir Obama Bandaríkjaforseta. Þær miðuðu að því að koma á landamærum miðað við þau sem voru í gildi árið 1967.

Nú herma heimildir hins vegar að málið sé ekki svo langt komið, en Netanjahú sé tilbúinn að „sýna sveigjanleika“, hefjist viðræður á ný. - þj

### ÁRÉTTING

Í frétt um útrás Saffran sem birtist í blaðinu í gær var Jay Jamchi sagður vera annar eigenda veitingahúsakeðjunnar Saffran. Hið rétta er að eigendur Saffran í Bandaríkjunum eru fjórir, það eru Jay Jamchi, Oddur Smári Rafnsson, Davíð Magnússon og Dick Clark.

### LEIÐRÉTTING

Uppskrift að amerískri súkkulaðiköku birtist í blaðinu á föstudag. Hún á að innihalda tvö egg.

# Vill leika stórt hlutverk í umbreyttu stjórnmálakerfi

**Anders Behring Breivik vill umbylta evrópskum samfélögum og að norska ríkisstjórnin fari frá völdum. Hann vill sjálfur leika stórt hlutverk í nýju stjórnmálakerfi. Verjandinn segir hann veruleikafirrtan.**

**NOREGUR** Hryðjuverkamaðurinn Anders Behring Breivik vill að ríkisstjórn Noregs fari frá völdum og að hann sjálfur gegni stóru hlutverki í nýju stjórnmálakerfi í landinu. Þetta er meðal krafa sem hann hefur sett fram, að sögn Geir Lippestad, verjanda hans.

Breivik hefur sett fram tvo kröfulista. Sá fyrri er svipaður listum sem fangar setja iðulega fram og þar fer hann til dæmis fram á að fá sígarettur og að ganga í venjulegum fötum í fangelsinu. Sá síðari er mjög óraunhæfur og langt frá raunveruleikanum, segir Lippestad. Listinn sýni að Breivik viti ekki hvernig samfélagið virki. Hann vill að kröfunum á seinni listanum verði mætt og setur það sem skilyrði fyrir því að hann veiti upplýsingar um meintar aðrar hryðjuverkasellur. „Það er algjörlega ómögulegt að uppfylla þessar kröfur,“ segir Lippestad, en meðal þess sem Breivik vill er að geðheilbrigði hans verði rannsakað af japönskum sérfræðingum. Hann telur að japanskir sérfræðingar muni skilja hann mun betur en evrópskir.

Jafnframt segir Lippestad að kröfurnar feli í sér gjörbreytt norskt og evrópskt samfélag, þar á meðal afsögn norsku ríkisstjórnarinnar. Hann vill umfangsmiklar breytingar á stjórnmálakerfinu og fá að gegna þar stóru hlutverki. Lippestad vildi ekki gefa nánari upplýsingar um þessar breytingar á samfélögum, en sagði ljóst að Breivik skildi ekki stöðu sína.



**ÚTFARIR Í ÓSLÓ** Jens Stoltenberg var meðal þeirra sem mættu í útför Monu Abdinur, sem lést í Útey. Mörg fórnarlambanna hafa verið jörðuð undanfarna daga. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan hefur nú lokið rannsókn sinni á sprengjusvæðinu í miðborg Óslóar. Enn er þó unnið að rannsókninni í Útey, en hafist hefur verið handa við að hreinsa eyjuna. Þá er verið að safna saman eigum ungmenna sem skildar voru eftir þar hinn 22. júlí.

Jens Stoltenberg forsætisráðherra sagði við þingmenn á mánudag að stjórnmálaflokkar ættu að velja orð sín af meiri varkárni í framtíðinni, og hefur verið talið að hann hafi verið að beina orðum sínum til Framfaraflokksins, sem hefur talað gegn innflytjendum. Breivik var meðlimur í flokknum um nokkurra ára skeið en Siv Jensen, formaður flokksins, segir að Breivik hafi aldrei tekið mikinn þátt í starfi flokksins. „Við höfum ekki getað séð neitt af þessu fyrir,“ segir hún.

Meirihluti Norðmanna telur að refsingar fyrir alvarlega glæpi séu of vægar, samkvæmt könnun norska dagblaðið Verdens gang. 65 prósent aðspurðra telja refsingarnar of vægar, 24 prósent sanngjarnar og tvö prósent of harðar.

thorunn@frettabladid.is

Morgunhanar

Fyrir þá sem vilja taka daginn snemma og taka vel á því.

Góð blanda af þol- og styrktaræfingum.

Kennt á mán, mið og föst kl. 06.10 (4 vikur).

Þjálfari er Helga Sigmundsdóttir, lýðheilsufræðingur.

Verð 5.800 kr.

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010.



HEILSUBORG

Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

## VEÐURSPÁ



Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

**ÁFRAM VÆTUSAMT**

Nokkuð bjart NA-til í dag, annars skýjað með köflum um mest allt land næstu daga og einhver væta víðast hvar, mismikil þó. Fer kólnandi A-til með morgundeginum.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 32° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 23° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 28° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 26° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 27° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 24° |
| París | 27° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


THE DIVER'S WATCH
No other watch is engineered quite like a Rolex. The Submariner, introduced in 1953, was the first watch to be water resistant up to 100 metres. It was later strengthened by its patented triple-seal Triplock winding crown, making it capable of withstanding depths of up to 300 metres. The new 40 mm Submariner is presented here in 904L steel with a green Cerachrom disc.
THE SUBMARINER
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is
ROLEX
ROLEX.COM

## KJÖRKASSINN



*Fékkst þú endurgreitt frá skattinum í ár?*

| | |
|---|---|
| Já | 55% |
| Nei | 45% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Þekkir þú einhvern sem hefur orðið fyrir kynferðisbroti á útihátíð?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vísir

Ekkert lát á þjáningum flóttafólks á neyðarsvæðum í austurhluta Afríku:

# Ástandið versnar enn í Sómalíu

**SÓMALÍA, AP** Sameinuðu þjóðirnar (SÞ) og hjálparstofnanir segja að enn sé þörf á frekari aðstoð til nauðstaddra á þurrkasvæðunum í Austur-Afríku. Tólf milljónir manna eru í lífshættu vegna fæðuskorts og ríkir hungursneyð í tveimur héruðum Sómalíu, sem hefur orðið verst úti í þurrkunum.

Bresku hjálparsamtökin Oxfam segja að hungursneyðin sé að aukast hratt og að framlög hrökkvi skammt til að vinna gegn versnandi ástandi.

Mannúðarmálaskrifastofa SÞ segir jafnframt í yfirlýsingu að ef ekki komi til stóraukin framlög frá alþjóðasamfélaginu muni hungursneyðin breiðast út til fimm eða sex sómalískra héraða í viðbót.



**LÍÐA SKORT** Þessi börn sem liggja á sjúkrahúsi í Mogadisjú eru meðal þeirra milljóna sem bíða hjálpar vegna neyðarástandsins í Austur-Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SÞ telja að enn vanti 1.400 milljónir Bandaríkjadala til að sporna við neyðinni.

Samkvæmt síðustu tölum frá Matvælaaðstoð SÞ (WFP) koma um 3.200 sómalískir flóttamenn yfir landamærin til Eþíópíu og Keníu á degi hverjum og hafast nú við rúmlega 700 þúsund menn konur og börn við gríðarlega bágar aðstæður.

Þar að auki hefur um ein og hálf milljón flóttamanna leitað til höfuðborgarinnar Mogadisjú. - þj

Hóteleigandi í dularklæðum:

# Sektar ferðamenn á stæði

**NOREGUR Norskur hóteleigandi dulbýr sig sem stöðumælavörður til þess að sekta ferðamenn. Hóteleigandinn, Per Garen, sektaði hjón um nær 11 þúsund íslenskar krónur fyrir að leggja bíl á stæði við Videseter-hótel á Strynefjalli. Samkvæmt frétt á vef norska ríkisútvarpsins kveðst Garen hafa varið miklu fé í bílastæðið, sem er í eigu norsku vegagerðarinnar.**

**Garen vakti athygli fyrr í sumar fyrir að rífa niður farsímamastur á lóð hótelsins. Hann kvaðst meðal annars óttast geislun. - ibs**



**UMFERÐ UM HVALFJARÐARGÖNG** Á mánudag var umferð um Hringveginn 6,5 prósentum minni í ár en í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Minni umferð um helgina:

# Umferð dróst saman um 12%

**SAMGÖNGUR** Umferð á vegum landsins um verslunarmannahelgina dróst saman um rúm tólf prósent á milli ára, samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni. Upplýsingarnar byggja á tölum frá sex völdum talningarstöðum á Hringveginum út frá höfuðborgarsvæðinu.

Umferðin austur fyrir fjall reyndist 13,3 prósentum minni en um sömu helgi fyrir ári. Norður fyrir varð samdrátturinn 10,5 prósent. Þá reyndist umferðin á mánudeginum, frídegi verslunarmanna, 6,5 prósentum minni en í fyrra. - sv

Miltisbrandur á sænsku búi:

# Tuttugu kýr hafa drepist

**SVÍÞJÓÐ Sænsk yfirvöld hafa sett kúabú í einangrun vegna miltisbrandssýkingar. Búið er í nágrenni Odensbacken sunnan við Örebro í miðhluta Svíþjóðar. Frá þessu er greint á vef Landssambands kúabænda.**

**Tuttugu kýr eru dauðar vegna miltisbrandsins og hafa hræin verið send til eyðingar. Áður voru dýr sem drápust af miltisbrandi urðuð en þar sem bakterían sem veldur sjúkdómnum lifir lengi í jarðvegi er hræjunum nú eytt. Kýrnar tuttugu gengu á landi þar sem unnið var í jarðvegi og er talið að smitið sé frá hræi sem urðað hafði verið á svæðinu. - sv**

# Eftirlitsmyndavélar settar upp í Dalnum

**Páll Scheving Ingvarsson, formaður Þjóðhátíðarnefndar, vill setja upp myndavélar í Herjólfsdal fyrir næstu Þjóðhátíð. Þær hafi forvarnargildi og geti aðstoðað við rannsóknir. Stígamót og Nei-hreyfingin útiloka ekki að mæta næst.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Páll Scheving Ingvarsson, formaður Þjóðhátíðarnefndar, vill láta setja upp eftirlitsmyndavélar í Herjólfsdal fyrir næstu Þjóðhátíð. Hann segir slíkt geta haft forvarnargildi og aðstoðað lögregluna í rannsóknum á afbrotum sem eigi sér stað.



**PÁLL SCHEVING INGVARSSON**

Fimm nauðganir voru tilkynntar til neyðarmóttöku sjúkrahúsa eftir Þjóðhátíð í ár og hafa tvær þeirra verið kærðar til lögreglu. Í einu tilviki var maður handtekinn í Herjólfsdal og úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á föstudag. Í öðru máli hefur lögregla mann grunaðan en ekki í haldi.

„Ég held að sá tímapunktur sé kominn að setja upp eftirlitsmyndakerfi í Herjólfsdal. Svæðið er ekki stórt. Það yrði öflug forvörn og getur aðstoðað við að upplýsa mál,“ segir Páll og bætir við að nefndin líti nauðgunarmálin grafalvarlegum augum. Næsta skref sé að fara yfir málin, skoða hvernig þau séu vaxin og sjá hvernig brugðist hafi verið við þeim. Hann segir aðkomu Stígamóta eða Nei-hreyfingarinnar mögulega á næstu Þjóðhátíð.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segir of snemmt að segja til um hvort nauðgunarmálin hafi verið fleiri en þau sem nú þegar hefur verið tilkynnt um. „Á þessum tíma vitum við aldrei neitt. Þær sem koma til okkar gera það miklu seinna. Engin þeirra hefur haft samband enn sem komið er,“ segir Guðrún og bætir við að verði þjónustu Stígamóta óskað á næstu Þjóðhátíð, verði slíkt vel tekið til greina.



**ÞJÓÐHÁTÍÐ Í VESTMANNAEYJUM** Formaður Þjóðhátíðarnefndar vill láta setja upp eftirlitsmyndavélar í Herjólfsdal fyrir næstu Þjóðhátíð. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

> Forvarnastarf á að vera sýnilegt á hátíðum sem þessum. Það getur bæði haft forvarnagildi og svo getur það skapað traust þeirra sem þurf á að halda.
>
> **GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
> TALSKONA STÍGAMÓTA

„Forvarnastarf á að vera sýnilegt á hátíðum sem þessum. Það getur bæði haft forvarnagildi og svo getur það skapað traust þeirra sem á þurfa að halda,“ segir hún.

Finnborg Salome Steinþórsdóttir, talskona Nei-hreyfingarinnar, tekur undir orð Guðrúnar og segir það ólíðandi að fólk sé ekki óhult á útihátíðum. Hún segir það vissulega koma til greina að Nei-hreyfingin mæti á næstu útihátíð í Vestmannaeyjum, verði þess óskað.

Ein nauðgun var tilkynnt eftir helgina á Akureyri og ein tilraun til nauðgunar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. sunna@frettabladid.is



**Í ÓREGLU** Vallabíur á Tasmaníu éta af ópíumökrum þar sem framleidd eru hráefni í ýmiss konar lyf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Akurhringir í Tasmaníu:

# Lyfjuð pokadýr, ekki geimverur

**ÁSTRALÍA** Akurhringir á ópíumræktarsvæðum á eyjunni Tasmaníu eru ekki af völdum gesta frá öðrum hnetti, eins og sumir gætu haldið, heldur dýra í óreglu.

Í frétt BBC er haft eftir ríkissaksóknara Tasmaníu að vallabíur, lítil pokadýr náskyld kengúrum, hafi orðið uppvísar af valmúaáti á ópíumökrum, þar sem framleitt er hráefni í lyf.

Eftir að hafa gætt sér á valmúanum komast þær í mikla vímu og hoppa í hringi þar til þær lognast út af í lyfjamóki.

Ekki er um víðtækt vandamál að ræða, en þó hefur orðið vart við að önnur dýr, svo sem kindur, séu líka að gæða sér á ólyfjaninni. - þj

## LÖGREGLUMÁL

### Datt á andlitið

Á dansleik í Íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði varð það slys um nýliðna helgi að einn gesta, sem fór upp á sviðið, datt fram af því og lenti illa á andlitinu. Meiðsli hans voru talin það alvarleg að hann var fluttur með þyrlu LHG á sjúkrahús í Reykjavík.






Velferðarráðuneytið skoðar úrskurð héraðsdóms um Sólheima:

# Óvissa um áfrýjun Sólheimadóms

**STJÓRNSÝSLA** Tvær til þrjár vikur gætu enn liðið áður en ríkislögmaður tekur ákvörðun um hvort dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá síðustu viku, í máli Sólheima gegn ríkinu, verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Niðurstaða dómsins var að ríkinu hefði verið óheimilt að skera niður framlög til Sólheima árið 2009 um fjögur prósent, eða sem nemur ellefu milljónum króna.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hafði óskað eftir fundi með ríkislögmanni til að ræða málið, en Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, sagði í samtali við Fréttablaðið að þess í stað hefði verið fundað innan ráðuneytisins.

Niðurstaðan hafi verið sú að meta málið, meðal annars með tilliti til annarra þjónustusamninga sem í gildi eru.

Málið er unnið í samstarfi við ríkislögmann, sem mun, að sögn Önnu Sigrúnar, bíða niðurstöðu ráðuneytisins áður en ákvörðun um áfrýjun verður tekin.

Í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku sagði Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima, að hann vonaðist til þess að málalok yrðu sem allra fyrst. - þj




**ÓVÍST UM ÁFRÝJUN** Tvær til þrjár vikur geta enn liðið áður en ljóst verður hvort dómi í Sólheimamáli verður áfrýjað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# GLASAMARKAÐUR

## MARGAR TEGUNDIR AF GLÖSUM
## Á FRÁBÆRU VERÐI!



**TRUVA SKÁLAR**
2stk 14cm **799.-**
1stk 23cm **999.-**
6stk 10cm **1.199.-**
2stk 17cm **1.399.-**

**ADORA GLÖS**
3stk 190cc **499.-**
3stk 275cc **599.-**
6stk 80cc **699.-**
3stk 370cc **699.-**

**VENUE VÍNGLÖS**
3stk hvítvínsglös 245cc **799.-**
3stk rauðvínsglös 340cc **999.-**
3stk kampavínsglös 220cc **999.-**

24 Hagkaup OPIÐ *í sumar*
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hversu margir Saffran-staðir verða opnaðir í Bandaríkjunum?

2 Hver sigraði í Einvíginu í golfi um helgina?

3 Hvar fór unglingalandsmót UMFÍ fram um helgina?

SVÖR:

1. Fimm. 2. Nökkvi Gunnarsson. 3. Á Egilsstöðum.

Eftirlitsmaður með erindisbréf frá Fiskistofu kallaði lögregluna til á Bíldudal:

# Tók tvö ólögleg net með makríl

**LÖGREGLUMÁL** Eftirlitsmaður frá Fiskistofu gerði síðastliðinn sunnudag upptæk tvö net sem lögð höfðu verið á Bíldudalsvogi. Bannað er að hafa net við strendur frá föstudagskvöldi til þriðjudagsmorguns en einnig er líklegt að þau hafi legið nær ármynni en lög gera ráð fyrir.

„Hann kom hérna í lögreglufylgd í gegnum garðinn með myndavél og tók myndir af laxahreistri áður en hann fór út á voginn og tók þetta upp,“ segir Kolbeinn Gunnarsson, sem varð vitni að atburðinum. Hann er ekki eigandi netanna. Hann segir enn fremur að einungis hafi verið makríll í netunum en enginn lax.



**FRÁ BÍLDUDALSVOGI** Eftirlitsmaður með erindisbréf frá Fiskistofu fór ekki í erindisleysu um voginn á sunnudaginn.

Hann segir enn fremur að það hafi vakið athygli bæjarbúa að eftirlitsmaðurinn hafi verið ásamt konu sinni eins og hver annar ferðamaður á tjaldstæðinu á Bíldudal. Þorsteinn G. Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Fiskistofu, segir að Fiskistofa fái verktaka til þessara starfa vítt og breitt um landið og sé þeim í sjálfsvald sett hvernig þeir haga sínum ferðalögum.

Lögreglan á Vestfjörðum segir að netin hafi verið gerð upptæk og að málið sé nú til rannsóknar. **- jse**

Breytt samfélag í Danmörku:

# Auglýsa eftir afa og ömmu

**DANMÖRK** Foreldrar í Danmörku auglýsa í sífellt auknum mæli eftir nýjum afa og ömmu handa börnum sínum. Í einni slíkri auglýsingu er tekið fram að enginn afi og amma séu í móðurætt og að afi og amma í föðurætt séu orðin of gömul.

Bjarne Bekker, ritstjóri Seniorlife.dk sem birt hefur yfir 600 slíkar auglýsingar á einu og hálfu ári, segir breytingar í samfélaginu eiga hlut að máli. Afinn og amman séu mögulega útivinnandi og hafi ekki tíma til þess að gæta barnabarnanna. **- ibs**



**KALDRIFJAÐUR** Ted Bundy kom vel fyrir en undir yfirborðinu var hann samviskulaus morðingi sem skildi eftir sig blóði drifna slóð um Bandaríkin endilöng.

Ný sönnunargögn fundin:

# Morð Bundys jafnvel fleiri

**BANDARÍKIN, AP** Löggæsluyfirvöld í Bandaríkjunum vonast til þess að geta upplýst nokkur óleyst morðmál frá fyrri tíð með hjálp nútímatækni, eftir að blóðsýni úr raðmorðingjanum Ted Bundy fannst fyrir tilviljun.

Bundy játaði á sig morð á þrjátíu konum og stúlkum á árunum 1974 til 1978 og var tekinn af lífi fyrir glæpi sína árið 1989.

Lögregla hafði hingað til ekki haft neitt fullkomið lífsýni í höndunum, en getur nú borið sýnið nýfundna saman við gögn úr óleystum morðmálum um öll Bandaríkin síðustu fimmtíu árin. **- þj**

## LÖGREGLUMÁL

### Þrjár plöntur í Eyjum

Lögreglan í Vestmannaeyjum lagði hald á þrjár kannabisplöntur við húsleit í íbúð í Vestmannaeyjum í fyrrakvöld. Einnig var lagt hald á búnað til ræktunar. Húsráðandinn var færður til yfirheyrslu vegna málsins og viðurkenndi aðild að málinu. Talið er að fleiri tengist ræktuninni og er málið í rannsókn.

# Þrettán milljónir ber á milli

**Kvikmyndaskóli Íslands óskar eftir 70 milljóna króna árlegu ríkisframlagi. Ríkið býður 57 milljónir. Krafa skólans hefur lækkað um helming. Ráðuneytið hefur stungið upp á því að skólinn verði minnkaður.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig standa mál Kvikmyndaskóla Íslands?

Stjórn Kvikmyndaskóla Íslands hefur óskað eftir að árlegt framlag ríkisins verði aukið úr 38 milljónum króna í 70. Í mars fór stjórnin fram á 140 milljón króna árlegt framlag, en hefur nú lækkað þá ósk. Ráðuneytið hefur boðið 57 milljón krónur árlega. Því hafnaði skólinn í júní.



**HILMAR ODDSSON**



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Hilmar Oddsson skólastjóri segir að starfsemi skólans geti haldið áfram, verði stjórnvöld við lágmarkskröfum um 70 milljóna króna árlegt framlag. Hann segir núverandi framlag miðað við fjórum sinnum minni skóla. Því sé ekki nema eðlilegt að það hækki í samræmi við aukin umsvif.

„Við höfum skilið að ekki sé hægt að hækka framlagið til fulls miðað við ástandið og því lagt til 70 milljón króna framlag. Það munar 13 milljónum króna á okkar tillögum og ríkisins. Mun íslenska ríkið falla með þeim milljónum til Kvikmyndaskóla Íslands? Auðvitað ekki, þetta er einfaldlega pólitísk ákvörðun.“

Elías Jón Guðjónsson, aðstoðarmaður ráðherra, segir að ráðuneytið hafi bent á að miðað við þær tekjur sem skólinn hefur gangi reksturinn ekki upp þar sem útgjöld séu þar langt umfram. Ráðuneytið hafi velt upp þeim möguleika að skólinn verði minnkaður.

Hilmar bendir á að allar ákvarðanir um stækkun skólans hafi verið teknar í samráði við stjórnvöld. „Ef það er myndin sem menn fá að við höfum verið að spila eitthvað sóló þá er það kolrangt.“ Það sé heldur engin lausn að minnka skólann um helming, með því minnkuðu tekjur hans í skólagjöldum. Skólagjöldin séu komin að sársaukamörkum fyrir nemendur og ekki hægt að hækka þau, en þau hafa ekki hækkað síðan 2003. Þá sé ósanngjarnt að minnka námsframboð skólans á miðri önn, eftir að nemendur hafi fjárfest í dýru námi með ákveðna námskrá í huga.



**KVIKMYNDASKÓLINN** Framlög skólans eru miðuð við fjórum sinnum minni skóla, að sögn stjórnenda. Ráðuneytið hefur stungið upp á því að skólinn minnki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Þá stóðu yfir viðræður sem var ekki lokið. Ég gat því miður ekki frestað fæðingarorlofinu.
>
> **KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**
> MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐHERRA

Í fréttatilkynningu sem stjórnin sendi frá sér í gær var það gagnrýnt að Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarráðherra, hefði ekki gengið frá samningum við skólann áður en hún fór í barneignarleyfi. Katrín segist lítt skilja þessa gagnrýni.

„Þá stóðu yfir viðræður sem var ekki lokið. Ég gat því miður ekki frestað fæðingarorlofinu,“ segir Katrín, en vísar að öðru leyti til starfandi ráðherra, Svandísar Svavarsdóttur. Ekki náðist í hana við vinnslu fréttarinnar.

Mikill niðurskurður hefur átt sér stað í menntamálum á síðustu árum. Á síðasta ári var framlag til háskólastigs skorið niður um 10 prósent og um 15 prósent til framhaldsskólastigs. Hilmar bendir hins vegar á að skólinn hafi verið undirfjármagnaður í mörg ár.

Stjórnendur Kvikmyndaskólans og fulltrúar menntamálaráðuneytisins munu funda um málefni skólans í dag. **kolbeinn@frettabladid.is**

## Samstarfi hafnað

Hilmar segir skólann hafa boðið Listaháskóla Íslands samstarf síðastliðið haust en stjórnendur þar á bæ hafi hafnað þeirri tillögu. „Það var aldrei vilji né áhugi hjá ríkisstjórninni til þess að koma náminu þar inn.“

Hilmar segist hins vegar sannfærður um að á endanum muni kvikmyndagerð verða kennd við Listaháskólann. Hann segir stöðu Kvikmyndaskólans nú endurspegla það skilningsleysi sem kvikmyndagerð hafi lengi búið við hér á landi. Litið hafi verið á þá sem við hana starfa sem afætur, þegar raunin sé sú að um mjög arðbæra grein sé að ræða.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Electrolux
5 ára ábyrgð



69.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

þvottahæfni A
Orkunýting A
Mörg sérkerfi

**Þvottavél**
EWF10641OW. 1000 snúninga.
Stærð:85x60x60 cm. 6kg.
1805650

Electrolux
5 ára ábyrgð



54.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Með barka
Tekur 7 kg.

**Þurrkari**
EDE37100W . Electrolux þurrkari m/barka
Stærð.84.4 x 60.0 x 58.0cm. 108ltr. tromla
Tekur 7kg. Snýr í báðar áttir
1805463



64.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Frigor
5 ára ábyrgð

Orkunýting A

**Kælir/frystir**
Kælirými 171 ltr,
frystirými 41 ltr.
Orkunýting A
1805498

# LÆGRA VERÐ Á HEIMILISTÆKJUM

Electrolux
5 ára ábyrgð



69.900,-
~~81.295,-~~

Rakaskynjari
Krumpuvörn
Barkalaus

**Þurrkari**
EDC47100W barkalaus þurrkari með rakaþétti
Stærð.85x 60.0 x 58.0cm.
Tekur 7kg. Snýr í báðar áttir.
1805461



59.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Amica
5 ára ábyrgð

**Eldavél**
50 cm, með steyptum hellum og blæstri.
1850504



99.900,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Ofn og helluborð**
Sett. Hvítt
1850495

Amica
5 ára ábyrgð



19.900,-

Amica
5 ára ábyrgð

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Hvítur Vegghláfur**
60cm H:275 B:600 D:500
Hámarks útblástur 400m3/klst., 59db.
Þrír hraðar
1850566



12.900,-

**Vifta**
Hvít, 50cm.
Mesta útsog 335m2/klst.
1850563

Amica
5 ára ábyrgð



**Keramik helluborð**
Stál, 28x50 cm.
1850526

29.900,-
~~39.900,-~~

Amica
5 ára ábyrgð

Látum verkin tala!

Opið til 21:00 í Skútuvogi alla daga.
Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN



**MUNDAR VOPNIN** Ungur piltur stillir sér upp fyrir framan minnisvarða um uppreisnina í Varsjá. Hinn 1. ágúst síðastiðinn voru 67 ár liðin frá því að uppreisnin gegn nasistum hófst í Varsjá. NORDICPHOTOS/AFP

Landlæknisembættið flutt af Seltjarnarnesi yfir í Heilsuverndarstöðina:

# Húsnæði landlæknis á Nesinu stendur autt

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki hefur verið ákveðið hver flytur inn í húsið á Seltjarnarnesi sem Landlæknisembættið flutti úr nú um verslunarmannahelgina.

Sextán ár eru eftir af leigusamningi ríkisins við eigandann, en ríkið greiðir þar tvær milljónir króna á mánuði. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Landlæknisembættið stækkaði í vor þegar Lýðheilsustöð sameinaðist embættinu. Starfsmönnum fjölgaði þar með og verslunarmannahelgin var nýtt til að flytja inn á rúma 1.800 fermetra í Heilsuverndarstöðinni við Barónstíg.




**GAMLA HÚSNÆÐIÐ** Húsið sem áður hýsti Landlæknisembættið stendur autt og er leigan um sautján milljónir á mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ríkið greiðir heldur lægri leigu á fermetrann í þessum nýju höfuðstöðvum heldur en í húsinu á Seltjarnarnesi þar sem landlæknir var áður til húsa. Þar er hins vegar enn í gildi leigusamningur til ársins 2027 og eftir því sem næst verður komist hefur ekki verið ákveðið hver flytur þangað inn, en ríkið borgar tvær milljónir í leigu þar á mánuði. Fjármálastjóri landlæknis telur ekki að mistök hafi verið gerð með því að binda ríkið svo lengi í leigusamningi.


AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.




MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ívar Örn Hansen
S: 5125429 , gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462, gsm 8233344
sigridurdagny@365.is

Sigríður Hallgríms
S: 5125432, gsm 6924700
sigridurh@365.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011



ALLT HEIMILI
Mánudaga



Sölufulltrúi:
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473




**FRÁ TÁLKNAFIRÐI** Tálknfirðingar þurfa nú að grípa til einhverra aðgerða svo að þeir komi vinnuafli sínu undir þak. Svo eru þeir að vinna að því að koma sér upp heitavatnskyndingu í stað rafmagnskyndingar.

# Húsnæðisskortur ríkir á Tálknafirði

**Tálknafjarðarhreppur vill kanna hvort grundvöllur sé fyrir byggingu íbúðarhúss fyrir aldraða og leysa úr húsnæðisskorti. Eitt hús verið byggt frá aldamótum.**

**LANDSBYGGÐIN** Eftir tuttugu ára samdráttarskeið á Tálknafirði er nú svo komið að mikil eftirspurn er eftir húsnæði í bænum. Höskuldur Steinarsson, framkvæmdastjóri Fjarðarlax sem rekur ört vaxandi laxeldi á staðnum, hefur til að mynda lýst yfir áhyggjum sínum af því að ekki verði til leiguhúsnæði fyrir starfsfólk á staðnum í nánustu framtíð.



**EYRÚN INGIBJÖRG SIGÞÓRSDÓTTIR**

Að sögn Eyrúnar Ingibjargar Sigþórsdóttur oddvita hyggst hreppurinn bregðast við þessu með því að kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að reisa íbúðir fyrir aldraða á Tálknafirði. „Við teljum að ef eldra fólk geti hugsað sér að flytja í slíkar íbúðir þá sé sú leið betri fyrir okkur til að létta á þessu, frekar en að fara að byggja íbúðarhús,“ segir hún. Aðeins eitt íbúðarhús hefur verið reist á Tálknafirði frá aldamótum. Hún segir enn fremur að mest sé eftirspurnin eftir leiguhúsnæði enda vilji fólk fyrst leigja áður en það festi kaup á húsnæði.

Næg atvinna er á Tálknafirði en Eyrún Ingibjörg segist þó undrast, í ljósi þess atvinnuleysis sem ríkir í landinu, að Íslendingar skuli ekki hafa sótt um né spurst fyrir um vinnu í fiskvinnslu á staðnum. „Það er eins og það hvarfli ekki að Íslendingum að fara að vinna í fiski en ég er nú þeirrar skoðunar að það sé alltaf betra fyrir sálartetrið að hafa atvinnu en að sitja heima við,“ segir hún. Það kemur þó ekki að sök fyrir fiskvinnslu á staðnum því Pólverjar sækjast eftir þessum störfum.

> Það er eins og það hvarfli ekki að Íslendingum að fara að vinna í fiski en ég er nú þeirrar skoðunar að það sé alltaf betra fyrir sálartetrið að hafa atvinnu en að sitja heima við.
>
> EYRÚN INGIBJÖRG SIGÞÓRSDÓTTIR ODDVITI TÁLKNAFJARÐARHREPPS

Eins hefur orðið mikil ásókn í sjóstangveiði á Tálknafirði og sagði Finnur Jónsson, stjórnarformaður Sumarbyggðar, í Fréttablaðinu í síðasta mánuði að um helmings aukning hefði orðið á komu ferðamanna þangað miðað við árið í fyrra. Eyrún Ingibjörg segir að stundum hafi verið erfitt að koma öllu ferðamönnunum á svæðið. „Það sem háir okkur hér á sunnanverðum Vestfjörðum er að okkur vantar lengri flugbraut en Fokkerinn getur ekki lent á flugbrautinni á Bíldudal fullleстaður. Við höfum því þurft að leita til Flugfélagsins Ernis til að koma öllum ferðamönnunum á svæðið en það hafa reynst okkur mjög vel í gegnum tíðina,“ segir hún.

Þar að auki stendur fyrir dyrum að bora eftir heitu vatni á Tálknafirði nú á haustdögum en eins og gengur á Vestfjörðum verða Tálknfirðingar að láta sér nægja rafmagnskyndingu. Eyrún segir það því mikið hagræði ef hægt verði að leysa hana af hólmi með heitavatnskyndingu.

jse@frettabladid.is

Skemmdarverk í Danmörku:

# Nokkur þúsund minkar sluppu

**DANMÖRK** Hátt í þrjú þúsund minkar sluppu úr búrum sínum í grennd við Assens á Fjóni í Danmörku á mánudag. Um 30 íbúar hverfisins þurftu að smala saman minkunum og koma þeim aftur í minkabúið.

Óprúttnir aðilar klipptu göt á vírnet á búinu, sem gerði það að verkum að um helmingur minkanna sem á búinu voru slapp út.

Greint var frá því í dönskum fjölmiðlum í gær að smölunin hefði gengið vonum framar og nær öllum minkunum hefði verið komið aftur í búið. - sv

Ökumenn líklega orðnir varfærnari á Vestfjörðum í ár heldur en undanfarin ár að sögn lögreglu:

# Ákeyrslum á sauðfé fækkar til muna

**BÚFJÁRHALD** Ákeyrslum á sauðfé á Vestfjörðum hefur stórfækkað milli ára að sögn Önundar Jónssonar, yfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á Vestfjörðum. Það sem af er þessu ári hafa komið upp 44 mál þessa eðlis, en þau voru 76 talsins á sama tímabili í fyrra.

Önundur bendir á að fjöldi mála segi ekki alla söguna um fjölda þess fjár sem ekið hefur verið á. Oftar en ekki sé ekið á fleiri en eina kind í senn.

„Það er þó ljóst að fjöldinn sem orðið hefur fyrir bílum í ár er mun minni heldur en í fyrra, því málin eru svo miklu færri nú.“

> Svo getur verið að ökumenn séu betur vakandi í kjölfar umræðu sem orðið hefur um þetta viðvarandi vandamál.
>
> ÖNUNDUR JÓNSSON
> YFIRLÖGREGLUÞJÓNN Á VESTFJÖRÐUM

Önundur kveðst ekki kunna einhlíða skýringu á þessari fækkun.

„Ég veit ekki hvort búfjáreignin á Vestfjarðakjálkanum hefur eitthvað breyst,“ segir hann. „Svo getur verið að ökumenn séu betur vakandi í kjölfar umræðu sem orðið hefur um þetta viðvarandi vandamál.“

Loks bendir Önundur á þá hugsanlegu skýringu að bændur hafi sleppt fénu seinna á fjall í ár heldur en árin á undan. Vorið hafi verið óvenju kalt og staðreynd sé að féð hafi verið lengur innan girðinga en undanfarin ár. - jss



**SAUÐFÉ** Sú ánægjulega þróun hefur orðið í ár að ákeyrslum á sauðfé hefur fækkað stórlega.



**FUKUSHIMA** 100.000 tonn af vatni voru notuð til að kæla kjarnorkuverið í Fukushima. Vatnið er nú verulega mengað og hættulegt, leki það út. NORDICPHOTOS/AFP

Kjarnorkuverið í Fukushima:

# Mikil geislun mældist í Japan

**JAPAN Mesta geislun sem mælst hefur í kjarnorkuverinu í Fukushima í Japan frá því að jarðskjálfti og risaflóðbylgja skemmdu það alvarlega í mars mældist nú á mánudag. Svæðið í kringum kjarnorkuverið var girt af án tafar en verið er að rannsaka af hverju geislunin rauk skyndilega upp.**

**Enn er unnið að því að takmarka skaðann af kjarnorkuslysinu en búist er við að þeirri vinnu ljúki í lok ársins. Risaflóðbylgjan eyðilagði kælikerfi þriggja kjarnakljúfa í kjarnorkuverinu, sem olli því að þeir ofhitnuðu og sprungu.** - mþl

1,2 milljónir bíla innkallaðir:

# Ford innkallar fjölda pallbíla

**VIÐSKIPTI** Bandaríski bílaframleiðandinn Ford hefur innkallað 1,2 milljónir pallbíla í Bandaríkjunum og Kanada. Ástæðan er ótti um að eldsneytisgeymar bílanna geti dottið af og valdið eldsvoðum.

Innköllunin nær til pallbíla af ákveðnum gerðum sem framleiddir voru á árunum 1997 til 2004 og seldir í kaldari hlutum Norður-Ameríku. Óttast er að ólar sem halda geymunum föstum geti slitnað vegna tæringar af völdum vegasalts.

Talið er að gallinn hafi valdið átta eldsvoðum og því að einn hafi slasast. - mþl

Þakkaði lögreglu aðstoðina:

# Tekinn sofandi á ofsahraða

**LÖGREGLUMÁL Samtals 29 ökumenn voru kærðir fyrir of hraðan akstur á Vestfjörðum um helgina. Sá er hraðast ók mældist á 130 kílómetra hraða og þakkaði hann lögreglumanni fyrir að stöðva akstur sinn, með þeim orðum að hann hefði verið sofandi og ekki vaknað fyrr en farþegar hans bentu honum á að lögreglan væri að gefa honum merki um að stoppa.**

**Tveir ökumenn voru kærðir fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna og einn fyrir ölvunarakstur. Sex umferðaróhöpp urðu, þar af tvö þar sem fólk slasaðist minni háttar.** - jss


# Nýsköpunarstyrkir Landsbankans

**Með því að styðja við nýsköpun** og ný fyrirtæki eflum við atvinnulífið til framtíðar. Landsbankinn kynnti nýlega nýja þjónustu fyrir nýsköpunarfyrirtæki og nú verða nýsköpunarstyrkir veittir í fyrsta sinn úr Samfélagssjóði Landsbankans.

Úthlutað verður 27 styrkjum, samtals að fjárhæð 15.000.000 kr. Umsóknarfrestur er til og með 16. september 2011. Markmið nýsköpunarstyrkja Landsbankans er að gefa frumkvöðlum tækifæri til að þróa nýja viðskiptahugmynd, eldri viðskiptahugmynd á nýju markaðssvæði eða nýja vöru eða þjónustu. Nýsköpunarstyrkjum er jafnframt ætlað að styðja við frumkvöðla til kaupa á efni, tækjum eða sérfræðiþjónustu vegna nýsköpunar, eða sækja námskeið sem sannanlega byggir upp færni sem nýtist við þróun viðskiptahugmyndar.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is





Við leitum að góðu fólki

VISIR.IS og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – VISIR.IS

ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á VISIR.IS í viku





FRÉTTABLAÐIÐ VISIR.IS ...ég sá það á visir.is

## FRÉTTASKÝRING: Efnahagshorfur Bandaríkjanna



**ÓVISSUÁSTANDI AFSTÝRT?** Barack Obama forseti sagði að ný lög um hækkun skuldaþaks væru fyrsta skrefið í átt að jafnvægi í ríkisrekstri Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Skuldaþakið hækkað, en hvað tekur svo við?

**Bandarísk stjórnvöld geta loks horft fram á veginn í ríkisfjármálum eftir að frumvarp um hækkun skuldaþaks ríkissjóðs varð að lögum í gær, eftir margra mánaða harðar deilur. Frumvarpið felur í sér niðurskurð um hundruð milljarða á næstu tíu árum. Staða Obama forseta er talin hafa veikst, þar sem repúblikanar fengu flest af sínum baráttumálum í gegn.**

Samkomulag um hækkun skuldaþaks og framtíðarskipulag ríkisfjármála náðist milli leiðtoga flokkanna og forsetans um helgina. Frumvarp sem byggt var á því var svo samþykkt með miklum meirihluta í báðum deildum áður en Obama staðfesti þau með undirskrift sinni, á ögurstundu.

Hefði málið ekki verið leitt til lykta í gær hefði ríkissjóður orðið fjárvana og hvorki getað greitt af lánum, né borgað út bætur og laun. Óttast var að ef til þess kæmi, stæði ríkið frammi fyrir greiðslufalli og lækkun lánshæfismats, sem yrði afdrifaríkt fyrir efnahagskerfi heimsins.

Auk þess hefði ekki verið innistæða fyrir þeim 80 milljónum ávísana sem ríkið sendir út í hverjum mánuði, til dæmis til bótaþega og fyrrum hermanna

Í frumvarpinu felst að skuldaþakið, sem stendur nú í 14.300 milljörðum dala, hækkar samstundis um 400 milljarða og 500 milljarða til viðbótar í haust. Á móti kemur skuldbinding um að skorið verði niður í ríkisútgjöldum um sömu upphæð á næstu tíu árum.

Ekki er kveðið á um neinar skattahækkanir í frumvarpinu, sem var eitt af lykilatriðum repúblikana og olli miklum titringi innan raða demókrata, sem töldu rétt að skattar yrðu hækkaðir nokkuð á tekjuháa í stað niðurskurðar á bótakerfi og þjónustu hins opinbera.

Annað ákvæði í frumvarpinu lýtur að stofnun tólf manna nefndar þar sem jafnmargir fulltrúar eru úr báðum flokkum og báðum þingdeildum. Nefndin mun skila af sér frumvarpi um að minnka fjárlagahalla um alls 1.500 milljarða dala á næstu tíu árum.

Þar sjá demókratar tækifæri til að auka tekjur ríkissjóðs með frekari skattheimtu á stórfyrirtæki og auðuga einstaklinga.

Nefndin skal skila frumvarpi í nóvember, en náist ekki samkomulag verður flatur 1.200 milljarða dala niðurskurður árið 2013 í öllum málaflokkum, nema ellilífeyri og örorkubætur, sjúkratryggingar og atvinnuleysisbætur.

Loks má geta þess að frumvarpið felur í sér ákvæði um að tillaga til stjórnarskrárbreytinga, þar sem halli á fjárlögum er bannaður, verði lagður fyrir báðar deildir þingsins.

Margir demókratar og stuðningsmenn Obama eru ósáttir við þessi málalok þar sem þeim finnst sem að of langt hafi verið seilst til að friða hörðustu íhaldsmenn í röðum repúblikana. John Boehner, oddviti þeirra síðastnefndu og forseti fulltrúadeildarinnar, átti einmitt í talsverðum erfiðleikum með að tryggja frumvarpinu nægilegan stuðning.

Obama getur hins vegar þakkað fyrir að hann fékk þó sínu framgengt að skuldaþakið var hækkað nægilega til að hann þurfi ekki að hafa áhyggjur af því fyrr en eftir forsetakosningarnar á næsta ári, það er að segja ef hann nær endurkjöri.

Obama lét hafa eftir sér að vissulega væri um málamiðlun að ræða og enginn hafi í raun fengið allt sitt í gegn. Eftir að ljóst var að frumvarpið var endanlega samþykkt af öldungadeildinni sagði forsetinn þó að löggjöf þessi væri fyrsta skrefið í átt að jafnvægi í ríkisrekstri Bandaríkjanna og að nú væri runninn upp sá tími að hætt yrði að lifa um efni fram.

Ekki er enn útséð með afleiðingar þessarar baráttu þar sem bæði verður kosið til þings og forseta á næsta ári.

Augljóslega verður fróðlegt að sjá hvort þetta muni veikja stöðu Obama að einhverju leyti, en þó að repúblikanar hafi fengið margt sitt í gegn í málinu, var þó harðasti kjarni íhaldsmanna, sem oft eru kenndir við Teboðshreyfinguna, alfarið gegn hækkun skuldaþaksins og kann fulltrúum sínum í þingflokki repúblikana, sem studdu frumvarpið, væntanlega litlar þakkir.

thorgils@frettabladid.is

## Aftur til vinnu eftir skotárás



Þingkona demókrata, Gabrielle Giffords, mætti til atkvæðagreiðslunnar í fulltrúadeildinni í fyrradag og kaus með frumvarpinu. Þetta var í fyrsta sinn sem hún mætti í þingsal síðan hún særðist alvarlega í skotárás í heimafylki sínu í Arizona í mars síðastliðnum. Hún fékk skot í höfuðið þegar Jared Lee Loughner hóf skotárás á hóp fólks í verslunarmiðstöð í borginni Tucson. Sex létust og þrettán slösuðust í ódæðinu, en Loughner er í haldi lögreglu. Hann er talinn andlega vanhæfur til að svara til saka í bili.

Giffords sneri aftur heim eftir atkvæðagreiðsluna, en óvíst er hvort hún muni bjóða sig fram til endurkjörs á næsta ári.

## Hættuleg þróun að mati Nóbelshagfræðings



PAUL KRUGMAN

Nóbelsverðlaunahagfræðingurinn Paul Krugman er afar gagnrýninn á efni samkomulagsins um hækkun skuldaþaks ríkissjóðs og segir í pistli sínum í New York Times að Barack Obama forseti hafi gefist upp fyrir kúgunum repúblikana í fulltrúadeildinni.

Krugman segir þar að frumvarpið muni ekki afstýra efnahagslegum hörmungum, heldur þvert á móti skaða hagkerfið, sem standi þegar höllum fæti.

Þetta samkomulag muni sennilega verða til þess að vandamál varðandi hallarekstur ríkissjóðs muni ágerast. „... og umfram allt sýnir það að hreinar kúganir skila árangri, án þess að hafa nokkrar pólitískar afleiðingar, og mun það leiða Bandaríkin í átt til bananalýðveldis."

Krugman segir að niðurskurður í ríkisútgjöldum á samdráttartímum sé það versta sem til bragðs megi taka.

Repúblikanar hafi hvað eftir annað séð að Obama gefur eftir í ljósi hótana. Hann hafi þegar gefið eftir og framlengt Bush-skattahækkanirnar auk þess sem hann hafi gefið eftir í deilum um fjárlög næsta árs.

Krugman segir að þessi málalok muni hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir allt stjórnkerfi Bandaríkjanna þar sem hótanir og óbilgirni séu lykillinn að stefnumótun.

BK
BALDONI
KITCHEN FURNITURE

*... eitt hagstæðasta verðið á markaðnum*

# VANDAÐAR
## HÁGÆÐA ELDHÚS INNRÉTTINGAR

SUMAR TILBOÐ!

til afgreiðslu af lager



LINE Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, höldulaus

Allt að 40% afsláttur



COUNTRY Glerhörð, kámfrí áferð
Fulningur - hvítt lakkað, háglans



DUCALE Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, innfelld handföng

BLUM mjúklokun á öllum skúffum og hurðum



DUCALE
Ljós eik - innfelld handföng

## FATASKÁPAR

*Breiddir: 40, 50, 80 og 100 sm, hæð: 240 sm*

40% afsláttur



Ljós eik
innfelld handföng

Háglans - sprautulakkað
innfelld handföng

## ÞVOTTAHÚS innréttingar



Djúpar mjúklokandi skúffur og full útdraganleg vinnuborð

verð frá 58.970 stgr.

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þöggun kynferðisbrota hefur þótt sjálfsögð allt of lengi.

## Versti óvinurinn

Þöggun og meðvirkni er versti óvinur þolenda kynferðisbrota og um leið besti stuðningur sem brotamaður getur fengið til þess að halda athæfi sínu áfram. Þöggun og meðvirkni hefur jafnvel orðið til þess að brotamenn hafa náð að halda uppteknum hætti í sama umhverfinu ár eftir ár.

Lýsing tveggja einstaklinga sem komið hafa að starfi íþróttafélaga hvort með sínum hætti hér í blaðinu í gær á því hvernig foreldra- og iðkendasamfélög íþróttafélaganna snerust gegn þeim þegar þau beittu sér fyrir brottrekstri íþróttaþjálfara sem misbuðu nemendum sínum eru lýsandi fyrir þá meðvirkni og þöggun sem iðulega hefur átt sér stað í kringum kynferðisbrot. Í stað þess að horfa á brotið og þann sem fyrir því verður blossar upp meðvirkni með gerandanum.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Atvik sem þessi hafa vitanlega ekki bara komið upp í íþróttastarfi og alls ekki eingöngu í Hafnarfirði þótt greint hafi verið frá málum sem tengjast íþróttafélögum þar í bæ.

Kynferðisbrotamál geta komið upp, og hafa komið upp, í alls konar æskulýðs- og skólastarfi og dæmin úr Hafnarfirði undirstrika aðeins nauðsyn þess að skoða þessi mál annars staðar, og ekki aðeins kynferðisbrot heldur einnig annars konar ofbeldi sem á sér stað á börnum í starfi þar sem þau eiga að vera óhult.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar hefur sett á laggirnar nefnd til að móta starfsreglur um viðbrögð við einelti og kynferðisbrotum. Þetta ætti að vera öðrum fordæmi.

Það er löngu tímabært að börnum og unglingum sem verða fyrir kynferðisbrotum og öðru ofbeldi, andlegu og líkamlegu, í íþrótta-, æskulýðs- og skólastarfi sé búinn farvegur vegna brotanna. Ekki er síður mikilvægt að sá farvegur leiði til þess að þeir sem brotlegir gerist hverfi sem fyrst frá störfum sínum með börnum.

Umburðarlyndi samfélagsins gagnvart hvers kyns kynferðisbrotum og annars konar misnotkun á börnum og ungmennum hefur sem betur fer farið minnkandi. Þeir sem eldri eru muna eflaust eftir ýmsum óþægilegum atburðum úr æsku sinni, til dæmis í skóla, sem þeir hafa á fullorðinsárum áttað sig á að var ekkert nema brot gagnvart börnum, ofbeldisbrot eða blygðunarsemisbrot.

En það er ekki nóg að átta sig. Það þarf líka að bregðast við. Það getur vissulega verið verulega óþægilegt að þurfa að horfast í augu við mann sem maður þekkir af góðu einu og bera á hann kynferðisbrot. En þá ber í fyrsta lagi að hafa í huga að líf og hagur þolenda, stúlkna og drengja sem eiga rétt á sakleysi barnæskunnar, verður alltaf að vera í forgangi og svo hitt að kynferðisbrot eru lögbrot.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vinir nauðgara

Eyjan tók upp frétt og leiðara Fréttablaðsins í gær og sauð upp ágætis frétt. Tilefnið var nauðganir um verslunarmannahelgi. Athyglisvert var að fylgjast með þeim sem fundu sig knúna til að lyfta fingrum á lyklaborð og ræða um leiðarann og fréttina. Leiðarahöfundur var sagður vera með tregðuteppu og það sem út úr henni kæmi væri rauðsokkubeljandi. Þá fannst einum sex nauðganir nú ekki mikið, miðað við þann fjölda sem skemmti sér. Ógerlegt er að ímynda sér það sálarmyrkur sem menn búa yfir sem setjast niður og ráðast á talsmenn þess að tekið sé fyrir nauðganir.



### Langræknir Eyjamenn

„Ég spyr á móti, telur þú að þessi brot hefðu ekki verið framin ef starfskona Stígamóta hefði verið á svæðinu?" Svo mælti formaður Þjóðhátíðarnefndar í Fréttablaðinu í gær um nauðganir á Þjóðhátíð. Komið hefur fram að hann er enn ósáttur við Stígamót fyrir að hafa eitt sinn talað um fleiri kynferðisbrot á hátíðinni en á endanum voru framin. Umrædd hátíð var 1994. Er ekki kominn tími til að Eyjamenn láti af langrækni sinni og hleypi þeim sem best sinna fórnarlömbum nauðgana á svæðið?



### Botninum náð?

Í umdeildum tillögum mannréttindaráðs felst að heimsóknir trúarhópa á skólatíma í trúarlegum tilgangi séu óheimilar, heimsóknir á tilbeiðslustaði séu óheimilar nema undir handleiðslu kennara og sem liður í fræðslu, áfallahjálp presta verði heimil við sérstakar kringumstæður og hefðir tengdar gamalgrónum hátíðum og frídögum haldi sínum sessi. Hildur Jónsdóttir ritar grein í Fréttablaðið í gær. Þar telur hún tillögurnar lið í að útrýma skoðunum öðrum en valdhafa og vísar í að Hitler hafi gert slíkt hið sama. Vonandi er botninum náð í umræðunni.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Breytum lífi annarra

Hungursneyð



Gunnar Hersveinn

rithöfundur

Það skiptir ekki máli hvort það eru þúsund eða þúsund sinnum þúsund manns sem þjást, félagslegt óréttlæti eða hungursneyð – faðmurinn á að vera opinn. Það skiptir heldur ekki máli hvort neyðin er fjarlæg eða nálæg, það er iðulega gott að rétta fram hjálparhönd og andmæla því heimsskipulagi sem viðheldur ranglæti.

Við getum breytt lífi annarra, bæði viðhorfum samborgara okkar og lífsskilyrðum fólks í öðrum heimsálfum. Okkur bjóðast ótal tækifæri til þess. Án tafar getum við gefið pening til hjálparstarfa, við getum knúið á um breytingar og við getum jafnvel farið á vettvang sem sjálfboðaliðar. Allt, ef við bara viljum.

Þylja má upp ógnvekjandi tölur um neyð barna og fullorðinna, stundum vegna þurrka, stundum vega flóða og stundum vegna stjórnarfars. Hér er dæmi um tölu: Um það bil 700 þúsund börn í Austur-Afríku eru lífshættulega vannærð og þurfa á tafarlausri aðstoð að halda.

Mat skortir, lyf, hreint vatn, skjól og öryggi – allt þetta er til reiðu, allar forsendur, öll gæði. Hægt er að breyta heiminum til betri vegar á áratug – bara ef við viljum ryðja hindrunum úr vegi. Bíðum ekki eftir að gömlu heimsveldin rétti fram hramminn. Notum eigin hjálparhendur!

Fátækt, óréttlæti, efnahagslegt misrétti, pólitík og félagslega slæmar aðstæður vekja hatur og ofbeldi og viðhalda neyðinni. Misskipting gæða, kúgun, arðrán og áróður sem skipar fólki á bása eftir uppruna, trúarbrögðum, stjórnmálum veldur dauða saklausra. Vandinn er fjölþættur en lausnin er til – bara ef við viljum.

Magn skiptir ekki máli, nafn ekki heldur, ekki litarháttur, búseta, kyn, staða né neitt annað þegar beðið er um hjálp og mannúð. Aðstoðin er skilyrðislaus og enginn á að þurfa að greiða hana til baka. Hún er gjöf sem gott er að gefa og hefur gæfu að geyma.

Okkur ber að standa vörð um gæðin sem við búum við – en við eigum þau ekki skilið nema við leyfum öðrum að njóta. Fyrst í stað gefum við nauðsynjar og síðan þekkingu til að breyta lífsskilyrðum til betri vegar og jafna hlutskipti milli manna. Heimsskipulag þar sem fámennur karlahópur þykist eiga 99% auðs í heiminum skapar aðeins neyð fyrir æ fleiri. Slík heimsskipan má gjarnan hrynja.

Íslendingum býðst núna tækifæri til að gefa hjálparsamtökum sem koma börnum og fullorðnum í Austur-Afríku til hjálpar um þessar mundir. UNICEF á Íslandi, Rauði krossinn og Hjálparstarf kirkjunnar eru meðal þeirra sem koma gjöfunum til skila. Gefum og tökum síðan til við að breyta heiminum!

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Burt af hættusvæðinu

Efnahagsmál

Árni Páll Árnason
efnahags- og viðskiptaráðherra



Eftir efnahagshrun og langvinnt samdráttarskeið sjáum við sprota nýs vaxtar gægjast fram. Um allan hinn vestræna heim er enn mikil óvissa um efnahagsþróun. Stjórnvöld evruríkja þurfa að finna trúverðuga lausn á skuldavanda þeirra evruríkja sem skuldsettust eru. Lausnin mun til skemmri tíma fela í sér einhvers konar endurfjármögnum og mögulega endurmat á skuldum til að gera skuldugustu ríkjunum kleift að standa í skilum, án þess að leggja með því óbærilegar byrðar á þjóðirnar sem að baki standa. Til lengri tíma munu evruríkin þróa agaðri umgjörð um ríkisfjármál, til að tryggja að einstök ríki geti ekki skuldsett sig úr hófi og grafið þannig undan efnahagslegum stöðugleika á svæðinu öllu. Í Bandaríkjunum glíma menn við stjórnarfarslega lömun, þar sem öfgamenn úr hópi repúblíkana berjast af trúarlegri sannfæringu gegn öllum hækkunum á sköttum og eru tilbúnir að beita öllum brögðum í þeirri viðureign.

### Ísland í vari

Þessi staða hefur áhrif á Ísland. Neikvæð efnahagsþróun á mikilvægustu útflutningsmörkuðum okkar hefur áhrif á okkur. Mikilvægustu útflutningsafurðir okkar eru allar mjög viðkvæmar fyrir kaupmáttarþróun almennings. Ef harðnar á dalnum neitar fólk sér frekar um fisk og kaupir ódýrari mat og frestar kaupum á bílum, ísskápum og öðrum vörum sem ál er notað til framleiðslu á. Fyrir vikið getur ný kreppa í Evrópu haft alvarleg áhrif á útflutningstekjur okkar.

Almenn vantrú á getu ríkja til að standa við skuldbindingar sínar hefur líka áhrif á Ísland. Við vorum í hópi þeirra ríkja sem hvað mest vantrú var á, allt fram á þetta ár. Okkur hefur nú tekist að auka tiltrú á íslenskt efnahagslíf og hagstjórn, eins og sést best í þeim góðu kjörum sem fengust í alþjóðlegu skuldabréfaútboði ríkisins í júnímánuði. Ekkert er sjálfgefið við þann árangur. Hann byggir á skynsamlegri efnahagsstefnu og aga í ríkisútgjöldum.

Við þessar aðstæður skiptir öllu að standa vörð um þann mikla árangur sem þegar hefur náðst í efnahagsstjórninni frá hruni. Halli á ríkisútgjöldum er kominn úr 200 milljörðum í um 50 milljarða. Við förum nærri því að ná jöfnuði í ríkisútgjöldum, án tillits til fjármagnskostnaðar, á yfirstandandi ári og höfum stefnt að því að ná jöfnuði á ríkisútgjöldum á árinu 2013. Það sem skilur á milli Íslands og annarra landa sem átt hafa við erfiðleika að stríða í yfirstandandi efnahagskreppu er sú staðreynd að Ísland hefur rekið trúverðuga áætlun um jafnvægi í ríkisbúskap og staðið við þau metnaðarfullu markmið sem þar hafa verið sett. Þessi áætlun var mótuð út frá íslenskum hagsmunum og þörfum, en unnin og þróuð í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það er mjög mikilvægt að við sýnum áfram getu og dug til að reka ríkissjóð í jafnvægi, þótt samstarf okkar við AGS taki breytingum. Stefnubreyting nú væri skilaboð um að Íslendingum væri fyrirmunað að sýna þann sjálfsaga í ríkisrekstri sem nauðsynlegur er til að komast af hættusvæði ofskuldsetningar og lítils hagvaxtar og þyrftu til langframa á utanaðkomandi aðstoð að halda til að hafa skikk á innlendri hagstjórn.

> Við höfum náð miklum árangri og meiri en mörg önnur lönd geta státað af. Framundan er baráttan um að tryggja þann árangur í sessi.

### Leiðin fram

Framundan er glíma við fjárlög fyrir árin 2012 og 2013. Ljóst er að enn þarf að skera niður í ríkisrekstri til að koma jafnvægi á ríkisfjármálin. Ekki er auðvelt að auka skattlagningu og víða komið að þolmörkum þar. Ekki er auðvelt að minnka frekar fjárveitingar til óbreytts ríkisrekstrar. Framundan er því að taka annars konar ákvarðanir – ákvarðanir um að breyta umgjörð ríkisrekstrar og því þjónustuframboði sem ríkið ábyrgist og stendur skil á úr sameiginlegum sjóðum. Við þurfum að hugsa upp á nýtt hvert umfang ríkisrekstrar á að vera og skilgreina þrengra þau grundvallarverkefni sem við viljum að ríkið sinni. Dæmi eru um að stofnanir fái framlög á fjárlögum, þótt þær sinni ekki lögbundinni grundvallarþjónustu ríkisins og aðrar stofnanir sinni sambærilegri þjónustu án nokkurs ríkisframlags. Getum við náð utan um þetta?

Við þurfum líka að tryggja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Mörg ríki í skuldavanda glíma líka við skort á samkeppnishæfni og heilbrigðum framtíðarhorfum. Við höfum forskot þar, en getum gert enn betur. Við þurfum sjálfbæra orkunýtingu í sátt við náttúru og í takt við hagsveiflu. Landsvirkjun hefur nýlega sett fram athyglisverðar og metnaðarfullar hugmyndir í þessu efni. Markmiðið hlýtur að vera að orkuauðlindir skili hámarksarði, en séu ekki nýttar til að ná skammtímamarkmiðum um uppbyggingu á byggðapólitískum forsendum. Sama grundvallarviðmið hlýtur að ráða um framtíðarþróun sjávarútvegsins. Hann þarf að reka með arðsemissjónarmið að leiðarljósi, en ætla honum jafnframt að standa undir háu auðlindagjaldi í sameiginlega sjóði. Arðbært og samkeppnishæft atvinnulíf er nauðsynleg forsenda opins hagkerfis og afnáms gjaldeyrishafta.

Við höfum náð miklum árangri og meiri en mörg önnur lönd geta státað af. Framundan er baráttan um að tryggja þann árangur í sessi. Okkar bíður að sanna að við ráðum við það verkefni sem mörg önnur ríki eru nú að heykjast á – að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs, laga útgjöld að tekjum og takast á við sérhagsmuni og kyrrstöðuöfl í hverri grein. Er það á okkar færi?

# Kögunarhóll undir valtara

Ný stjórnarskrá

Lýður Árnason
læknir og fyrrv. stjórnarráðsfulltrúi



Í fyrri viku tók kögunarhóll Þorsteins Pálssonar nýja stjórnarskrá til umfjöllunar. Orðrétt segir að sumar hugmyndir séu nýtilegar en aðrar ekki eins og gengur. Hvergi er tiltekið hvaða hugmyndir má nýta og hverjar ekki. Á hinn bóginn er farið yfir málsmeðferð þingsins og fullyrt að ríkisstjórnin hafi dýpkað ágreining sinn við Sjálfstæðisflokkinn með því að halda til streitu hugmynd sinni um stjórnlagaþing. Segir Þorsteinn ennfremur það einsdæmi að ljúka heildarendurskoðun stjórnarskrár án samvinnu við næststærsta flokk þjóðþingsins. Viðhorf Þorsteins endurspegla þá hugmyndafræði að átakamiðja nýrrar stjórnarskrár sé innan þings en ekki utan. Um nákvæmlega þetta atriði hefur aldrei náðst samkomulag við Sjálfstæðisflokkinn og gott að halda því til haga.

Næst finnur Þorsteinn að stuttum starfstíma stjórnlagaráðs, að útilokað sé að búa til heilsteypta stjórnarskrá á fjórum mánuðum. Sannleikurinn er sá að gríðarlegur undirbúningur hefur átt sér stað, bæði með firnagóðri úttekt og tillögum stjórnlaganefndar, skipaðri af sérfræðingum á sínu sviði, og síðan með áhersluatriðum þjóðfundarins í fyrra. Grunnur alls þessa starfs er byggður á áralangri vinnu þingsins sem og erindisbréfum þjóðarinnar sjálfrar.

Með þetta veganesti var stjórnlagaráði ætlað að reka smiðshöggið á verkið og færa þjóðinni nýja stjórnarskrá. Það tókst, einróma 25-0 allra ráðsliða. Þorsteinn nefnir ekki þá merku staðreynd. Hinsvegar ámálgar Þorsteinn tímakreppuna og segir hana svo íþyngjandi að ekki hafi tekist að fullvinna greinargerðir og skila með lokaskjalinu. Sem er rétt en afhjúpar ágætlega hug hans til verksins.

Þorsteinn kallar frumvarp stjórnlagaráðs áfanganiðurstöðu. Reyndar er ég sammála en á öðrum forsendum. Þorsteinn vill álagsprófa hina nýju stjórnarskrá með álitum sérfræðinga og tiltekur réttarheimspeki, stjórnmálafræði, hagfræði og lögfræði. Nefnir þessu til stuðnings ný fiskveiðistjórnunarlög sem átti að afgreiða án slíkrar aðkomu. Það er ágætt því einmitt sá ferill endurspeglar prýðilega hve fingraför sérfræðinga og hagsmunaaðila fara vel saman. Þorsteinn gleymir hér meginstoð markátakandi álagsprófs sem er þjóðin sjálf. Hún er besti sérfræðingurinn og hún ein á að segja til um hvort hin nýja stjórnarskrá sé nothæf eða ekki.

Þorsteinn efast um nægilega ígrundun stjórnlagaráðs, hvað skuli standa í stjórnarskrá og hvað í lögum. Þetta er vissulega álitamál en um leið matsatriði. Skjal stjórnlagaráðs er í þessu sem öðru málamiðlun allra ráðsliða og gildandi sem slíkt. Fjölgun þjóðaratkvæðagreiðslna telur Þorsteinn minnka vinnuálag þingsins og ábyrgð. Ekki get ég séð það nema síður sé. Þjóðarfrumkvæði nýrrar stjórnarskrár gerir beinlínis ráð fyrir þátttöku þingsins og aukið aðhald almennings eykur að sama skapi ábyrgð þingsins. Það er því engin mótsögn í hinni nýju stjórnarskrá varðandi þetta.

Sé kögunarhóll Þorsteins Pálssonar dæmigerður fyrir viðhorf hófsamra sjálfstæðismanna þarf ekki að fjölyrða um afstöðu harðlínumanna. En einmitt þessi hræðsla við aðkomu þjóðarinnar að eigin málum skýrir áratuga töf og vafstur þingsins við mótun nýrrar stjórnarskrár. Þinginu reyndist ómögulegt að klára verkið og þannig vilja sumir hafa það áfram. Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur veitti þjóðinni hinsvegar frumkvæði í þessu efni og það ber að þakka.

Heildstæð tillaga stjórnlagaráðs liggur nú fyrir. Ekkert ríki skartar fullkominni stjórnarskrá en í anda þeirrar hugmyndafræði sem lagt var upp með hljóta allir landsmenn að teljast sérfræðingar þegar álagsprófa skal hina nýju stjórnarskrá. Andspænis þeirri breiðfylkingu mega valdaklíkur síns lítils og þangað er því best að leita.

100.000.000
+700.000.000
800.000.000
ÞÚ TALDIR RÉTT:
800 MILLJÓNIR



Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 700 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með!**
**Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 3. ÁGÚST 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA

# Veiking stjórnmálaflokkanna

Tillögur Stjórnlagaráðs
Haukur Arnþórsson
stjórnsýslufræðingur



Staða stjórnmálaflokkanna hefur veikst mikið á umliðnum árum og mörg einkenni veiks flokkakerfis eru nú þegar staðreynd. Stjórnlagaráð, vel hvatt af almenningsálitinu og netverjum, gerir tillögur um enn frekari veikingu þeirra með nýjum tillögum sínum um kosningakerfi og val á frambjóðendum á lista, þar sem uppröðunarvald er tekið af flokkum og opnað fyrir persónukjör þar sem velja má stjórnmálamenn frá ólíkum flokksframboðum, sem gæti gert framboð flokkanna merkingarlítil. (Tillögur ráðsins um að kjósendur geti kosið frambjóðendur í öðrum kjördæmum verða varla teknar alvarlega. Kjördæmaskipting er úrræði lýðræðisins þegar fólk býr við mjög ólíkar aðstæður eftir búsetu).

**Ótækt kosningakerfi**

Af stjórnmálastofnunum móta stjórnmálaflokkarnir og kosningakerfið heildarsvip lýðræðisins meira en aðrir þættir (Dahl 1998). Hlutverk kosningakerfis er jafnan að auðvelt sé að mynda ríkisstjórn og jafnvel helst eins flokks ríkisstjórn, því þær eru skilvirkastar. Því þarf kosningakerfið að magna upp fylgisbreytingar. Tillögur Stjórnlagaráðs draga augljóslega úr fylgisbreytingum og þær styðja ekki við þessi tvö helstu markmið við gerð kosningakerfa.

Þá er ekki síður alvarlegt að þær brjóta tvö af skilyrðum við mótun kosningakerfa eins og þau eru sett fram í bókinni: The International IDEA Handbook of Electoral System Design sem ritstýrt var af Reynolds og Reilly, (Sth. 1997) eða þau að kerfið sé einfalt og að það treysti samfellt starf stjórnmálaflokka.

**Þingræði kallar á starfhæfa flokka**

Stjórnlagaráð valdi þingræði sem stjórnkerfi landsins áfram. Í því kerfi er myndun starfhæfrar ríkisstjórnar meginverkefni flokka og í þingræði er ekki hægt að ganga mjög langt í þá átt að veikja stjórnmálaflokka. Ef einstaklingshyggja í kerfinu vex og flokksagi og flokksbönd veikjast og hálfgerð einstaklingsframboð stjórnmálamanna verða veruleiki, verður erfitt að mynda ríkisstjórn. Það gæti líka orðið erfitt að fella ríkisstjórn. Hópur stjórnmálamanna gæti sameinast um að verja stjórn falli og tryggt þannig aðkomu sína að stjórn landsins, enda þótt hann ætti ekki annað sameiginlegt en valdafíkn og ríkisstjórn væri í rauninni fallin í þeim skilningi að hún kæmi málum ekki fram.

> Ef einstaklingshyggja í kerfinu vex og flokksagi og flokksbönd veikjast og hálfgerð einstaklingsframboð stjórnmálamanna verða veruleiki, verður erfitt að mynda ríkisstjórn. Það gæti líka orðið erfitt að fella ríkisstjórn.

**Pólitískt umhverfi breytinga**

Stjórnlagaráð leggur til ýmis form beins lýðræðis í takt við kröfur á netinu. Það hefur sennilega einkum hin hefðbundnu áhrif að styrkja meirihlutavald á kostnað minnihlutahópa, sem er almennt talið afturhvarf til frumstæðs lýðræðis. Hafa skal líka í huga að í beinu lýðræði kemur háværr minni hluti oft fram í nafni meirihluta og í nafni pólitísks rétttrúnaðar.

Stjórnmál eru í vaxandi mæli framkvæmd á netinu og með aðferðum þess. Nýjar rannsóknir fræðimanna á áhrifum netsins á stjórnmál sýna að netið getur styrkt öfgar í samfélaginu og aukið skilningsleysi á andstæðum skoðunum, magnað upp rétttrúnað og valdið opinberri útskúfun þeirra sem fara „public sideways“ á netinu, eins og það er nefnt þegar gengið er í berhögg við almenningsálitið.

Samanlagt mynda kosningakerfistillögur Stjórnlagaráðs, innleiðing beins lýðræðis og einkenni netsins nýtt stjórnmálaumhverfi á Íslandi.

**Í versta tilfelli**

Í þessu nýja umhverfi gæti skapast hætta á að þingmenn skiptist í stjórnstjórnarandstaða innan flokka og það verði breytilegt hverjir verði í þeim hópum frá einu máli til annars. Þetta hefur þær afleiðingar að mjög erfitt verður fyrir ríkisstjórn að tryggja framgang mála, hver ríkisstjórn þarf nánast að smala köttum í hverju máli. Ríkisstjórnir gætu orðið veikar, án þess að geta fallið. Niðurstaða mála færi eftir því hvernig kaupin gerðust á netinu – sem einstakir þingmenn hlypu eftir til að tryggja stöðu sína. Rétttrúnaður og popúlismi hefðu því fengið kjöraðstæður til að blómstra.

Það að hver einstaklingur getur í persónukjöri kosið marga frambjóðendur á mörgum listum (jafnvel á landsvísu) þýðir að almenningur refsar ekki stjórnmálaflokkum eins og þarf til stjórnarskipta. Til þess þyrfti að minnsta kosti að refsa flokki með heilu atkvæði, hluti af atkvæði hefur lítil áhrif. Því getur ríkisstjórn setið mjög lengi. Þá gæti einhver sagt að atkvæðahlutirnir kunni að verða fleiri en ella. En það er ósennilegt, því fólk þarf ekki að refsa stjórnmálaflokkum yfirleitt í því kerfi sem hér er boðað. Stjórnarandstaða getur eins vel verið innan sama stjórnmálaflokks og á að refsa. Því má leiða líkur að því að fylgissveiflur milli flokka minnki mikið.

**Samantekt**

Það vekur undrun að Stjórnlagaráð velji þingræði sem stjórnkerfi, en kippi svo undan því fótunum með kosningakerfi sem veikir stjórnmálaflokkana enn frekar og sem brýtur í bága við alþjóðlegar reglur um gerð slíkra kerfa. Dagskrárvald og stefnumótunarvald flokkanna gæti veikst, sem gefur rétttrúnaði netsins í dægurmálum nýtt svigrúm. Sennilegt er að myndun ríkisstjórna og fall þeirra verði erfitt í framkvæmd, ríkisstjórnir verði veikar fjölflokkastjórnir með loðinn stjórnarsáttmála, skipting þingmanna í stjórn-stjórnarandstöðu færist inn í flokkana og að stjórnarskipti verði fátíð.

Margir Íslendingar kunna að hafa fengið nóg af sterkum ríkisstjórnum og starfsháttum þeirra. Tillögur Stjórnlagaráðs um að veikja flokkana eru alls ekki svarið við því. Í Danmörku var hættan af einhliða ákvörðunum sterkra ríkisstjórna leyst með því að veita minnihluta þingmanna heimild til þess að skjóta máli til þjóðaratkvæðis, ef honum finnst á sig hallað. Það væri líka hæfilegt úrræði hér á landi. Í framkvæmd kallar sú regla ekki á þjóðaratkvæðagreiðslur, heldur það að samið er við minni hlutann í þinginu.


# Jákvæðar fréttir fyrir sumarið



Þú færð Fréttablaðið á 26 stöðum á Suðurlandi.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt**.

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.** Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

## Fjöldi lausasölustaða á Suðurlandi

| | |
|---|---|
| Olís, Höfn | Bónus, Hveragerði |
| N1, Höfn | Samkaup Strax, Laugarvatni |
| Nettó, Höfn | Samkaup Strax, Flúðum |
| N1 Fossnesti, Selfossi | Olís, Hellu |
| Minni Borg, Selfossi | Söluskálinn Landvegamótum, Hellu |
| Bónus, Selfossi | N1, Hvolsvelli |
| Olís, Selfossi | N1, Vík |
| Krónan, Selfossi | N1, Vestmannaeyjum |
| Samkaup Úrval, Selfossi | Olís, Vestmannaeyjum |
| Litla Kaffistofan, Ölfusi | Skýlið ehf, Vestmannaeyjum |
| Þrastalundur, Selfossi | Vöruval ehf, Vestmannaeyjum |
| Verslunin Árborg N1, Selfossi | Krónan, Vestmannaeyjum |
| N1, Hveragerði | Kjarval, Vestmannaeyjum |

**Það fá allir afmælisblöðru* á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**



*Meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft


# Alvöru lýðræði

Lýðræði
Kristinn Már Ársælsson
stjórnarmaður í Lýðræðisfélaginu Öldu



Í Porto Alegre í Brasilíu býr um ein og hálf milljón manns. Á hverju ári ákveða íbúarnir sjálfir í hvað peningar borgarinnar fara. Þátttökufjárhagsáætlunarferlið hefst þannig að áætlun síðasta árs er send út til hverfaráða sem halda opna fundi, ræða árangur síðasta árs og leggja drög að nýrri áætlun. Allir geta tekið þátt í að móta tillögur um uppbyggingu síns hverfis, t.d. byggingu sundlauga, viðhald garða og annað það sem við kemur borgarlífinu.

Hverfisráðin kjósa svo fulltrúa sem fer með tillögur hverfisins á næsta stig þar sem fulltrúar hverfanna hittast. Þar eru tillögurnar samræmdar og þeim forgangsraðað. Reynslan hefur sýnt að eftir að íbúarnir tóku við af stjórnmálamönnunum hafa fjármunir færst frá ríkari hverfum til fátækari. Allir fundir eru opnir og upplýsingar aðgengilegar borgurunum. Þegar búið er að samræma og forgangsraða er lokatillaga samþykkt og send til borgarstjórnar sem annað hvort formlega samþykkir áætlunina eða sendir hana aftur til íbúanna – en það gerist nær aldrei. Á öllum stigum hefur almenningur aðgang að sérfræðiþekkingu og námskeiðum til þess að gætt sé að faglegum forsendum.

> Fjármunir hafa færst frá ríkum til fátækra og dregið hefur verulega úr spillingu. Grasrótarstarf og félagasamtök hafa eflst og þátttaka haldist góð.

Í Porto Alegre verja íbúarnir án milligöngu stjórnmálamanna rúmlega 20 milljörðum árlega með skynsamlegum hætti í uppbyggingu borgarinnar. Þegar ferlið var tekið upp naut stór hluti borgarinnar ekki vatns- og skólpþjónustu, skólaþjónusta var slök og spilling algeng. Í dag njóta nær allir, eða um 98%, vatns- og skólpþjónustu og fjöldi skóla hefur fjórfaldast. Fjármunir hafa færst frá ríkum til fátækra og dregið hefur verulega úr spillingu. Grasrótarstarf og félagasamtök hafa eflst og þátttaka haldist góð. Fleiri þjóðfélagshópar koma nú að borðinu en áður, m.a. þeir sem hafa lágar tekjur og litla menntun en þeir hópar hafa ekki átt upp á pallborðið í flokka-fulltrúalýðræði eins og er t.d. hér á landi. Þó þarf að styðja sérstaklega við bakið á jaðarhópum og hvetja til þátttöku.

Í frumvarpi til sveitarstjórnarlaga sem liggur fyrir Alþingi eru ákvæði sem gera almenningi kleift að knýja fram borgarafundi og íbúakosningar. Lýðræðisfélagið Alda leggur til að gefin verði sérstök heimild fyrir samsvarandi ferli og í Porto Alegre og að almenningur geti kallað eftir því að ákvarðanir séu færðar í hendur íbúanna. Samkvæmt frumvarpinu eiga borgarafundir og íbúakosningar aðeins að vera ráðgefandi fyrir stjórnmálamennina. Aldan hefur sent ráðamönnum ábendingu um að valdið sé í höndum fólksins og krafist þess að íbúakosningar og borgarafundir séu bindandi samkvæmt lögunum.

# Brostu!
# SPARIDAGAR
## eru byrjaðir

Sparidagar 2011

Jamie Oliver
Tefal
EÐAL POTTAR OG PÖNNUR





20% afsláttur

brabantia
Heimsþekkt hönnun



20% afsláttur

BRAUÐBOX · FÖTUR

Pioneer XW-NAC3





iPod og iPhone vagga - spilar og hleður
Internet tengi fyrir internet útvarp og DLNA
Bluetooth tenging · USB tengi · Svört / rauð / hvít

*á SPARIDÖGUM:* **59.900**
Listaverð: 89.900 kr.

OLYMPUS FE 5050



14 milljón pixlar · 5x aðdráttur (super-wide)
Linsa: 26-130mm · Skjár LCD 6,9cm (2,7")
Litir: Silvur, gull og bleik

*á SPARIDÖGUM:* **18.900**
Listaverð: 29.900 kr.

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

TILBOÐ!
AFSLÆTTIR!
VERÐLÆKKUN!

VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR Í NÍU MÁNUÐI

SHARP XL-UH1H



Hljómtækjastæða
Geislaspilari og útvarpi
Magnari: 2x10W RMS

*á SPARIDÖGUM:* **23.900**
Listaverð: 29.900 kr.

SHARP LC40LE820





40" LED–Sjónvarp
*á SPARIDÖGUM:* **189.900**
Listaverð: 249.900 kr.

Þvottavél LAVAMAT 64840





1200 sn. / 6 kg
*á SPARIDÖGUM:* **99.900**
Listaverð: 119.900 kr.

Þurrkari LAVATHERM T55460





Barkalaus / Rakaskynjari / 6 kg.
*á SPARIDÖGUM:* **99.900**
Listaverð: 119.900 kr.

AEG



20% afsláttur

Ofnar og helluborð
*– NÝ GLÆSILEG LÍNA –*

**20% afsláttur af AEG**
*kaffivélum, brauðristum, straujárnum, handþeyturum, töfrasprotum, hraðsuðukönnum, espressovélum **o.m.fl.***

Þvottavél LAVAMAT 64840





1400 sn. / 6 kg
*á SPARIDÖGUM:* **109.900**
Listaverð: 129.900 kr.

Uppþvottavél
FAVORIT 45010-W





12 manna stell / 5 þvottakerfi
*á SPARIDÖGUM:* **89.900**
Listaverð: 99.900 kr.

Pioneer DEH-4300UB
*Frábært bíltæki!*



Geislaspilari · Útvarp með 24 stöðva minni
4x50 W MOSFET magnari · USB og Aux in tengi
á framhlið · iPod og iPhone Ready

*á SPARIDÖGUM:* **25.900**
Listaverð: 35.900 kr.

SCOTT CSX98
ÚTVARPSVEKJARI





*á SPARIDÖGUM:* **4.990**
Listaverð: 6.900 kr.

Verbatim
20% afsláttur
Heyrnartól · Minniskort · Minnislyklar

OBH NORDICA



PIZZAOFN
*á SPARIDÖGUM:* **14.900**



POPPVÉL
*á SPARIDÖGUM:* **9.900**

*Draumaryksugan er frá* AEG
ÞÆR GERAST EKKI BETRI!



20% afsláttur
AF ÖLLUM AEG RYKSUGUM

# ORMSSON
**Lágmúla 8 · Sími 530 2800**
**www.ormsson.is**

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 |

# Hrútar á haug og aðrir heimsborgarar

Landbúnaður

Þórólfur Matthíasson
prófessor í hagfræði við HÍ



Kindakjötsframleiðendur hafa í tímans rás ýmist flutt út kjöt eða fargað til að takmarka framboð og hækka verð á innanlandsmarkaði. Útflutningur kindakjöts er ekki og hefur ekki verið útlátalaus fyrir skattgreiðendur á Íslandi. Í þessari grein verður gerð tilraun til að útskýra gangvirki förgunar og útflutnings kindakjöts jafnframt því sem reynt verður að svara þeirri spurningu hvort réttlætanlegt sé að flytja kindakjöt til útlanda í þeim tilgangi að afla gjaldeyris.

**Förgun kjöts**

Í fréttaskýringu í Fréttablaðinu þann 28. júní síðastliðinn er farið yfir skipulag sölumála á kindakjötsmarkaðnum á Íslandi. Í fréttaskýringunni kemur m.a. fram að förgun svokallaðs skilakjöts kostaði tugi milljóna á ári. Ekki fylgir fréttinni hvert söluverð eða kostnaðarverð hins fargaða kjöts er, en ekki þarf að fara í grafgötur með að þær tölur hlaupa á hundruðum milljóna. Þessi förgun er tilkomin vegna þess fyrirkomulags á kjötsölu sem afurðastöðvar landbúnaðarins hafa komið á. Afurðastöðvarnar eða aðrir vinnsluaðilar eiga kjötið þar til það hefur verið selt neytandanum. Þetta fyrirkomulag kemur í veg fyrir að smásalinn bjóði neytendum kjötvörur sem eru að nálgast síðasta söludag á lækkuðu verði. Þess í stað kemur sendibíll frá afurðastöðinni með nýjar birgðir og flytur kjötið sem er næstum útrunnið til förgunar. Förgunaraðferðir hafa breyst síðan 1987 þegar hrútakjöt var keyrt á haugana, en förgun er förgun bæði nú og 1987.

Kjötkaupmenn og afurðastöðvamenn sem ég hef talað við hafa bent á þrjár athygliverðar staðreyndir: Í fyrsta lagi er miklu minni rýrnun í hvíta kjötinu en í kindakjötinu, í öðru lagi hefur dregið mjög úr yfirfyllingu kindakjötskælanna eftir að krónan féll og útflutningsmarkaðir fóru að gefa meira. Í þriðja lagi er bent á að í framleiðslu hvíta kjötsins séu markaðslögmál virk og að offramboð verði til þess að framleiðendur fái að hætta og jafnvel að fara á hausinn. Þessar staðreyndir benda til þess að afurðastöðvar landbúnaðarins geti haft stjórn á hversu miklu er fargað af kindakjöti og að förgunin sé liður í að halda uppi verði á þessháttar kjöti. Hvernig svo sem þessu er háttað þá er það staðreynd að kjöt af hrút og gimbur sem áður fór þurrkryddað eða bláberjalegið til förgunar í innlendri sorpeyðingarstöð fer nú í utanlandsreisu. Skoðum í hvaða mæli sú reisa er á kostnað íslenskra skattgreiðenda.

**Niðurgreiðsla á útfluttu lambakjöti.**

Forsvarsmenn bænda halda því gjarnan fram að ekki sé lengur greitt með útflutningi lambakjöts, enda hafi útflutningauppbætur verið aflagðar árið 1992. En ekki er allt sem sýnist þegar styrkjakerfi landbúnaðarins er annars vegar. Íslenskir skattgreiðendur leggja gífurlega fjármuni til lambakjötsframleiðslunnar í formi beingreiðslna. Beingreiðslur og gæðastýringarálag vegna sauðfjárframleiðslu nam um 3 milljörðum króna á síðasta ári. Samkvæmt búreikningum koma nærri 40% tekna sauðfjárbænda frá hinu opinbera. Hagstofan upplýsir að fob-verðmæti útfluttra sauðfjárafurða hafi verið um 2,75 milljarðar króna árið 2010. Samkvæmt Hagtölum landbúnaðarins nam greiðslumark ársins 2010 í kindakjöti um 6,7 þúsundum tonna meðan innanlandssalan nam um 6,1 þúsundi tonna. Meðlag ríkisins með útflutningi felst því í beingreiðslum og gæðastýringarálagi vegna þeirra 600 tonna sem eru innan greiðslumarks og eru flutt út. Upphæðin nemur um 400 milljónum króna. Hærri upphæð fæst sé beingreiðslum dreift á hvert framleitt kíló. Þannig reiknað verður meðlag hins opinbera með útfluttum sauðfjárafurðum um 1,2 milljarðar króna, enda er nú meira en þriðja hvert kíló sauðfjárafurða flutt út. Þessu fé væri líklega betur varið með öðrum hætti en til að auka fjölbreytni í kjötframboði í erlendum stórmörkuðum. Ekki skiptir máli hvaða nafn þessum greiðslum er gefið á þriðju hæðinni á Hótel Sögu, þær stuðla að slæmri meðferð á opinberu fé hvert sem heitið er.

> Íslenskir skattgreiðendur leggja gífurlega fjármuni til lambakjötsframleiðslunnar í formi beingreiðslna. Beingreiðslur og gæðastýringarálag vegna sauðfjárframleiðslu nam um 3 milljörðum króna á síðasta ári.

**Gjaldeyristekjusköpun sauðfjárbænda rýr**

Útflutningstekjur vegna útflutnings sauðfjárafurða námu 2,75 milljörðum króna árið 2010 eins og fyrr sagði. Bændur fá á bilinu 0,4 til 1,2 milljarða króna beint frá hinu opinbera til að framleiða þessa 2,75 milljarða af útflutningstekjum. Það væri hægari leikur fyrir hið opinbera að versla þessa 0,4 til 1,2 milljarða króna í gjaldeyri beint við bankana en að senda þessa peninga fyrst í ferðalag upp í sveit. En þar með er ekki öll sagan sögð því bændur þurfa að kaupa erlend aðföng, olíu, áburð, dráttarvélar, varahluti, heyrúlluplast og fleira fyrir um 1,1 milljarð króna til að framleiða afurðir sem gefa af sér 2,75 milljarða króna í útflutningstekjur. Hreinar gjaldeyristekjur séð frá sjónarhóli almennings í landinu vegna þessarar starfsemi er því 0,45 til 1,25 milljarðar króna. Lauslega áætlað eru það um 800 manns sem vinna við þessa gjaldeyrisöflun sauðfjárbænda. Ætli bein og óbein gjaldeyrissköpun 40 til 100 álversstarfsmanna sé ekki eitthvað af svipaðri stærðargráðu? Sagt með öðrum orðum: Sé tilgangurinn með því að flytja kindakjöt út frekar en að bjóða það á innlendum markaði sá að afla útflutningstekna væri margfalt hagkvæmara að grípa til annarra meðala. Fimmtíu til hundrað verkamenn í hefðbundinni útflutningsframleiðslu gætu leyst þessa átta hundruð bændur undan sínu striti. Sjö hundruð manna harðsnúið lið myndi geta tekist á við brýn verkefni um allt land. Sagt með enn öðrum hætti: Framleiðsla kindakjöts til útflutnings er örugglega ekki þjóðhagslega hagkvæm iðja, og þó er ekki tekið tillit til kostnaðar við gróðureyðingu sem starfseminni fylgir.

**Niðurlag**

Halldór Laxness lætur söguhetju sína Bjart í Sumarhúsum bregðast við ytra áreiti með því að hverfa með síminnkandi áhöfn sína og síminnkandi fjölskyldu hærra upp í heiðina og óbyggðirnar, á vit hægdrepandi sjálfsútrýmingar. Væri persónan Bjartur skrifuð inn í veruleika dagsins væri hann sjálfsagt látinn hefja gönguna í átt að Urðaseli með óskiljanlegu tauti um greiðslumark, fæðuöryggi, gjaldeyrisöflun, vonda menn í Brussel, sjálfstæði Íslendinga, forna búskaparhætti og glæsileik sauðkindarinnar umfram hænsn og svín. Vonandi hafa forystumenn Bændasamtaka Íslands ekki gert Bjart að fyrirmynd sinni. En margt af því sem þeir hafa aðhafst í nafni umbjóðenda sinna síðustu misseri á opinberum vettvangi gæti vissulega vakið upp spurningar í þá veru.

# Bær í eigu þjóðar

Samfélagsmál

Guðjón Ragnar Jónasson
menntaskólakennari



Kolbrún Elfa Sigurðardóttir
menntaskólakennari



Í huga íslensku þjóðarinnar skipa Þingvellir ákveðinn sess enda staðurinn sögufrægur og vinsæll áningarstaður til margra ára. Margir eiga góðar minningar úr sunnudagsbíltúrum þegar haldið var á Þingvöll og oft og einatt komið við á Hótel Valhöll. Eftir bruna Valhallar hefur mikið verið rætt um framtíð Þingvallastaðar. Mörgum finnst sem tómarúm hafi skapast á staðnum í kjölfar brunans. Uppi hafa verið margs konar hugmyndir um uppbyggingu á Þingvallastað. Í þeim efnum sýnist sitt hverjum en við erum í hópi þeirra sem söknum þess að geta hvergi áð á staðnum. Góður kaffibolli er nefnilega órjúfanlegur þáttur vel heppnaðrar Þingvallaferðar.

Á umliðnum misserum höfum við ásamt gönguklúbbnum okkar þrammað um Þingvelli og velt líkt og margir aðrir fyrir okkur framtíð svæðisins þar sem Valhöll stóð áður. Klúbbfélagar voru sammála um að ekki ætti að leggjast í neinar byggingaframkvæmdir þarna. Svæðið er kyrrsælt og heildarmynd þess ber að varðveita. Hins vegar vorum við samt á því að kaffinu þyrfti að gera betri skil. Þegar við ræddum málin komumst við að sameiginlegri niðurstöðu sem fól í sér samþættingu náttúruverndar og kaffidrykkju. Til þess að svo mætti verða vorum við sammála um að hvorki þyrfti að byggja neitt né breyta nokkru varðandi ásýnd staðarins.

Margir kunna að spyrja hvernig okkar ágæti gönguklúbbur komst að þessari niðurstöðu. Jú, þegar við sátum í kvöldroðanum í brekkunni fyrir ofan rústir Valhallar og horfðum til austurs urðum við fyrir hugljómun. Við sáum að á Þingvöllum er nefnilega til staðar nægjanlegt húsnæði fyrir kaffihús sem um leið gæti orðið vísir að safni og upplýsingamiðstöð. Húsið er upphaflega byggt 1930 og er 365 fermetrar að stærð og hefur fimm burstir.

Hér erum við að vísa í gamla Þingvallabæinn sem nú hýsir embættisbústað forsætisráðherra. Spurningin sem læddist að okkur í gönguklúbbnum var hvers vegna ríkisstjórnin gæfi ekki bara þjóðinni embættisbústaðinn. Við vorum sammála um að þar mætti koma fyrir snyrtilegu kaffihúsi með góðri salernisaðstöðu. Bærinn er að okkar mati fallegur og endurspeglar byggingargerð ákveðins tíma í þjóðarsögunni.

Ef gamli Þingvallabærinn fengi nýtt hlutverk mætti segja að ríkisstjórnin gæfi þjóðinni bústað sinn. Hér yrði um táknrænan gjörning að ræða enda er það okkar mat að engin þörf sé á að embætti forsætisráðherra fylgi sumarhús. Við teljum að sérstök fríðindi og íburður ráðamönnum til handa passi ekki við hið nýja Ísland sem ráðamenn boðuðu að afloknu efnahagshruni. Ef halda þarf veislur fyrir tigna erlenda gesti á vegum hins opinbera er það okkar mat að áfram megi nýta salarkynni Þingvallabæjarins. Gestum hins opinbera er alls ekkert of gott að stíga inn í salarkynni sem jafnframt eru samboðin alþýðu þessa lands.

Með því að gefa þjóðinni gamla Þingvallabæinn er hægt að nýta brunabæturnar sem fengust þegar Hótel Valhöll varð eldi að bráð til uppbyggingar á Þingvöllum. Bætur þessar eru samkvæmt okkar upplýsingum um 300 milljónir. Hugmyndafræði ríkisstjórnar sem kennir sig við félagshyggju smellpassar við tillögu okkar um að gefa þjóðinni gamla Þingvallabæinn. Tillagan sparar ekki bara peninga og stuðlar að verndun Þingvalla. Ef af yrði væri um táknrænan gjörning að ræða sem rímar vel við þau gildi sem núverandi forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, hefur staðið fyrir í gegnum árin. Með því að gefa þjóðinni embættisbústað sinn yrði hún öðrum ráðamönnum fyrirmynd. Stjórnmálamenn nútímans skulu hafa hugfast að eftir stóra efnahagshrunið eiga þeir þjóðinni gjöf að gjalda.

> Með því að gefa þjóðinni gamla Þingvallabæinn er hægt að nýta brunabæturnar sem fengust þegar Hótel Valhöll varð eldi að bráð til uppbyggingar á Þingvöllum. Bætur þessar eru samkvæmt okkar upplýsingum um 300 milljónir.

# Hraðbraut lengi lifi!

Menntamál

María Hjálmtýsdóttir
kennari



Góðan dag. Mig langar að byrja á því að kynna mig. Ég er ekki hægrisinnuð, hef aldrei kosið Sjálfstæðis- eða Framsóknarflokkinn og er mjög á móti einkavæðingu allra hluta. En það breytir ekki því að ég er hlynnt valkostum og almennum sveigjanleika.

Þetta bréf fjallar þó ekki um mig og mína heimssýn. Ofangreint er bara rétt til að fyrirbyggja ásakanir um kapítalismarembu ýmiss konar.

Nema hvað. Þetta bréf fjallar um Menntaskólann Hraðbraut og lífið á bak við fyrirsagnirnar.

Nú hef ég bæði starfað við skólann en einnig í hinu opinbera menntakerfi og tel mig því hæfa til þess að hafa skoðun á skólanum og því starfi sem þar fer fram. Það er mín vissa og trú að það að loka skólanum vegna hvaða ástæðu sem er, séu mikil mistök. Þarna fer ekki aðeins fram faglegt starf góðra kennara, heldur er Hraðbraut lítið og litríkt samfélag þar sem nemendur blómstra og fá góðar undirstöður fyrir áframhaldandi nám. Í Hraðbraut þekkja kennarar alla með nafni og á milli starfsfólks skólans og nemenda sjálfra myndast samband sem er einstakt á þessu skólastigi. Nemendur eru fáir sem er gott vegna þess að nærri ógerlegt er að hverfa í fjöldann og fólk sem einhverra hluta vegna hefur helst úr lestinni í námi nær þarna upp þræðinum og klárar stúdentspróf með stæl. Í Hraðbraut læra nemendur einnig vinnuaga sem svo nýtist þeim í háskólanámi og þeir eignast vini sem fylgja þeim ævina á enda.

> Þarna fer ekki aðeins fram faglegt starf góðra kennara heldur er Hraðbraut lítið og litríkt samfélag þar sem nemendur blómstra...

Menntaskólinn Hraðbraut er valkostur sem á fullan rétt á tilveru sinni. Burtséð frá stjórnarfarslegum vandamálum hverskonar þykir mér ekki réttlætanlegt að leyfa skólanum sjálfum og því ómetanlega starfi sem þar fer fram að deyja drottni sínum. Það væri óréttlátt gagnvart þeim hópi ungmenna sem á erindi í þennan skóla. Hann er alls ekki allra, en enginn skóli er það. Fyrir þá sem þetta kerfi hentar er möguleikinn á því námi sem til boða stendur í Menntaskólanum Hraðbraut ómissandi. Ekki aðeins fyrir þá sem liggur á að komast í gegnum þetta skólastig, heldur einnig þá sem hafa hvergi fundið sig í hinu „venjulega“ skólakerfi og nýta sér þetta frábæra tækifæri til að ljúka prófi sem þeir annars hefðu jafnvel aldrei gert. Ég er viss um að fjölmargir þeirra hundraða nemenda sem klárað hafa skólann og fjölskyldur þeirra séu sammála mér.

Með þessu bréfi er ég hvorki að auglýsa skólann né koma mér í mjúkinn hjá einum né neinum. Mig langar bara að vekja máls á því hversu slæmt það væri ef skólastarfið í Menntaskólanum Hraðbraut verður látið lognast út af vegna vandamála sem bitna þá á þeim sem síst skyldi, en það eru nemendur og kennarar skólans. Það hljóta að vera til leiðir til þess að bjarga þessu litla samfélagi, ég trúi ekki öðru.

# Europris




**399**
GRILLKOL
2 kg

**TILBOÐIN GILDA 3.8 - 10.8. 2011**
EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

## ÓDÝRT FYRIR ALLA!



**-50%**
á öllum blómapottum



**13.990**
SLÁTTUVÉL
33 ltr safntankur
1300 W



Verð áður: kr 49.900

**35.990**
GASGRILL GRILLMAN
3 brennarar



Verð áður: 62.990

**39.990**
KÖRFUSTÓLL
Með púðum
Burðargeta: 120 kg
Hæð: 190 cm
Karfa: 78x115 cm



frá **6590**
VEISLUTJÖLD
3x3 m, kr 6590
3x6 m, kr 26.990
3x9 m, kr 39.990



**399**
HÖFUÐLJÓS

**2190**

ALLAR VÖRUR Á KR 2190 ALLAR VÖRUR Á KR 2190 ALLAR VÖRUR Á KR 2190 ALLAR VÖRUR Á KR 2190



MELISSA
HANDÞEYTARI



MELISSA
STRAUJÁRN



MELISSA
BAÐVIGT



MELISSA
pr stk
MINI HAKKARI/
HNÍFABRÝNI/
SAFAPRESSA



MELISSA
pr stk
HRAÐSUÐUKETILL/
BRAUÐRIST/
TÖFRASPROTI

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri


400 ml
499 pr stk
WELLA SJAMPÓ / HÁRNÆRING
400 ml
115 þvottar!
1990
BIO TEX, 5 KG
Fyrir hvítan og litaðan þvott
Allt að 115 þvottar!
99 pr stk
BÓMULLARVÖRUR
Bómull, 100 gr, kr 99
Skífur, 70 í pk, kr 99
399
SALERNISPAPPÍR
Sex rúllur
Maxi
399
TANNHIRÐA
Tannburstar, 3 í pk
Munnskol, 500 ml
399
ELDHÚSRÚLLUR
Þrjár rúllur
Maxi
399
ANDLITSÞURRKUR
Nivea
25 stk
249
TANNKREM
50 ml
0-6 ára
Colgate Smiles
249
SALERNISHREINSIR
750 ml
249
ILMÚÐI
300 ml
399
TANNKREM, 2 PK SAMAN
2x75 ml
149
MÝKINGAREFNI
500 ml
399
SVITALYKTAREYÐIR
Axe/Dove 50 ml
Verð pr stk
399
DOVE SJAMPÓ
250 ml
Verð pr stk
399
AXE STURTUSÁPA
250 ml
Verð pr stk
Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!



**Ólafsdalsfélagið** býður upp á námskeið um lífrænt grænmeti, ostagerð, söl og grjóthleðslu í Ólafsdal í ágúst og september. Matarnámskeiðin tengjast öll slowfood-hreyfingunni. Sjá nánar á strandir.is.




**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457










**Þórunn Pálína lagði Skotland undir fót og söng í brúðkaupi á dögunum.**



FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Tvístraðir Íslendingar í taumlausum dansi

„Ég fór til Edinborgar að syngja í brúðkaupi vina minna," segir Þórunn Pálína Jónsdóttir söngvari og lögfræðingur, yfirleitt kölluð Tóta, spurð út í nýlegt ferðalag. „En um leið var ég að hitta fullt af vinum, tólf manna hóp sem splundraðist í hruninu og flutti út um allan heim. Þeir voru komnir frá Ástralíu, Noregi, Þýskalandi, Íslandi og Grænlandi, aðeins tveir úr hópnum búa enn á Íslandi," segir Tóta.

Þessir vinir hennar eru allir miklir göngugarpar og höfðu aldrei haft erindi sem erfiði við að draga Tótu upp á fjöll fyrr en í Edinborg, þar sem þeim tókst að toga hana upp og niður hóla og hæðir. „Edinborg er ótrúlega falleg og fullt af hlutum að skoða. Við fórum í draugaleiðangur, skoðuðum kastala og Rosslyn-kapelluna þar sem sagan um DaVinci lykilinn endar," segir Tóta sem notaði tímann til að skoða lifandi flóru djassstaða í borginni og syngja á hljóðneminn-er-laus kvöldum.

Í brúðkaupinu varð Tóta fyrir undursamlegri upplifun í skoskírskum hópdansi sem heitir Ceilidh. Sporin eru auðlærð og takmarkið með dansinum er að finna sér dansfélaga, dansa svo við alla aðra á dansgólfinu samkvæmt ákveðnu kerfi og enda svo aftur á upphaflega dansfélaganum. „Þetta er mikið kapphlaup og maður verður alveg rosalega þreyttur. Ég er ennþá með marbletti þó að það séu þrjár vikur síðan ég kom heim. Ég hentist í gólfið þrisvar en hentist aftur á fætur því þetta var svo skemmtilegt. Ég datt meira að segja beint á andlitið," segir Tóta og skellir hlýlega upp úr en hún útskýrir að það sé alls ekki óvenjulegt að fólk detti í þessari hröðu sveiflu.

Í marga daga á eftir dansaði Tóta Ceilidh í huganum og enn þann dag í dag er hún með minjagripi úr ferðinni á líkama sínum. „Ég er með harðsperrur og marbletti úti um allt út af þessu. Þegar ég fer í sund fæ ég athugasemdir frá fólki sem segir: „Vá, hvað kom fyrir?," segir Tóta enda er eins og hún hafi lent í áflogum. Tóta ákvað því að bregða á það ráð og að stimpla inn fjasbókarstöðuna: „Þetta er bara Ceilidh, ekki heimilisofbeldi!" *nielsg@365.is*






**Engifer** getur slegið á ógleði sem fylgir ferðaveiki. Til forna tuggðu kínverskir sjómenn engiferrót til að draga úr sjóveiki. Flest ógleðilyf verka á heilann en engifer virkar á magann.













Bergsveinn, Garðar og Embla eru glöð á góðri stund.

# Íslensk eldfjöll í Svíþjóð

**Íslensku skátasveitirnar á heimsmóti skáta í Suður-Svíþjóð bera nöfn íslenskra eldfjalla. Sumir skátarnir heita líka náttúrulegum nöfnum, til dæmis hann Jökull Brjánsson sem er í sveitinni Kröflu.**

„Það skemmtilegasta við svona mót er að hitta fólk úr allri veröldinni. Mér skilst að þátttakendur séu orðnir um 48 þúsund, af frá 159 löndum,“ segir Jökull Brjánsson, einn af hátt í þrjú hundruð Íslendingum á heimsmóti skáta í Suður-Svíþjóð. Jökull er að verða sautján ára og kveðst hafa verið í skátunum í hátt í tíu ár. Þetta er fyrsta alheimsmótið hans.

„Það rigndi svolítið fyrstu dagana en nú er komin sól og yfir 20 stiga hiti,“ segir Jökull ánægður og kveðst ætla að fara að synda í stöðuvatni sem hann er staddur við. Hann segir hafa verið mjög gaman að taka þátt í uppbyggingu íslensku tjaldbúðanna. „Hér voru 76.600 spírur úr grenitrjám til að byggja úr og við létum bara hugmyndaflugið ráða þegar við bjuggum til hlið, eldhús, borð og bekki úr þeim,“ lýsir hann.



„Skemmtilegast er að hitta fólk úr allri veröldinni,“ segir Jökull, staddur á heimsmóti skáta í Suður-Svíþjóð. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

Þeir sem hafa ferðast lengst á heimsmótið eru skátar frá Fiji-eyjum, sem lögðu 15.613 kílómetra að baki en um skemmstan veg fóru skátar frá Kristianstad sem búa í rúmlega tíu kílómetra fjarlægð frá mótsstaðnum Rinkaby. Skátarnir frá Úganda komu hjólandi, þeir lögðu upp 13. maí og komu á leiðarenda 24. júlí.

Íslensk kjötsúpa og íslenskt sælgæti verður á boðstólum hjá íslensku skátunum á morgun þegar þátttökuþjóðirnar kynna sig hver fyrir annarri. En þegar mótinu lýkur ætla íslensku skátarnir að leggja lykkju á leið sína og ferðast til Norður-Svíþjóðar. „Minn flokkur fer til bæjar sem heitir Vindeln og er norðan við Umeå,“ segir Jökull. „Þar gistum við hjá skátum á svæðinu. Svo komum við öll heim hinn 11. ágúst í þremur flugvélum.“

*gun@frettabladid.is*









# ferðir

MIÐVIKUDAGUR 3. ÁGÚST 2011

## Lúxushótel fyrir ketti

**Áformað er að gera gagngerar endurbætur á Hótel Kattholti.**

SÍÐA 2





FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY



**SAMFERÐA** Vefsíðan www.globetropper.com aðstoðar notendur við að skipuleggja ferðalög og hafa í leiðinni uppi á samferðafólki í svipuðum hugleiðingum. Á síðunni er hægt að skoða sögur úr afstöðnum ferðalögum, sem eru jafn fjölbreyttar og þær eru margar, skipuleggja nýjar ferðir og bjóða fólki að vera með. Ferðirnar eru síðan flokkaðar út frá nokkrum þáttum, svo sem erfiðleikum, menningarsjokki, fjarlægð og áhættu. Þar er líka spjallvefur þar sem fólk skiptist á alls kyns hugleiðingum og hagnýtum upplýsingum. Hægt er að hafa samband við vefstjóra á slóðinni www.globetrooper.com/general/contact.



**HEIMILISLAUSIR MEÐ LEIÐSÖGN UM LUNDÚNIR** Ferðamenn upplifa borgir vissulega á annan hátt en íbúar þeirra. Undir fararstjórn Sock Mob Events um Lundúnir geta ferðamenn verið öruggir um að fá allt aðra sýn á borgina. Ástæða þess er að leiðsögumennirnir eru heimilislausir borgarar.

Hugmyndin að baki þessu er að gefa utangarðsfólki tækifæri til þess að gera eitthvað uppbyggilegt. Á sama tíma fá þátttakendur að kynnast borginni með augum heimilislausra ásamt því að fræðast um sögu hennar. Leiðsögumennirnir eru þjálfaðir og leiða göngur meðal annars um Shoreditch, Covent Garden, Brick Lane og Mayfair. Hver leiðsögn endar á sögulegum bar í nágrenninu þar sem tækifæri gefst til að kynnast leiðsögumanninum nánar.

Frekari upplýsingar á vefsíðunni www.sockmobevents.org.uk.

ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT
12V fjöltengi, 3falt/4falt M/USB
Verð frá 1.995,-
Hjólkoppar 12"/13"/14"/15"/16"
Verð frá 795,-
Straumbreytar 12V í 230V, margar gerðir
Verð frá 7.995,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-17, sun. kl. 13-17

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing
10 ÁRA 2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA
Allt sem þú þarft



Anna Kristine Magnúsdóttir segir að sig hafi alltaf dreymt um að verða hótelstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Alltaf dreymt um að verða hótelstjóri

**Áform eru uppi um að reisa lúxuskattahótel í Kattholti á komandi mánuðum.**

„Ef ég mætti ráða þá yrði móttaka með miðum eins og er á hótelum. Það er aldrei að vita hvað ég geri," segir Anna Kristine Magnúsdóttir, formaður Kattavinafélags Íslands. Áform eru uppi um að gera kattahótelið í Kattholti að lúxushóteli fyrir ketti á komandi mánuðum. „Þar sem súkkulaðimolar eru á koddunum á fínum hótelum er aldrei að vita nema við setjum rosalega gott kattanammi í hvert búr þegar kettirnir tékka inn."

Anna Kristine segir drauminn vera að breyta kattahótelinu í lítið sex stjörnu lúxushótel. Breytingarnar á hótelinu munu felast í því að smíðuð verða ný og stærri búr bæði fyrir kettina sem gista á hótelinu og þá sem eru í óskilum. „Þetta verða stærri búr en þeir eru í, þar sem þeir geta athafnað sig betur. Við erum komin með teikningar að búrunum en þurfum að finna út hver getur gert þetta fyrir okkur eða hvar við fáum þau," segir Anna Kristine og bætir við að einnig þurfi að mála hótelið upp á nýtt.



Áformað er að búrin verði stærri þegar kattahótelið verður sex stjörnu lúxushótel.

Að hennar sögn var kattahótelið alveg troðfullt um verslunarmannahelgina. „Fólk virðist vera betur meðvitað um að setja kisurnar sínar á Hótel Kattholt þegar það fer út úr bænum heldur en að skilja þær eftir heima þar sem einhver gefur þeim eða setja þær í fóstur," útskýrir Anna Kristine, sem segir vel hugsað um kettina á Hótel Kattholti. Þar sé leikið við þá og þeir fái mat, hlýju og ást.

Anna Kristine er innt eftir því hvernig verkefnið verði fjármagnað. „Kattholt stendur mjög illa fjárhagslega," segir hún með áherslu en upplýsingar um reikningsnúmer þar sem hægt er að styrkja Kattholt er að finna á heimasíðunni www.kattholt.is. „Peningaskorturinn háir okkur. Okkur vantar fólk sem er til í að hjálpa okkur að reisa þetta hótel. Eins ef einhverjir vilja gefa okkur málningu og ef það er einhver sem getur smíðað búr þá má sá gjarnan hafa samband við mig," upplýsir Anna Kristine, sem segir að sig hafi alltaf dreymt um að verða hótelstjóri. *- mmf*

# Ævintýraeyjan Ísland

Breska blaðið The Independent hefur birt lista yfir þau lönd sem þykja skara fram úr í ævintýraferðamennsku. Ísland er þar í öðru sæti yfir helstu iðnríki á eftir Sviss, en í næstu könnun á undan var Ísland í toppsætinu.

Listinn byggir á úttekt sem Samtök í ævintýraferðamennsku (ADTI) og George Washington-háskóli og ráðgjafarfyrirtækið Vital Wave Consulting gerðu á 195 löndum, þar sem þeim var skipt í iðnríki og þróunarríki og gefin stig að uppfylltum ákveðnum atriðum. Fjölbreytt afþreying, öryggi og náttúruauðlindir voru á meðal þeirra þátta sem mið var tekið af.

Athygli vekur að tvö önnur Norðurlandaríki eru á lista yfir



Ísland þykir vera langt komið í svokallaðri ævintýraferðamennsku samkvæmt The Independent. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

tíu efstu iðnríkin, það er Noregur og Svíþjóð. Bretland, Ástralía, Lúxemborg, Danmörk og Spánn hafa öll verið atkvæðamikil síðustu ár en ná ekki inn á listann að þessu sinni.



# Kúba

## 25. október

í beinu leiguflugi
25. október
– einstakt tækifæri

Frá aðeins
**219.900**
með öllu inniföldu í viku

Heimsferðir bjóða frábært tækifæri til að kynnast þessari stórkostlegu eyju Karíbahafsins í beinu leiguflugi. Þú velur hvort þú dvelur eingöngu í Havana eða á Varadero ströndinni eða skiptir dvölinni á milli staðanna. Kúbuferð er ævintýri sem lætur engan ósnortinn. Þú kynnist ekki aðeins stórkostlegri náttúrufegurð eyjunnar heldur einnig einstakri þjóð. Havana er ein fegursta borg nýlendutímans og lífsgleði og viðmót eyjarskeggja er engu líkt.





**Verðdæmi:**

**Kr. 219.900***

Netverð á mann m.v. tvo fullorðna í herbergi með allt innifalið á Playa Caleta *** í Varadero í viku.





- Glæsilegir gististaðir
- Havana og / eða Varadero
- Frábærar kynnisferðir





* Ekki innifalið í verði: vegabréfsáritun og brottfararskattur á Kúbu.

ENNEMM / SIA • NM45197 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir



**● SKJÓTUR SKILNAÐUR** Skilnaðir geta verið tímafrekir, krefjandi og sóðalegir. Eigendur hollensku hótelkeðjunnar Heartbreak Hotel hafa séð við því og segjast geta útvegað ráðgjafa, lögfræðinga og barnasálfræðing og gengið frá skilnaðinum á einni helgi. Hjónin þurfa bara að bóka sig hvort á sitt herbergið á einhverju hótelanna í keðjunni annað hvort í Hollandi eða Belgíu og undirrita skilnaðarpappírana. Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu hótelkeðjunnar á www.echtscheidingshotel.nl.



**● FJÖLSKYLDUFERÐ Á HRÍSGRJÓNAAKUR** Vinsældir vistvænnar ferðaþjónustu hafa aukist undanfarin ár. Hrísgrjónaræktendur á býlinu Tigerland í Taílandi bjóða upp á slíkar ferðir þar sem fjölskyldur geta dvalið og ræktað lífræn hrísgrjón í sex daga. Hægt er að dvelja á sáningartíma í júní og júlí og á uppskerutíma í október og nóvember. Býlið er í Chiang Rai í fjöllum Norður-Taílands. Þátttakendur geta að auki upplifað alls kyns skemmtun, svo sem heimsókn á næturmarkaðinn í Chiang Rai til nálægra ættflokka. Frekari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.tigerlandricefarm.com.

**● TJALDSVÆÐI** Ónýttar flugbrautir og tóm flugskýli standa nú þar sem reisa á stærsta tjaldsvæði gervallra Bandaríkjanna, nánar tiltekið á Floyd Bennett Field-flugvelli í suðurhluta Brooklyn-hverfis í New York. Þetta eru góðar fréttir fyrir þá sem vilja ferðast til New York án þess að greiða hótelgistingu dýru verði. Tjaldsvæðið er þó ekki aðeins ætlað ferðamönnum heldur er hugsunin sú að borgarbúar geti þar lært að setja upp tjöld, róa á kajak og lifa á landsins gæðum. Flugvöllurinn var reistur árið 1931 og var mikið notaður í seinni heimsstyrjöld en hefur staðið ónotaður í fjörutíu ár.



**● SAFN UM SCHWARZENEGGER** Safn helgað leikaranum og fyrrverandi ríkisstjóranum Arnold Schwarzenegger hefur verið opnað á æskuheimili hans í þorpinu Thal nærri Graz í Austurríki. Gestum og gangandi gefst þar kostur á að sjá við hvaða aðstæður Schwarzenegger ólst upp og skoða ýmsa muni sem tengjast kvikmyndaferli vöðvatröllsins. Má þar nefna mótorhjól í fullri stærð úr Tortímandanum tvö og sverð úr kvikmyndunum um villimanninn Conan svo fátt eitt sé nefnt.



**● Í FÓTSPOR MÁRA OG MIÐALDARIDDARA** Ingibjörg Þórhallsdóttir og Rúnar Karlsson reka ferðaþjónustu á Spáni og sérsníða gönguferðir og dagsetningar að þörfum sex til sextán manna hópa. Ein slík ferð er um gróðursæla en yfirgefna dali þar sem gengið er eftir hlöðnum Márastígum frá 8. öld, innan um orkídeur, pálma og granateplatré. Meira á gongufri.is.






Verð áður: kr 11.990
MELISSA
8590
ÖRBYLGJUOFN
20 ltr
MELISSA
6990
KRAPAVÉL
1 ltr
Býr til krapa á 35 mínútum
exido
6990
TVÖFALT VÖFFLUJÁRN
1200 W
Einfalt vöfflujárn, kr 4990
6990
SPANHELLUBORÐ
1900 W
3 hitastillingar
MELISSA
5490
ÍSVÉL
Hægt að laga margar gerðir af ís
Býr til 0,9 ltr af tilbúnum ís
MELISSA
24.990
HRÆRIVÉL
Öflugur mótor, 1000 W
Skál úr ryðfríu stáli, 5,5 ltr
MELISSA
2990
HANDÞEYTARI
MELISSA
6490
DJÚPSTEIKINGAPOTTUR
3 ltr
990
pr stk
SLÉTTUJÁRN/HÁRBLÁSARI/
RAKVÉL
MELISSA
5999
BORÐGRILL
Stillanleg hæð, 1800 w
Verð áður: kr 7990
4590
pr stk
ÚTVARP M/GEISLASPILARA
Fleiri litir
MELISSA
2190
BORÐVIFTA
Verð áður: kr 3990
3590
GÓLFVIFTA
40 cm
MELISSA
35.990
KÆLISKÁPUR
103 ltr rúmmál
Orkuflokkur A++
Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!




**14.990**

**SLÍPIROKKUR**
125 mm
580 W



frá **1299**

**KÆLITÖSKUR**
15 ltr, kr 1299
25 ltr, kr 1599
25 ltr (ferköntuð), kr 1999



**8990**

**LOFTPRESSUSETT**
3ja metra slanga
Málningasprauta
Loftpumpa m/þrýstingsmæli
Byssa




**35.990**

**LOFTPRESSA**
50 ltr
2 hestöfl



frá **4990**

**VEIÐITÖSKUR**
Miðlungsstór, kr 4990
Stór, kr 5490
Græn, með boxum, kr 5990



100 bör

**NILFISK**

**11.990**

**HÁÞRÝSTIDÆLA**
Nilfisk
100 bör
240 W. 50 Hz

## SENDUM UM ALLT LAND!

Pöntunarsími í Reykjavík **511 3322**
Pöntunarsími á Akureyri **466 2533**
Visa / MasterCard




**28.990**

**RAFMÓTOR**
12V






**35.990**

**GÚMMÍBÁTUR**
**OUTRIDER III 200**
Pumpa, árar og burðarpoki innifalið
248 x 132 x 38 cm

## Nú 6 verslanir

- Korputorgi - S: 533 3353
- Fiskislóð 3 (Granda) - S: 511 3322
- Glerártorgi, Akureyri - S: 466 2533
- Dalvegi 10-14, Kópavogi- S: 544 2333
- Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði - S: 533 3360
- Austurvegi 69, Selfossi - S: 483 3366

**74.990**

**GÚMMÍBÁTUR**
**Z-RAY I200**
235 x 130 x 33 cm
Hámarksþyngd: 220 kg
Pumpa og árar fylgja

**89.990**

**GÚMMÍBÁTUR**
**Z-RAY I300**
270 x 152 x 42 cm
Fyrir þrjá að hámarki 400 kg
Hámarksstærð á mótor: 5 hö
Pumpa og árar fylgja

*Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar.*

**Europris** ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# LANDMARK

FASTEIGNASALA

SÍMI 512 4900 – BOLHOLTI 4 – LANDMARK.IS

Þú hringir – við seljum

512 4900

Kíktu inn á www.landmark.is!



**Magnús Einarsson** löggiltur fasteignasali sími 897 8266
**Þórarinn Thorarensen** sölufulltrúi sími 770 0309
**Sigurður Samúelsson** löggiltur fasteignasali sími 896 2312
**Gunnar Valsson** sölustjóri sími 699 3702
**Sveinn Eyland** löggiltur fasteignasali sími 690 0820
**Kristberg Snjólfsson** sölufulltrúi sími 892 1931
**Friðbert Bragason** sölufulltrúi sími 820 6022
**Eggert Maríuson** sölufulltrúi sími 690 1472
**Sigrún Hákonardóttir** ritari sími 512 4900

20% afsláttur af söluþóknun ef þú skráir eignina þína í sölu hjá okkur fyrir 31. ágúst 2011.


Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

Einbýlishús og hesthús (10 hesta) rétt fyrir utan Selfoss til leigu í tvo mánuði, sept og okt. Húsið leigist með eða án húsgagna. Þrjú svefnherbergi. Verð 130.000 á mán. Nánari upplýsingar í 694 5078.

12fm herb. í kj. Jörfabakka kr. 20þ. Laust. Mail se1@internet.is

## Húsnæði óskast

Óska eftir 4-5 herbergja húsnæði til langtímaleigu. Skilvísar greiðslur. Reglusemi. Upplýsingar í síma 824 2356.

Reglusamt par frá Ísafirði óskar eftir 2-3 herbergja íbúð til langtímaleigu í RVK, helst miðsvæðis eða í Kópavogi. Erum með hund. s. 866-0932.

Herbergi óskast í Reykjavík. Uppl. S. 615 2205. Ágúst.

Vil kaupa íbúð á Rvk.svæði má þarfnast mikilla endurbóta er með 2 millj.kr. jeppa upp í kaupverð. Uppl. í s. 893 3475.

## Sumarbústaðir

Óska eftir sumarbústað á suðuarlandi í skiptum fyrir húsbíl, Ford 06 metinn á 6,5m, staðgreitt á milli. Verð hugmynd sirk 12m. Uppl. S.899 4009.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu við Dalveg í Kóp. 80fm. Verslunar eða lagerhúsnæði. S. 893 3475.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta


Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is


# ATVINNA

## Atvinna í boði

N1

**N1 óskar eftir að ráða áreiðanlega og öfluga starfsmenn á þjónustustöðvar félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Um framtíðarstörf er að ræða. Áhugasamir sæki um á www.n1.is**

**Joger Booztbar Kringlunni**
**Óskar eftir að ráða verslunarstjóra. Vinnutími 8:30-16:30 mán - föstd. Lágmarksaldur 22 ár. Það að geta byrjað strax. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Vinsamlegast sækið um á cyrus@simnet.is merkt „verslunarstjóri"**

NAUTHÓLL Bistro

**Nauthóll bistro óskar eftir að ráða þjóna / framreiðslunema í fullt starf**
**Skilyrði: Starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, brosmildur, heiðarlegur og íslenskumælandi.**

**Reynsla af þjónustustörfum er kostur.**

**Aldurstakmark: 20 ár**
**Umsókn og ferilskrá sendist á gudridur@nautholl.is fyrir 15.ágúst nk.**

**Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.**

**Joger Booztbar Kringlunni**
**Óskar eftir að ráða starfsfólk á dagvaktir 8:30-16:30, heilsdags og hálfsdags og í hlutastarf seinnipart og um helgar. Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina. Uppl. sendist á cyrus@simnet.is.**

Jói Fel

**„FULLT STARF Í KRINGLUNNI"**
**ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA STRAX HÖRKUDUGLEGAN STARFSKRAFT Í FULLT STARF, Í BAKARÍIÐ HJÁ JÓA FEL , KRINGLUNNI. EKKI YNGRI EN 20.ÁRA, ÍSLENSKUKUNNÁTTA ALGJÖRT SKILYRÐI ÁHUGASAMIR HAFI SAMBAND VIÐ HULDU Í SÍMA 695-2933**

**ATVINNA Í BOÐI**

Íslenska Gámafélagið leitar að Skiptstjóra, Vélstjóra og Stýrimanni á sanddæluskipið Skandia.

Umsóknir og nánari upplýsingar óskast á netfangið helga@igf.is

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**Aðstoðar fólk vantar í Veiðihúsið í Laxá í Leirársveit**
**Aðstoðarmann/konu vantar í Eldhúsið í veiðhúsið í Laxá í Leirársveit fyrir tímabilið 19.ágúst - 23.september. Eins vantar starfskraft í hlutavinnu við þvott og hreingerningar annan hvern dag fyrir sama tímabil. Áhugasamir - vinsamlegast hafið samband við Hauk í 822 4850 eða Óla 8241440.**

Au-pair óskast til Lúxemborgar til að gæta 5 og 10 ára systra. Þarf að byrja í september og vera til 15. júlí 2012. Uppl. í síma 847 0971 frá 3.-12. ágúst.

Gröfumaður óskast til starfa á hjólavél. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax. uppl. gefur Pétur í síma 699-3090. e-mail: tvok@internet.is

## Atvinna óskast

Byggingarfyrirtæki getur bætt við sig öllum alhliða verkefnum. Sendið póst á askur@talnet.is.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

## Atvinna



Árbæjarkirkja

# Æskulýðsfulltrúi

**Auglýst er eftir æskulýðsfulltrúa í 100% starf frá 1. september 2011 til 31. maí 2012.**

Um er að ræða yfirumsjón með barna- og unglingastarfi, samstarf við skóla og leikskóla. Umsjón með sunnudagaskóla, STN, TTT, æskulýðsfélögum og fleiru sem til fellur. Æskilegt er að viðkomandi spili á hljóðfæri. Reynsla af æskulýðsstarfi í kirkjunni skilyrði.

Umsóknir berist til:
Árbæjarkirkja
v/Rofabæ 110 Reykjavík
eða á netfangið: arbaejarkirkja@arbaejarkirkja.is

Nánari upplýsingar gefur sr. Sigrún Óskarsdóttir, netfang: sigrun@arbaejarkirkja.is, gsm 863-1910.

**Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 8. ágúst 2011**

# Okkur vantar fólk!

**Dagleg ræsting / daily cleaning**
Sólarræsting leitar eftir góðu fólki til að vinna við fastar ræstingar.
- Viðkomandi **verður** að geta talað einhverja íslensku eða ensku

*Sólarræsting is looking for individuals for regular cleaning jobs.*
*- Must know some icelandic or english*

**Heildarumsjón með fasteign / Cleaning and facility services**
Sólarfasteignarumsjón leitar eftir einstakling til að sinna ræstingu og léttu viðhaldi á fasteign.
- Viðkomandi **verður** að geta talað íslensku og/eða ensku
- Geta sinnt einhverjum smá viðgerðum
- Vinnustaður í Mosfellsbæ

*Sólarfasteignarumsjón is looking for a person to do some cleaning and light maintainance work*
*- Must speak Icelandic or good english*
*- Must be able to handle some light maintainance work*
*- Work location is in Mosfellsbær*

Hægt er að fylla út umsókn á skrifstofu Sólar milli kl 9-11 og 13-16, Sólar ehf, Kleppsmýrarveg 8, sími 581-4000 /
*Come to our office and fill out an application between 9-11 and 13-16, Sólar ehf, Kleppsmýrarveg 8, telephone 581-4000*

SÓLAR RÆSTING

UMHVERFISMERKI 176 015 Ræstingarþjónusta



Sólaræsting ehf er þjónustufyrritæki í sérflokki á sviði ræstinga. Við leggjum áherslu á umhverfisvæna og mannlega nálgun í okkar störfum. Hjá okkur starfa yfir 100 frábærir starfsmenn.

## Tilkynningar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

**LAUSAR LÓÐIR Í GRÓNUM HVERFUM Í HAFNARFIRÐI - SALA BYGGINGARRÉTTAR**

**Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í byggingarrétt á eftirfarandi lóðum;**

**Einbýlishús**
- Úthlutað til einstaklinga ekki lögaðila.
Arnarhraun 50
Hamarsbraut 16
Skógarás 1 og 3

**Parhús**
- Úthlutað til einstaklinga og lögaðila
Furuás 8 -10

**Raðhús**
-Eingöngu úthlutað til lögaðila
Furuás 23 -27

Lóðirnar eru tilbúnar til afhendingar nú þegar og tekur væntanlegur byggingarréttarhafi við lóðinni í núverandi ástandi.

Útboðsgögn fyrir lóðirnar má finna á www.hafnarfjordur.is og í Þjónustuveri bæjarins Strandgötu 6.

Nánari upplýsingar gefur Málfríður Kristjánsdóttir malfridur@hafnarfjordur.is arkitekt á skipulags- og byggingarsviði.

Tilboð skulu berast Þjónustuveri Hafnarfjarðar fyrir kl. 11:00 þann 8. águst 2011. Tilboð verða opnuð á sama stað að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska. Réttur áskilinn til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum

**Skipulags- og byggingarsvið.**


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

10 ÁRA 2001-2011

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft

# Gerum okkur ekki kvíðann að hlíf

Hernaður

Guðrún Hannesdóttir

bókasafnsfræðingur og rithöfundur



Að standa utan hernaðarbandalaga kann að virðast flókið og erfitt mál við fyrstu sýn. Þjóð sem velur þann kost neyðist til að horfast í augu við heiminn og taka mikilvægar bindandi ákvarðanir á eigin ábyrgð og á eigin forsendum.

Nýliðin öld er talin blóðugust allra frá upphafi og þarf ekki mikla söguþekkingu til að sjá hvernig hernaðarbandalög hafa leyst upp og skriðið saman á ný í nýrri mynd. Það voru m.a. „hámenntuðustu“ þjóðir heims sem sendu blómann úr heilum kynslóðum ungra manna út í opinn dauðann í tveimur heimsstyrjöldum. Og enn eru þau að. Því stríð leysa hvorki tímabundinn vanda né langtímavanda. Það hafa þau aldrei gert – þvert á móti – þau undirbúa jarðveginn fyrir áframhaldandi styrjaldir og geta aðeins hnikað til valdahlutföllum og auðæfum – enda leikurinn til þess gerður. Innan hernaðarbandalaga er hinum smærri og valdaminni þjóðum, að ekki sé minnst á þær óvopnuðu, skákað fram og til baka að vild, lönd þeirra og lofthelgi notuð sem þurfa þykir án þess að þær séu spurðar álits. Enginn spyr hvort það íþyngi samvisku okkar og sálarfriði að hryllileg voðaverk séu unnin í fjarlægum löndum í okkar nafni, og við yrðum heldur ekki spurð þó víglínan færðist okkur nær. Er þetta sú staða sem við kjósum? Höfum við val?

> Og til eru mörg lýsandi dæmi um vopnlaust andóf, friðsamlega baráttu manna eins og Gandhis sem með hugrekki og einurð breytti gangi sögunnar til frambúðar með hugsjónir einar að vopni.

Fjölmargar þjóðir í Evrópu hafa lýst yfir varanlegu hlutleysi (t.d. Austurríki, Sviss, Svíþjóð, Finnland og Írland) og ýmsar fleiri (svo sem Costa Rica, Malta, Japan og Panama) hafa bundið ævarandi hlutleysi í stjórnarskrár sínar og lög. Hlutleysi landa er af ýmsum toga og liggja að baki margvíslegar og ólíkar sögulegar ástæður, þrýstingur risavaxinna grannríkja, milliríkjasamningar eftir stórátök o.fl. og víst er að túlkun á hugtakinu hefur verið breytileg og teygjanleg á stundum. Ýmsar raddir eru t.d. uppi nú um óljósa og breytta stöðu sumra hlutlausra Evrópuríkja eftir inngöngu þeirra í ESB sem hefur eins og menn vita eigin stefnu í utanríkismálum. Hagsmunirnir eru margvíslegir sem marka slóð hvers ríkis, og hver þjóð verður ein og óhrædd að taka ákvarðanir um hlutverk sitt.

Blikur eru nú á lofti, ef til vill fleiri en nokkurn tíma áður. Ofan á ófrið og stríðsrekstur víða um heim bætist nú við áður óþekktur háski sem stafar af hirðuleysi mannanna í umgengni við náttúruna. Yfirvofandi vatns- og matarskortur með tilheyrandi fólksflutningum og óöryggi er í uppsiglingu. Og það í slíkum mæli að augu venjulegs fólks um allan heim eru farin að opnast fyrir þeirri fráleitu stöðu að ómældu fjármagninu sem dælt er í grimmileg yfirráð og hernaðarleiki þjóða er ekki aðeins kastað á glæ, heldur eykur það stórlega sundrungu og böl en bætir einskis manns vanda.

Friðsamleg afstaða og bræðralag þjóða eru mannanna verk engu síður en sóun og grimmd. Samstaða og samábyrgð í baráttu gegn fátækt, sjúkdómum og misrétti eru það líka. Og til eru mörg lýsandi dæmi um vopnlaust andóf, friðsamlega baráttu manna eins og Gandhis sem með hugrekki og einurð breytti gangi sögunnar til frambúðar með hugsjónir einar að vopni.

Sérhver ferð hefst á einu skrefi og hver þjóð með sjálfsvirðingu verður að taka það skref á eigin fótum með skýra og markvissa stefnu fyrir augum. Íslendingar geta lagt sinn skerf til bræðralags þjóðanna og bæst í vaxandi hóp þeirra sem velja veg friðar. Það geta þeir með því að lýsa því yfir að þeir fari ekki með ófriði á hendur öðrum þjóðum, lýsa land sitt herlaust og vopnlaust og með því að taka sér stöðu utan hernaðarbandalaga. Síðasta ákvæðið er mikilvægast, bæði sem fordæmi og vegna þess að án þess falla hin dauð og ómerk og við verðum áfram leiksoppar annarra þjóða.

Hvað varðar spurninguna um hvað til bragðs skuli taka sé á okkur ráðist, er endanlegt svar vandfundið. Meginstoð er í þeirri staðreynd að alþjóðalög viðurkenna og skilgreina rétt þjóða til hlutleysis. Ekki má ráðast inn í hlutlaust ríki og það á rétt á að grípa til varna án þess að fyrirgera hlutleysisrétti sínum segir m.a. í Haag-sáttmálanum. Það ríki sem bindur hlutleysi í stjórnarskrá hlýtur að gera það með vandlega yfirveguðum hætti í samræmi bæði við alþjóðalög, eigin forsendur og vilja þjóðarinnar.

Ekki er hægt að taka önnur svör gild en okkar eigin. Hvern ætti að spyrja ráða? Hernaðaröflin sem standa í „vörnum“ nótt sem nýtan dag og eiga alla sína hagsmuni undir því að viðhalda óbreyttu ástandi? Ættum við að leita svara hjá þjóðunum sem sjá „varnirnar“ með eigin augum í limlestum líkum sinna nánustu, hrundum borgum og sviðinni jörð?

Engin leið er fær önnur en leið ábyrgðar, sátta og samvinnu ef menn ætla ekki að fyrirgera mennsku sinni eins og skáldið Harold Pinter sagði í frægri Nóbelsverðlaunaræðu sinni árið 2005.



# Kaffidrykkja íslenskra barna er staðreynd!

Heilbrigðismál

Steinar B. Aðalbjörnsson
næringarfræðingur



Ég vissi að ég myndi fanga athygli þína með ofangreindum titli en hann er ekki alveg rökréttur, eða hvað? Á Íslandi tíðkast það sem betur fer ekki að börn og unglingar séu sötrandi kaffi. Hvers vegna er það gott að börn og unglingar drekka ekki kaffi? Í kaffinu eru ýmis efni sem við viljum ekki að börnin okkar fái og ber þar helst að nefna efnið koffín sem bæði er örvandi og ávanabindandi.

Kaffi- og gosdrykkja á Íslandi er býsna algeng og súkkulaðiát með mesta móti. Í nánast öllu dökku gosi og súkkulaði er koffín. Því myndi margur spyrja hvort viðbót af koffíni sé einhver skaðvaldur? Svarið við þeirri spurningu er einfaldlega já og á engan hátt ásættanlegt að við gerum illt verra og bætum enn frekar við koffínneysluna hjá íslenskum börnum og unglingum. Undirritaður skrifaði grein í Morgunblaðið um koffín fyrir nokkrum árum en nú er svo komið að þörf er á að fjalla aftur um koffín því neysla barna og unglinga á orkudrykkjum, stútfullum af koffíni, hefur aldrei verið meiri.

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að skilgreina hvað orkudrykkir eru og hvað þeir eru ekki, því mikils ruglings gætir meðal foreldra um þetta. Ekki er til formleg skilgreining á orkudrykkjum en þeir eiga það allir sameiginlegt að innihalda ansi mikið magn af koffíni. Þeir eru oftast í 250 eða 500 ml álstaukum en Egils Orka er þó undantekning en hún er seld í plasti. Flestir orkudrykkir eru einnig með viðbættum vítamínum og nokkrir með ginsengi og guarana sem er uppspretta koffíns. Dæmi um orkudrykki eru Red Bull, Euroshopper, Burn, Cult og Orka. Mikilvægt er að benda á að Powerade, Gatorade, Soccerade og fleiri slíkir drykkir í 500 ml plastflöskum, oft í aðlaðandi litum, eru ekki orkudrykkir. Þessir drykkir kallast kolvetna- eða íþróttadrykkir og eru ætlaðir til notkunar í íþróttum þar sem svitatap er töluvert. Mjólkur-/próteindrykkir, t.d. Hámark, sem gott getur verið að neyta strax eftir erfiða æfingu eða í einstaka skipti sem millimál, eru heldur ekki orkudrykkir. Sama má segja um gosdrykki þó svo að magn koffíns sé oft ansi hátt í gosdrykkjum. Orkudrykkir eru ýmist sykurlausir (með sætuefnum) eða stútfullir af sykri.

**Um koffín**

En hvað er það við koffín sem er svo slæmt? Koffín er efni sem viðurkennt er til matarframleiðslu um allan heim. Oft er það sett í matvæli sem bragðefni en einnig eru dæmi um að koffín sé sett í matvöru vegna virkni efnisins á líkamann og eru orkudrykkir gott dæmi um slíkt. Mörg mismunandi sjónarhorn koma iðulega fram þegar talið berst að koffíni. Jack James var í viðtali í Fréttablaðinu 20. nóvember 2010 þar sem hann reifaði skaðsemi/skaðleysi koffíns. Hann benti réttilega á að það væri vitað að koffín hækkaði blóðþrýsting, það gæti haft áhrif á virkni ýmissa lyfja og þegar þess væri neytt í of miklu magni gæti það haft neikvæð áhrif á fóstur. En það er fleira sem benda má á varðandi koffínneyslu. Neysla og ofneysla koffíns getur valdið höfuðverk, svima, kvíða, einbeitingarleysi, auknu þvaglosi, óþægindum í meltingarvegi, breytingum á hegðun og ógleði. Í einhverjum tilfellum hafa menn ráðlagt fólki frá því að neyta koffíns og áfengis saman en mögulegt er að slíkt geti leitt til alvarlegra hjartsláttartruflana.

En hvers vegna er orkudrykkja þá neytt ef áhrifin af koffíni eru svona slæm? Það er vegna örvandi áhrifa þess á miðtaugakerfið og eru sterkustu rökin fyrir áhrifum koffíns á líkamann bundin við þennan þátt. Þegar fólk neytir koffíns, t.d. með drykkju orkudrykkja, þá hressist það. Það eru hins vegar skammtímaáhrif og oft er fólk þreyttara þegar áhrif koffíns dvína en áður en þess var neytt. Ávinningur neyslunnar er því í raun enginn.

Er þá einhver ástæða til þess að gefa börnum okkar og unglingum orkudrykki? Nei, alls ekki, og hafa ber í huga að áhrif koffíns á líkamann eru á hvert kílógramm líkamsþyngdar og því eru áhrifin mun meiri á smáa líkama en stóra. Auk þess eru orkudrykkir oftast fullir af sykri og ekki er á bætandi í sykurneyslu barna og unglinga á Íslandi.

> Kaffi- og gosdrykkja á Íslandi er býsna algeng og súkkulaðiát með mesta móti. Í nánast öllu dökku gosi og súkkulaði er koffín.

Gaman er að nefna að ef neyslumynstur barna og unglinga á gosdrykkjum myndi breytast og í stað hefðbundinna gosdrykkja myndu þau t.d. drekka Klettakók þá gæti maður fært rök fyrir því að sykurneysla þessa hóps yrði helminguð! Hér er gert ráð fyrir því að börn og unglingar „þyrftu“ ennþá að drekka gos þó að best væri að sleppa því. En hvernig má þetta vera? Með því að skipta um tegund þá er sykurneyslan helminguð? Í kóki frá Klettagosi er meira en helmingi minna af sykri en í öðru slíku gosi frá hinum framleiðendunum. Það munar um minna þegar allir þessir þúsundir lítra renna, ár hvert, ofan í börnin okkar og unglingana!

Foreldrar: Hvers vegna leyfum við börnunum okkar að drekka ígildi kaffis? Tja, og reyndar rúmlega ígildi því hefðbundinn orkudrykkur inniheldur oft meira magn koffíns en hefðbundinn kaffibolli auk þess sem flestir orkudrykkir innihalda líka mikinn sykur og óþarfa magn af vítamínum og öðrum örvandi efnum.

Sýnum ábyrgð og fylgjumst með börnunum okkar! Við endurtökum ekki uppeldi þeirra!



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**RUPERT BROOKE (1887-1915)** skáld fæddist þennan dag.
*„Koss yngir og þerrar burt tárin.“*

---



†

*Alúðarþakkir sendum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og vinarhug við fráfall bróður okkar,*

**Árna Sævars Karlssonar**

Sérstakar þakkir til nágranna, Kvenfélagsins Heklu, starfsfólks Landspítala Háskólasjúkrahúss í Fossvogi og séra Hjálmars Jónssonar.

**Systkinin í Víkum**

---



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Steinar Guðmundsson**

andaðist á Elliheimilinu Grund 1. ágúst.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Anna Steinarsdóttir** **Gísli Snorrason**
**Magnús Steinarsson** **Eygló Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginkona mín,*

**Elín Jónsdóttir**

frá Nýjabæ á Seltjarnarnesi,
til heimilis að Lindarbraut 31,

lést á Landakotsspítala sunnudaginn 31. júlí 2011.

**Almar Gestsson**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir hlýhug og vináttu við fráfall og jarðarför elskulegs bróður míns, mágs, fósturbróður og frænda,*

**Sverris Arnkelssonar**

Álfheimum 52, Reykjavík.

Þeim sem vitjuðu hans á sjúkrabeði þökkum við einnig, svo og starfsfólki á deild A6, Landspítala í Fossvogi, fyrir frábæra umönnun.

**Guð blessi ykkur öll.**

**Gísli Arnkelsson** **Katrín Þ. Guðlaugsdóttir**
**Júlíana Ruth Woodward**
**og fjölskyldur**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,*

**Ralph B. Ramsey**

lést að hjúkrunarheimilinu Garðvangi 20. júlí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Vil ég koma fram kæru þakklæti til starfsfólks HSS sem og Garðvangs fyrir mjög góða umönnun og hlýlegt viðmót.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Vilborg M. Ramsey**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Jason Ólafsson**

Hæðargarði 35, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli sunnudaginn 31. júlí.
Jarðarförin fer fram í Bústaðakirkju mánudaginn 8. ágúst kl. 13.00.

**Inga S. Ingólfsdóttir**
**Björg Jónsdóttir** **Gestur Pálsson**
**Hjördís Jónsdóttir** **Jörgen Moestrup**
**Ásta Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Róbert Dan Jensson**

fyrrv. forstöðumaður Sjómælinga Íslands,

andaðist á Sólvangi miðvikudaginn 27. júlí. Útför fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 5. ágúst kl. 13.00.

**Kristbjörg Stefánsdóttir**
**Björg Dan Róbertsdóttir** **Oddur Kr. Finnbjarnarson**
**Sigrún Dan Róbertsdóttir** **Árni Dan Einarsson**
**Andri Dan Róbertsson** **Sigrún Eva Ármannsdóttir**
**Edda Dan Róbertsdóttir** **Kristján Jónas Svavarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Íris Sigurbjörg Sigurðardóttir**

Sólhlíð 19, Vestmannaeyjum,

sem lést þriðjudaginn 26. júlí sl., verður jarðsungin frá Landakirkju í Vestmanneyjum laugardaginn 6. ágúst kl. 14.00.

**Hafsteinn Ágústsson**
**Aðalheiður Hafsteinsdóttir** **Sigurður Ingi Ólafsson**
**Ágústa Hafsteinsdóttir** **Ástþór Jónsson**
**Lára Hafsteinsdóttir** **Einar Birgisson**
**Örn Hafsteinsson** **Sólveig Jónsdóttir**
**Árni Hafsteinsson**
**Sara Hafsteinsdóttir** **Þórólfur Guðnason**
**Svava Hafsteinsdóttir** **Ólafur H. Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, sonur, bróðir, mágur og frændi,*

**Magnús Ríkarðsson Owen**

flugstjóri,

lést á heimili sínu í Fort Lauderdale í Bandaríkjunum sunnudaginn 31. júlí.

**Dorothy Butler Owen**
**Róbert Leó Magnússon Owen**
**John Magnusson Owen**
**Jacob Magnusson Owen**
**Magnus Liam Magnusson Owen**
**Ríkarður Owen** **Alda S. Björnsdóttir**
**Hulda Cathinca Guðmundsdóttir** **Stefán H. Finnbogason**
**og fjölskyldur.**

---



**PLATAN EINS OG FLÖSKUSKEYTI** Hildur Guðnadóttir kemur fram á framúrstefnutónlistarhátíð á Nýja-Sjálandi.

**HILDUR GUÐNADÓTTIR:** Á TÓNLISTARHÁTÍÐ Á NÝJA-SJÁLANDI

# Æðislegt ævintýri

„Við höfum aldrei fengið íslenskan tónlistarmann á hátíðina áður, svo ég hlakka mikið til að hitta Hildi og heyra meira frá landinu ykkar,“ segir Zoe Drayton, skipuleggjandi tónlistarhátíðarinnar Altmusic á Nýja-Sjálandi. Drayton fékk tónlistarkonuna Hildi Guðnadóttur til að koma og spila á hátíðinni þar sem fram koma framúrstefnutónlistarmenn, innlendir sem erlendir. Hátíðin hefur verið haldin frá árinu 2001.

Drayton hafði heyrt lög af plötu Hildar, Mount A, og fékk hana þess vegna til að koma á hátíðina. „Ég féll fyrir tónlistinni hennar svo ég hlakka til þess að heyra hana spila,“ segir Drayton og gefur Hildi orðið. „Drayton hafði bara samband upp úr þurru. Að gefa út plötu er stundum eins og að senda flöskuskeyti, maður setur skeyti í sjóinn og veit svo ekkert hver tekur á móti því. Ég veit ekkert hvert plöturnar fara.“

Hildur mun spila á fernum tónleikum á Nýja-Sjálandi eftir miðjan ágúst. Hún kemur fram í Auckland, Wellington, Dunedin og Christchurch. „Þetta verður æðislegt ævintýri. Ég hef aldrei komið til Nýja-Sjálands áður. Ég hef séð bíómyndir sem eru teknar þar og landslagið er svo margbreytilegt,“ segir Hildur og minnist sérstaklega á tónleikana í Christchurch. „Þetta verður líka svolítið skrýtið því ég fer til Christchurch þar sem jarðskjálftinn var fyrr á árinu. Ég veit ekki alveg hvernig ástandið þar er núna.“

Hildur er innt eftir því hvort hún sé búin að ákveða hvað hún muni spila. „Nei, eiginlega ekki. Ég er að snúa tónleikadagskránni minni á hvolf. Akkúrat þessa dagana er ég að fá nýjar græjur til að virka og prófa ýmislegt nýtt. Í raun og veru veit ég ekki enn þá hvað ég ætla að gera,“ segir Hildur hlæjandi. „Ég tek sellóið með mér. Þetta verður líklega með svipuðu sniði og hefðbundnir sólótónleikar hjá mér sem eru byggðir á sellói, rödd og tölvuforriti. Það eru spennandi tímar fram undan hjá mér að prófa ný forrit og þróa ýmislegt nýtt.“

**martaf@frettabladid.is**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sæbjörg Erla Friðgeirsdóttir**

Fífumóa 1b, Reykjanesbæ,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 25. júlí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 9. ágúst kl. 14.00.

**Smári Tómasson** **Valgerður Kristín Harðardóttir**
**Hólmsteinn Eiríksson** **Elín Oddrún Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**198 KR. KG**

KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA
**FROSIN LAMBASVIÐ**




**1498 KR. 900G**

EUROSHOPPER FROSNAR
**KJÚKLINGABRINGUR**



**1398 KR. KG**

ÞÝSKAR FROSNAR
**GRÍSALUNDIR**

# ÍSKALT VERÐ Í BÓNUS



EUROSHOPPER
**FROSIÐ FERSKT GRÆNMETI**





**FROSIÐ BROKKÓLÍ 1 KG**
**298 KR.**

**FROSIÐ BROKKÓLÍ MIX 1 KG**
**298 KR.**

**FROSIN GRÆNMETISBLANDA (WOK) 1 KG**
**298 KR.**

**FROSIN SUMARBLANDA 1 KG**
**298 KR.**

**FROSNAR GULRÆTUR 450G**
**129 KR.**

**FROSNIR SVEPPIR 450G**
**198 KR.**

**FROSINN MAÍS 450 GR**
**98 KR.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** dóms, **6.** belti, **8.** flík, **9.** slæða, **11.** karlkyn, **12.** nautnalyf, **14.** smápeningar, **16.** tímabil, **17.** kvk nafn, **18.** hækkar, **20.** mun, **21.** málhelti.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** frá, **4.** markmið, **5.** stykki, **7.** bergtegund, **10.** spil, **13.** ískur, **15.** sefun, **16.** tímabils, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** mats, **6.** öl, **8.** fat, **9.** lín, **11.** kk, **12.** ópíum, **14.** aurar, **16.** ár, **17.** gró, **18.** rís, **20.** ku, **21.** stam.
**LÓÐRÉTT: 1.** póló, **3.** af, **4.** takmark, **5.** stk, **7.** lipurt, **10.** níu, **13.** urg, **15.** róun, **16.** árs, **19.** sa.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FLEIRI MÖRK OG FASTARI SKOT Á BOLTAVAKT VÍSIS

Fylgstu með Pepsideildinni í Boltavaktinni á Vísi. Beinar textalýsingar allra leikja, útvarpslýsing á leik í hverri umferð í Boltavarpinu og umfjöllun strax að loknum leik. Myndbönd með viðtölum öll mörkin í sjónvarpi Vísis. Vertu á Boltavaktinni með Vísi í sumar.




Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Boltavarpið í beinni á Vísi

vísir Meiri Vísir.

Fólkið í landinu les Fréttablaðið




Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins. Rúmlega 72% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 18-49 lesa að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - nær þrefalt fleiri en lesa næsta dagblað þar á eftir.

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Apríl til júní 2011, meðallestur á tölublað.




Allt sem þú þarft...




# Smáfuglar vængstýfðir

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Ég hef löngum verið þeirrar bjargföstu trúar að heimurinn fari ekki versnandi. Þegar fólk býsnast yfir að allt hafi verið betra í gamladaga glotti ég drýgindaleg við tönn. Ég bara kaupi ekki að betra hafi verið að „tjilla“ í rökum og köldum moldarkofa, teygandi spenvolga mjólk, hlustandi á langafa þylja Hávamál enn einu sinni en að hanga á Ölstofunni með ískaldan Bríó, vafrandi á internetinu á nýja iPadinum.

**UNDANFARIN** misseri hefur mjög verið haft á orði að opinberri umræðu fari hrakandi. Trú sannfæringu minni kinkaði ég því yfirlætislega kolli þegar ég rakst á 90 ára gömul ummæli um lágkúru íslenskrar orðræðu sem rituð voru í Morgunblaðið árið 1921 í tengslum við deilur um uppbyggingu íslensks tónlistarlífs: „Ungur maður kemur og vill hefja það til vegs og gengis og fer geyst. Hinum, sem fyrir eru, líst ekki á blikuna og segja að ekkert sé hægt að gera. Hinn segir, að það skuli verða gert. Hinir segja að hann sé auli. Og svo byrja skammirnar.“

**Á DÖGUNUM** myndaðist hins vegar sprunga í gegnheila sannfæringu mína. Skrif fréttavefsins amx.is um fjöldamorð Anders Breivik í Noregi hafa vakið óhug með lesendum. Fyrstu viðbrögð smáfuglanna, hóps hægri-harðlínumanna sem skrifar dálkinn Fuglahvísl, við harmleiknum voru að nýta hann í pólitískan skotgrafahernað. Í stað þess að taka undir samúðarkveðjur sem Össur Skarphéðinsson sendi norsku þjóðinni sökuðu þeir utanríkisráðherra um hræsni og sögðu að hann „þættist“ aðeins harmi sleginn yfir atburðunum. Hann væri nefnilega sjálfur hálfgerður hryðjuverkamaður því hann hefði lýst yfir stuðningi við ríki Palestínu nokkrum dögum fyrr. Og enn stóð á samúðarkveðjum smáfuglanna. Af því sem næst kom mátti helst ráða að smáfuglunum þætti aðaltragedía árásarinnar vera sú að fjölmiðlar segðu morðingjann hægrimann. Í sjálfhverfri grein leiddu þeir að því líkur að Breivik ætti heldur að flokka sem jafnaðarmann.

**Í SKRIF** smáfuglanna skortir alla mannlega samkennd, virðingu og það sem mestu skiptir í vitibornum umræðum: glóru. Lyga- og hatursspýja þeirra fær hörðustu stuðningsmenn tjáningarfrelsisins til að efast. En rétt eins og Norðmenn hyggjast ekki leyfa einum morðóðum brjálæðingi að breyta gildum sínum eða samfélagsskipan má ekki leyfa nokkrum illum tungum að grafa undan einni grunnstoða lýðræðisins. Svo lengi sem vondar skoðanir brjóta ekki í bága við lög ber að standa vörð um tjáningarfrelsi þeirra sem láta þær í ljós. Við lesendur getum hins vegar vængstýft smáfuglana með því að hunsa vefinn amx.is.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Gólfefni á góðu verði



MUSTANG náttúrusteinn 30x60x1 cm **kr. 4.490** pr. m²



Steirer parket 3 stafa Clic
**kr. 4.690** pr. m²



TIBET flísar, 50x50 cm **kr. 3.490** pr. m²



Kut-Orient Anthrazite 33x66cm

**3.990** kr. m²

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**



Granít grátt 45,7x45,7cm
Einnig fáanleg 30x60cm

**4.590** kr. m²

## Frábært úrval af vönduðum flísum á góðu verði



CHAMPION, gott úrval og litir. 30x60 cm **kr. 4.490** pr. m²

**SEVES GLASSBLOCK**



## Hágæða glerhleðslusteinn



Comfort line plastparket, Beiki 121,5x194 mm

**1.475** kr. m²



Comfort line plastparket, Eik 121,5x194 mm

**1.575** kr. m²



Gólfflísar 30x30cm á þvottahús, geymslur og bílskúra

**1.190** kr. pr. m²



Kai, bílskúrsfl. úti og inni 33,3x33,3 cm

**1.975** kr. pr. m²



Gólfflísar 33x33cm

**1.790** kr. pr. m²



YFIR 10 TEGUNDIR Á ÞESSU VERÐI




Rakaþéttikvoða 7 kg

**5.290** kr.




Fúga **8 kg**

**2.290** kr.




Profiflex flísalím 25 kg

**2.995** kr.

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

***Reykjavík*** *Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16*
***Reykjanesbær*** *Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18*
***Akureyri*** *Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík*** *Garðarsbraut 50. Opið virka daga kl. 8-18*
***Vestmannaeyjar*** *Flatir 29. Opið virka daga kl. 8-18*

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*






# Fólk

folk@frettabladid.is



**8 MILLJÓNA DALA** launahækkun bíður Jennifer Lopez fyrir dómarastörfin í American Idol, en hún skrifaði nýlega undir nýjan samning. Hún fékk tólf milljónir dala fyrir fyrstu þáttaröðina og fær tuttugu fyrir aðra.



**HRESSAR STELPUR** Stúlkurnar sex sem eftir eru í keppninni um að vera næsta toppfyrirsæta Hollands ásamt þáttastjórnandanum. MYNDIR/KÁRI SVERRISS

# Hollensk fegurð í Hörpu

**Tökur á sjónvarpsþættinum Holland's Next Top Model fóru fram í Reykjavík í síðustu viku. Keppendurnir í þættinum áttu að koma fram á tískusýningu á Ingólfstorgi, en hún var færð inn í Hörpu, þar sem þessar myndir voru teknar.**



**TIGNARLEG** Já, svona á að gera þetta, gæti einhver hugsað.



**Á SÝNINGARPALLINUM** Stúlkurnar eru augljóslega orðnar sjóaðar í tískufræðunum eins og sést á þessari mögnuðu pósu.



**ÖRYGGI** Þrátt fyrir að hún væri í fjarlægu landi skein öryggið úr andliti þessarar stúlku.

# Raftónar undir jökli

Íslenska raftónlistarhátíðin Extreme Chill Festival 2011, Undir jökli verður haldin í annað sinn dagana, 5-7. ágúst, á Hellissandi við rætur Snæfellsjökuls. Um þrjátíu íslenskir flytjendur koma fram á hátíðinni í ár, þar á meðal Beatmakin Troopa, Epic Rain, Krummi, Prins Valium, Stereo Hypnosis og Steve Sampling. Einnig stíga á svið tveir erlendir tónlistarmenn, þeir Biosphere og Solar Fields. Í ár verður hátíðin tileinkuð raftónlistarfrumkvöðlinum Bjössa Biogen, sem lést í byrjun þessa árs.

Extreme Chill-raftónlistarkvöld hafa verið haldin reglulega síðan 2007 í Reykjavík við góðar undirtektir. Extreme Chill er hugarfóstur þeirra feðga Pan Thorarensen og Óskars Thorarensen (Stereo Hypnosis) og Andra Más Arnlaugssonar. Miðaverð á hátíðina er 5.500 kr. og fer sala fram á Midi.is og í verslunum Brim á Laugavegi og í Kringlunni.



**SKIPULEGGJA HÁTÍÐ** Pan Thorarensen og Andri Már Arnlaugsson eru mennirnir á bak við Extreme Chill ásamt Óskari Thorarensen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ævintýri í sundbíói

**Sundbíó Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, RIFF, hefur verið flutt úr Sundhöll Reykjavíkur í innisundlaug Laugardalslaugar. Í þetta sinn verður sýnd ævintýramyndin The NeverEnding Story frá árinu 1984. Íslenskir tónlistarmenn ætla einnig að mæta á svæðið og flytja sína útfærslu af titillagi myndarinnar sem Limahl gerði ódauðlegt á sínum tíma. Meðal mynda sem hafa áður verið sýndar í Sundbíóinu eru Jaws og Some Like It Hot. Forsala miða á er hafin á heimasíðunni Riff.is.**




**SAGAN ENDALAUSA** Kvikmyndin The NeverEnding Story verður sýnd í sundbíóinu.


BRUUNS BAZAAR
BY MALENE BIRGER
DKNY
FRENCH CONNECTION
FREE LANCE
GERARD DAREL
IMPERIAL
KRISTENSEN DU NORD
TWIST&TANGO
ÚTSALAN
hefst á morgun kl. 8:00
40-50%
afsláttur
eva
Laugavegi 26 | s.512 1715 | www.ntc.is
erum á facebook

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
THE RISE OF THE PLANET OF THE APES
HEIMSFRUMSÝND!
Þróun sem verður að byltingu
T.V. - kvikmyndir.is
CAPTAIN AMERICA
BRIDESMAIDS

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE RISE OF THE PLANET OF THE APES | 5, 7.30 og 10 |
| CAPTAIN AMERICA - 3D | 5, 7.30 og 10 |
| BRIDESMAIDS | 5, 7.30 og 10 |

SAMBÍÓIN
„Það er svo sannarlega nóg um að vera til að halda 3D-gleraugum áhorfenda límdum á alla myndina.“
70/100 HOLLYWOOD REPORTER
GREEN LANTERN
ÞRÓUN SEM VARÐ AÐ BYLTINGU
RISE OF THE PLANET OF THE APES
HORRIBLE BOSSES
CAPTAIN AMERICA

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN | Sýnd kl. 5:30(2D) - 8(3D) - 10.30(3D) | 12 |
| GREEN LANTERN LUXUS VIP | Sýnd í 2D kl. 8 - 10.30 | VIP |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd í 2D kl. 5:30 - 8 - 10:30 - 10:40 | 12 |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 5.30 | L |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 5.30 | L |
| CARS 2 textalaus | Sýnd í 2D kl. 11 | L |
| CARS 2 LUXUS VIP | Sýnd í 2D kl. 5.30 | VIP |
| HARRY POTTER | Sýnd í 3D kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER | Sýnd í 2D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 | Sýnd í 2D kl. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN (3D) | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali (2D) | kl. 5:40 | L |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER (2D) | kl. 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | kl. 10.30 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| BÍLAR 2 m/ísl tali 3D | kl. 2:30 - 5 | L |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | kl. 2:30 | L |
| GREEN LANTERN 3D | kl. 2:30 - 5 - 8 - 10:30 | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 5 - 8 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | kl. 8 - 10:45 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 2:30 - 5 - 10:45 | 12 |
| HARRY POTTER 3D | kl. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN | Sýnd í 3D kl. 5:30 - 8 - 10.30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | Sýnd í 3D kl. 8 - 10:30 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd í 2D kl. 8 - 10.20 | 12 |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 5.30 | L |
| SUPER 8 | kl. 5:45 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN DIGITAL-3D | kl. 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA DIGITAL-3D | kl. 10:30 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2D | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!
RISE OF THE PLANET OF THE APES
LÚXUS ÞRÓUN SEM VARÐ AÐ BYLTINGU HEIMSFRUMSÝNING
T.V. - KVIKMYNDIR.IS SÉÐ & HEYRT
CAPTAIN AMERICA
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR IRON MAN OG THOR
A.K. - DV
Friends With Benefits
midi.is
T.V. - KVIKMYNDIR.IS/SÉÐ & HEYRT
Harry Potter

| SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5% | | |
|---|---|---|
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 – 8 – 10.20 | 12 |
| RISE OF THE PLANET.... Í LÚXUS | KL. 5.40 – 8 – 10.20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| ZOOKEEPER | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| BAD TEACHER | KL. 8 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3.30 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5% | | |
|---|---|---|
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 – 8 – 10.20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| HARRY POTTER 3D | KL. 5.20 – 8 – 10.40 | 12 |
| BAD TEACHER | KL. 8 - 10.10 | 14 |
| ZOOKEEPER | KL. 5.45 | L |

| BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |




# Heimildarþáttur um Pippu

Gerður hefur verið klukkustundarlangur heimildarþáttur um Pippu Middleton. Þátturinn, sem hefur hlotið nafnið Crazy About Pippa, verður sýndur á TLC-sjónvarpsstöðinni hinn 9. ágúst næstkomandi.

Í þættinum er fylgst með daglegu lífi Pippu, sem varð fræg á einni nóttu eftir brúðkaup systur hennar, Kate Middleton, og Vilhjálms prins. Fjölmiðlar hafa fylgst náið með Pippu síðan þá og hefur hún fengið ýmis starfstilboð;Oprah Winfrey átti meðal annars að hafa boðið henni að stýra eigin spjallþætti. Eitt er þó víst – stjarna Pippu á aðeins eftir að skína enn skærar núna.



**Í SJÓNVARPIÐ** Gerður hefur verið heimildarþáttur um Pippu Middleton. NORDICPHOTOS/GETTY



**REYNSLUBOLTI** Georg Erlingsson Merritt hefur séð um að skipuleggja Draggkeppni Íslands síðan árið 1999, en keppnin fer fram í kvöld í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sívaxandi draggkeppni

**Mikil spenna er fyrir Draggkeppni Íslands 2011 sem fer fram í Hörpu í kvöld. Georg Erlingsson Merritt sér um að skipuleggja keppnina, sem hefur stækkað til muna á síðustu árum.**

„Við erum mjög spennt fyrir að halda keppnina í fyrsta sinn í Hörpu,“ segir Georg Erlingsson Merritt, skipuleggjandi Draggkeppni Íslands 2011.

Keppnin verður haldin í Silfurbergssalnum í Hörpu í kvöld og verður húsið opnað klukkan 20. Miðasalan fer vel af stað, en milli 550 og 600 miðar eru í boði. „Undanfarin ár höfum við alltaf selt upp á keppnina og vona ég að engin breyting verði á því í ár því að sætum fjölgi um 100,“ segir Georg, hefur séð um að skipuleggja keppnina síðan árið 1999.

Sjálfur vann hann Draggkeppni Íslands árið 1998 og finnur mikinn mun frá því hann byrjaði að vera með puttana í keppninni. „Ég man að fyrstu árin var keppnin haldin á litlum skemmtistöðum. Það var ekki fyrr en árið 2007 sem við förum að færa okkur í leikhúsin og höfum síðustu þrjú ár verið í Íslensku óperunni. Það var því ekkert eðlilegra en að fylgja þeim inn í Hörpuna enda er þar frábært fólk að vinna með.“

Hægt er að nálgast miða á harpa.is og í afgreiðslu tónlistarhússins, en sérstakt afsláttarverð er fyrir þá sem eru með VIP passa á Gay Pride og meðlimi í Samtökunum 78.

Georg hlakkar til kvöldsins og helgarinnar en hann verður í fyrsta sinn með pallbíl í Gay Pride göngunni. „Draggkeppnin verður í fyrsta sinn með eigin bíl og við erum með svakalega flott atriði. Vanalega hef ég farið gönguna fótgangandi en það verður gaman að prófa þetta.“

alfrun@frettabladid.is



**TIL VESTFJARÐA** Tónlistarmaðurinn Skúli mennski ferðast einn um Vestfirði 4. til 7. ágúst.

# Skúli einn á Vestfjörðum

**Tónlistarmaðurinn Skúli mennski fer einn og yfirgefinn um Vestfirði 4. til 7. ágúst og flytur eigin verk. Lög af nýjustu plötu hans, Búgí!, verða í forgrunni en eldra efni og óútgefið fær að fljóta með. Yfirskriftin er „Einn og yfirgefinn“ þar sem hljómsveit hans Grjót verður ekki með í för. Mugison verður Skúla þó til halds og trausts tvö kvöld og flytur eigin lög. Viðkomustaðir Skúla mennska eru Bolungarvík, Ísafjörður, Patreksfjörður og Súðavík.**

# Scarlett Johansson afþakkaði stefnumót

Hálfgert æði hefur gripið um sig meðal bandarískra hermanna undanfarnar vikur eftir að einn þeirra varð sér úti um stefnumót með leikkonunni Milu Kunis. Fjöldi hermanna hefur fetað í fótspor hins heppna dáta og boðið ýmsum stjörnum á árlegt ball hermanna og nú síðast fékk Scarlett Johansson slíkt boð.

Hermaðurinn Dustin Williams bjó til lítið myndband sem hann setti á vefsíðuna Youtube og óskaði eftir því að fara á ballið með Scarlett Johansson. Leikkona var þó upptekin við tökur og afþakkaði boðið en sendi Williams kassa af kampavíni í sárabætur. „Það er mér mikill heiður að hafa fengið boð á ballið. Williams á skilið hrós fyrir starf sitt í þágu Bandaríkjanna og fyrir hið skemmtilega myndband. Ég verð þó að afþakka þetta góða boð vegna vinnu,“ skrifaði Johansson meðal annars í bréfi til hermannsins.

Justin Timberlake mun þó sækja ballið eins og Mila Kunis auk þess sem Terminator-leikkonan, Linda Hamilton, bauðst til þess að fara á ballið í stað Betty White.



**AFÞAKKAÐI STEFNUMÓT** Leikkonan Scarlett Johansson afþakkaði boð á stefnumót frá bandarískum hermanni.

BÍÓ★PARADÍS Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

# Sáust ítrekað saman

Leikarinn James Franco sagði frá því í viðtali við Playboy að hann og kærasta hans til fimm ára, leikkonan Ahna O'Reilly, væru hætt saman. Hann kenndi námsþorsta sínum um sambandsslitin.

„Ég hafði nýlokið námi í New York og skráði mig svo í frekara nám í Yale. Ég held að það hafi gert útslagið. Ég var of mikið fjarverandi," sagði leikarinn. Aðrir vilja meina að parið hafi hætt saman vegna vináttu Francos við bresku fyrirsætuna Agyness Deyn en þau hafa sést ítrekað saman frá því í janúar. Síðast sást til þeirra á hóteli í Los Angeles í lok síðustu viku og að sögn sjónarvotta voru þau mjög innileg við hvort annað.



**NÝTT PAR?** James Franco og Agyness Deyn hafa sést ítrekað saman frá því í janúar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ljósmyndir urðu Amy að falli

Bandaríska leikkonan og fyrirsætan Paz de la Huerta er að leggja lokahönd á nýja kvikmynd sem byggð er á sögunni um rauðu skóna. Hún segir mikilvægt að boðskapur kvikmyndarinnar komist til skila því hann eigi mjög vel við í dag.

„Myndin fjallar um einstaka konu sem býr í smábæ og er útskúfað vegna þess að hún er hæfileikarík og öðruvísi en aðrir. Þegar hún svo gerir mistök fyrirgefa hinir bæjarbúarnir henni ekki því þeir eru svo öfundsjúkir út í hana," sagði de la Huerta, sem fer sjálf með aðalhlutverkið. Leikkonan þykir nokkuð sérstök bæði í hegðun og fasi og hefur látið ýmislegt flakka í blaðaviðtölum. Í viðtali við New York Observer segir hún lélegar ljósmyndir af Amy Winehouse hafa verið á meðal þess sem varð söngkonunni ungu að falli.

„Fjölmiðlar verða að læra að bera ábyrgð á gjörðum sínum. Sjáið hvað kom fyrir Amy Winehouse. Kannski hefði hún haft meira sjálfstraust ef tímarit hefðu ekki birt svona mikið af ljótum myndum af henni og þá hefði hún kannski ekki drukkið eins mikið," sagði leikkonan.



**SEST Í LEIKSTJÓRASTÓL** Paz de la Huerta leikstýrir kvikmynd sem flytur boðskap sem á vel við í dag. NORDICPHOTOS/GETTY



**ÁHYGGJULAUS** Jay-Z skemmti sér áhyggjulaus ásamt fyrirsætu á meðan Beyoncé ferðaðist um heiminn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sást með annarri konu

**Rapparinn Jay-Z hefur verið kvæntur söngkonunni Beyoncé frá árinu 2008 og er parinu mjög umhugað um einkalíf sitt. Samkvæmt sjónarvottum sást þó rapparinn skemmta sér með fyrirsætunni Selitu Ebanks á skemmtistað.**

**„Þau föðmuðust og hlógu mikið saman. Hann virtist alveg áhyggjulaus og hagaði sér eins og hann væri á lausu. Beyoncé virtist ekki vera í huga hans," sagði sjónarvottur.**

**Beyoncé er á tónleikaferðalagi um Evrópu um þessar mundir en hún er ein vinsælasta söngkona heims.**



**ENN SAMAN** Blake Lively og Leonardo DiCaprio eru enn saman. NORDICPHOTOS/GETTY

# Deildu taco á milli sín

**Lítið hefur sést til Blake Lively og Leonardos DiCaprio undanfarið og hafa slúðurmiðlar velt því fyrir sér hvort parið hafi slitið sambandi sínu. Svo er þó ekki því til þeirra sást í Los Angeles á miðvikudag.**

**Lively og DiCaprio sáust fyrst saman á Cannes-kvikmyndahátíðinni í vor og hafa fjölmiðlar veitt sambandi þeirra mikla athygli. Ástin milli þeirra virðist enn í fullum blóma því Lively tók sér hlé frá tökum til þess að snæða hádegismat með DiCaprio á miðvikudaginn var. „Þau sátu hlið við hlið og deildu með sér disk af mexikóskum mat. Þau töluðu mjög hljóðlega saman og aðrir gestir létu þau alveg í friði," var haft eftir sjónarvotti.**


RÖNNING

Betri tæki
Betri matur

Hættu að henda matnum!

Vissir þú að meðalheimili hendir yfir **100 kílóum** af grænmeti og öðrum matvælum í ruslið á ári? Þennan risavaxna haug má að nokkru leyti skrifa á ranga meðferð við geymslu matvæla. Lestu um kælisvæðin þrjú í bókinni **brrrhh** sem fylgir með hverjum seldum kæliskáp hjá Rönning.



ÍSSKÁPUR - RK6162AW
Hæð: 161cm
Orkunýting: A+++
Nýtanlegt rými kælis: 232 L
Nýtanlegt rými frystihólfs: 53 L
**Tilboðsverð: 124.900 kr**
**Verð áður: 154.900 kr**



ÍSSKÁPUR - RK60358DW
Hæð: 180cm
Orkunýting: A+
Nýtanlegt rými kælis: 230 L
Nýtanlegt rými frystihólfs: 86 L
**Tilboðsverð: 134.900 kr**
**Verð áður: 157.900 kr**



ÍSSKÁPUR - RK61821X
Hæð: 180cm
Orkunýting: A++
Nýtanlegt rými kælis: 230 L
Nýtanlegt rými frystihólfs: 90 L
**Tilboðsverð: 144.900 kr**
**Verð áður: 169.900 kr**

www.ronning.is

Reykjavík
Skútuvogi 1
Sími: 562 4011

Akureyri
Draupnisgata2
Sími: 460 0800

Reyðarfjörður
Nesbraut 9
Sími: 470 2020

FÓÐURLANDIÐ

# sport

sport@frettabladid.is



**ÁSDÍS HJÁLMSDÓTTIR** spjótkastari tryggði sér í gærkvöldi sæti á Ólympíuleikunum í London 2012. Ásdís kastaði 59,12 metra á móti í Laugardalnum en lágmarkið er 59 metrar. Ásdís, sem keppir á Demantamótaröðinni í frjálsum í London á föstudag, sagði í samtali við Fréttablaðið mikinn létti að lágmarkið væri komið í hús. Aðstæður í Laugardalnum hefðu verið hinar bestu og ánægjulegt væri að geta farið afslöppuð til keppni í London.

# Hef meiri trú á Fram en Víkingi

**Þrettánda umferð Pepsi-deildar karla hefst í dag með fimm leikjum. Þórður Þórðarson, þjálfari ÍA, spáir í spilin fyrir Fréttablaðið en hann hefur ekki trú á því að önnur lið muni ógna atlögu KR að titlinum.**

**FÓTBOLTI** Keppni í Pepsi-deild karla hefst aftur í dag eftir stutt hlé. Fimm leikir fara fram í kvöld en viðureign Keflavíkur og KR er frestað vegna þátttöku síðarnefnda liðsins í Evrópudeild UEFA. KR er þó með fjögurra stiga forystu á næsta lið og missir því ekki toppsætið í kvöld.

Þórður Þórðarson, þjálfari toppliðs ÍA í 1. deild karla, telur einmitt að fátt geti komið í veg fyrir að KR standi uppi sem Íslandsmeistari í haust.

„Ég á ekki von á öðru en að KR, ÍBV og Valur verði áfram að berjast á toppnum eins og áður,“ sagði Þórður um framhaldið. „Mér sýnist að þessi lið séu sterkustu lið deildarinnar þegar á heildina er litið. Ég tel einnig að það sé ekkert lið sterkara en KR í dag og býst við að KR-ingar muni sigla titlinum í höfn í haust.“



MEISTARARNIR MÆTAST Þórður Þórðarson, þjálfari ÍA, reiknar með spennandi viðureign þegar Breiðablik tekur á móti FH í kvöld. Hér eru Atli Viðar Björnsson, FH, og Blikinn Kristinn Jónsson í fyrri leik liðanna í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Erfitt hjá ÍBV í Árbænum

Valur mætir Grindavík á heimavelli í kvöld en ÍBV mætir Fylki í Árbænum. Þórður reiknar með Valssigri en segir verkefni ÍBV erfiðara. „Gallinn við Fylkismenn er hversu óstöðugir þeir hafa verið en þeir hafa verið sterkir í síðustu leikjum,“ sagði Þórður.

Íslandsmeistarar Breiðabliks mæta bikarmeisturum FH í kvöld en hvorugt lið hefur náð sér almennilega á strik í sumar. FH er í fjórða sæti en Blikar í því áttunda. „Bæði lið þurfa þrjú stig til að halda sér í efri hluta deildarinnar – sérstaklega Blikar. Ég á ekki von á að þeir muni blanda sér í baráttu efstu fimm liða deildarinnar ef þeir tapa í kvöld,“ segir Þórður en gengi Blika í sumar hefur komið honum á óvart. „Breiðablik átti gott tímabil í fyrra og ég hélt að liðið myndi ná að fylgja því eftir.“

### Láta frekar verkin tala

Stjörnumenn hafa að sama skapi staðið sig betur en Þórður reiknaði með fyrir tímabilið en liðið er nú í fimmta sætinu og mætir lánlausum Víkingum í kvöld.

Víkingar eru í fallsæti eins og er og töpuðu í síðasta leik fyrir hinum nýliðunum, Þór, með sex mörkum gegn einu. Var það fyrsti leikur Bjarnólfs Lárussonar með liðið eftir að skipt var um þjálfara. „Bjarnólfur sagði fyrir þann leik að það yrðu miklar breytingar á sínu liði strax í fyrsta leik. Helsta breytingin var hversu mörg mörk Víkingar fengu á sig. Mér finnst hann hafa verið full yfirlýsingaglaður og fengið sín ummæli í bakið. Það eru ekki traustvekjandi vinnubrögð og sendir slæm skilaboð til leikmanna. Oft er betra að láta verkin tala,“ sagði Þórður.

> Bjarnólfur sagði fyrir þann leik að það yrðu miklar breytingar á sínu liði strax í fyrsta leik. Helsta breytingin var hversu mörg mörk Víkingar fengu á sig.
>
> **ÞÓRÐUR ÞÓRÐARSON**
> ÞJÁLFARI ÍA

### Þorvaldur mun bjarga Fram

Fram er í botnsæti deildarinnar og mætir einmitt Þór í kvöld. Þórður hefur meiri trú á að Fram muni bjarga sér en Víkingur. „Ég þekki það sjálfur að Þorvaldur (Örlygsson) er góður þjálfari og tel að hann muni ná að bjarga liðinu frá falli. Það mun þó velta að stórum hluta á þessum leik. Þórsarar hafa þó verið á góðum skriði að undanförnu og ef þeir ætla sér að verða alvörulið verða þeir að halda áfram á þeirri siglingu.“

### Værum um miðja efstu deild

Skagamenn hafa sýnt ótrúlega yfirburði í fyrstu deildinni í sumar og eru með sextán stiga forystu á liðið í þriðja sæti. Þórður telur að sínir menn myndu spjara sig ágætlega í Pepsi-deildinni í ár. „Ég tel að ÍA væri miðlungslið í deildinni í dag. Við erum skrefi á eftir bestu liðunum en gætum siglt nokkuð lygnan sjó um miðja deild miðað við spilamennsku okkar í sumar,“ segir Þórður en bendir á að Skagamenn séu langt því frá byrjaðir að hugsa um líf í Pepsi-deildinni. „Við ætlum ekki að fagna einu né neinu fyrr en úrvalsdeildarsætið verður í höfn.“ eirikur@frettabladid.is



ALHLIÐA LEIKMAÐUR Haukur telur boltann í Evrópu henta sér betur.

Haukur hættur hjá Maryland:

## Vill komast að hjá liði í Evrópu

**KÖRFUBOLTI** Haukur Helgi Pálsson, landsliðsmaður Íslands í körfuknattleik, hefur tekið þá ákvörðun að hætta að spila með Maryland-háskóla. Hann vonast til þess að komast að hjá félagi í Evrópu.

„Ég held að leikstíllinn minn henti betur í Evrópu. Mér hefur fundist mun skemmtilegra að spila í Evrópu en í Bandaríkjunum. Þetta er meira alhliða körfubolti í Evrópu,“ segir Haukur.

Haukur, sem er 19 ára, stóð sig vel á fyrsta ári sínu með skólaliðinu í fyrra.

„Jú, það gekk ágætlega úti. Ég byrjaði í seinustu tveimur leikjunum mínum, sem er mjög gott fyrir fyrsta árs nema. En þótt það hafi gerst leitaði hugurinn alltaf til Evrópu,“ segir Haukur.

Haukur segir vissulega áhættu fólgna í því að segja upp fullum skólastyrk í þeirri von að komast að hjá félagi í Evrópu.

„Það er náttúrulega alltaf áhætta eins og heimurinn er í dag. En ég vona það besta. Það er ekkert skrifað í stein hvort ég fer eitthvað eða ekki. En vonandi gerist það og ég er frekar bjartsýnn,“ segir Haukur, sem segir nokkur félög í Evrópu hafa sýnt honum áhuga.

„Ég hefði mjög gaman af því að spila á Ítalíu eða á Spáni. En maður veit aldrei hvar maður endar sitt fyrsta atvinnutímabil í körfuboltanum ef af verður.“ - ktd

### PEPSI-DEILDIN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **11** | **8** | **3** | **0** | **25-7** | **27** |
| Valur | 12 | 7 | 2 | 3 | 18-9 | 23 |
| **ÍBV** | **11** | **7** | **1** | **3** | **16-9** | **22** |
| FH | 12 | 5 | 4 | 3 | 26-18 | 19 |
| **Stjarnan** | **12** | **5** | **3** | **4** | **22-20** | **18** |
| Fylkir | 12 | 5 | 3 | 4 | 20-21 | 18 |
| **Keflavík** | **12** | **5** | **2** | **5** | **17-17** | **17** |
| Breiðablik | 12 | 4 | 3 | 5 | 20-24 | 15 |
| **Þór** | **12** | **4** | **2** | **6** | **17-23** | **14** |
| Grindavík | 12 | 3 | 2 | 7 | 15-26 | 11 |
| **Víkingur** | **12** | **1** | **4** | **7** | **9-21** | **7** |
| Fram | 12 | 1 | 3 | 8 | 7-17 | 6 |

pepsi deildin

**Miðvikudagurinn 3. ágúst**

**Fylkir - ÍBV** kl. 19.15
Fylkisvöllur

**Valur - Grindavík** kl. 19.15
Vodafonevöllurinn

**Breiðablik - FH** kl. 19.15
Kópavogsvöllur

**Víkingur R. - Stjarnan** kl. 19.15
Víkingsvöllur

**Þór - Fram** kl. 19.15
Þórsvöllur

DREKKTU Í ÞIG BOLTANN

Ekkert lát er á sigurgöngu knattspyrnulandsliða Spánverja, sem bættu tveimur titlum í safnið um helgina:

# Ótrúleg velgengni spænsku landsliðanna

**FÓTBOLTI** Merkilegur viðsnúningur hefur átt sér stað í frammistöðu Spánverja á stórmótum í knattspyrnu undanfarin ár. Fyrir örfáum árum þótti jafnöruggt að Spánverjar myndu ekki standa undir væntingum á stórmótum og Englendingar. Þá er mikið sagt. Í kjölfarið á Evrópumeistaratitli sínum sumarið 2008 tóku hins vegar Spánverjar yfir alþjóðaknattspyrnu og virðast seint munu sleppa takinu.

Frammistaða yngri landsliða Spánar gefur nefnilega til kynna að framtíðin sé afar björt. U21 árs landsliðið fór taplaust í gegnum Evrópukeppnina í Danmörku í sumar. Sigurinn var forsmekkurinn að mögnuðu sumri hjá yngri landsliðum Spánar.

Kvennalandsliðið skipað leikmönnum 17 ára og yngri varð Evrópumeistari á sunnudag þar sem íslensku stelpurnar voru meðal annars yfirspilaðar af meisturunum. Sólarhring síðar var komið að karlalandsliðinu skipuðu leikmönnum 19 ára og yngri, sem lagði Tékka í dramatískum úrslitaleik.

„Lykillinn að árangrinum er starfið sem knattspyrnusamband Spánar vinnur um allt landið,“ sagði Ginés Meléndez, þjálfari 19 ára landsliðs Spánar, eftir sigur sinna manna á mánudag. „Við fáum leikmennina þegar þeir eru 15 ára. Þeim er kennt að vinna innan ákveðins ramma sem breytist ekki þótt þeir flytjist á milli aldursflokka. Ramminn er sá sami allt upp í A-landsliðið,“ sagði Meléndez.



BIKARINN Á LOFT Spánverjar fagna heimsmeistaratitlinum sumarið 2010, einum af fjölmörgum sigrum landsliða Spánar á undanförnum árum. NORDIC PHOTOS/AFP

Sigurinn var sá fimmti í Evrópukeppni 19 ára karlalandsliða á tíu árum. Árið 2002 mættu Spánverjar jafnöldrum sínum frá Þýskalandi í úrslitaleik keppninnar. Fernando Torres skoraði eina mark úrslitaleiksins á Ullevaal-leikvanginum í Osló.

Sex árum eldri, sumarið 2008, var Torres aftur úrslitavaldurinn þegar hann skoraði sigurmarkið í Evrópukeppni A-landsliða. Aftur lágu Þjóðverjar í valnum. Spánverjar höfðu ekki unnið stórmót í knattspyrnu síðan á Evrópumótinu 1964.

Með heimsmeistaratitlinum 2010, sínum fyrsta, staðfesti spænska landsliðið yfirburði sína á knattspyrnuvellinum. Landsliðsþjálfarinn Vincente del Bosque er þó alls ekki saddur.

„Það er frábært að minnast sigra og fagna þeim en á sama tíma verðum við að undirbúa okkur fyrir framtíðina,“ segir del Bosque, en fram undan er Evrópukeppni landsliða 2012.

Hann segir árangur A-landsliðsins enga tilviljun.

„Leikmennirnir sem við höfum úr að velja koma í A-landsliðið meðvitaðir um hvernig þeir eiga að spila,“ segir del Bosque.

Hvergi er veikan blett að finna á Spánverjum þegar knattspyrna er annars vegar. Barcelona hefur borið höfuð og herðar yfir önnur félagslið undanfarin ár. Til marks um það hefur liðið staðið uppi sem sigurvegari í Meistaradeild Evrópu þrisvar á síðustu sex árum.

Spánverjar virðast meira að segja fremstir meðal jafningja í innanhússknattspyrnu, futsal. Karlalandsliðið er ríkjandi Evrópumeistari og silfurverðlaunahafi á síðasta heimsmeistaramóti. - ktd

## > Jessica Biel

„Ég hugsa að ég geti drukkið mitt eigið blóð, er það skrítið?“

***Jessica Biel leikur í kvikmyndinni The Illusionist sem gerist í Vín í aldarbyrjun og fjallar um töframann sem notar hæfileika sína til að tryggja sér ástir draumadísarinnar. Sýnd á Stöð 2 bíói kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON HLÆR AÐ ZACH GALIFIANAKIS

# Þvílíkur snillingur

Grískættaði leikarinn Zach Galifianakis er fyndnasti maður heims um þessar mundir. Hann er búinn að vera lengi að á jaðrinum, en komst upp á yfirborðið eftir stórkostlega frammistöðu í gamanmyndinni The Hangover fyrir tveimur árum. Ég dýrka þennan gaur. Hann er kominn á það stig hjá mér að þurfa varla að opna á sér munninn svo ég veltist um úr hlátri.

Ég horfði á myndina Due Date á dögunum, en þar leikur Galifianakis verðandi leikara sem tekur að sér að keyra persónu Robert Downey Jr. heim til sín með afar hlægilegum afleiðingum. Hvort sem fólk hefur séð myndina eða ekki mæli ég með því að fólk horfi á hana og fylgist með Galifianakis allan tímann. Það er frábær skemmtun. Ég mæli einnig með því að fólk horfi þannig á The Hangover. Zach Galifianakis er einnig í stóru hlutverki í þáttunum Bored to Death, sem Stöð 2 hefur sýnt. Fyrstu þáttaröð er lokið, ég bíð spenntur eftir annarri og sú þriðja verður framleidd, samkvæmt nýjustu fréttum.

Gamanleikarar fuðra stundum upp þegar þeir verða vinsælir. Will Ferrell má til dæmis muna sinn fífil fegurri. Hann var einu sinni fyndnastur í heimi og lék aðalhlutverkið í bestu gamanmynd seinni ára, Anchorman. Galifianakis hefur nóg að gera þessa dagana og ég get ekki annað en vonað að hann haldi áfram að vera fyndinn og velji hlutverkin af kostgæfni. Það væri leiðinlegt að sjá á eftir honum ofan í „þessir voru einu sinni fyndnir“-holuna og það er aðeins einn maður sem getur komið í veg fyrir að það gerist. Hann sjálfur.



## RÚV

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Reiðskólinn** (15:15)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (28:35)
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (3:10)
**18.30 Gló magnaða** (2:10)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Nýgræðingar** (Scrubs)
**20.10 Læknamiðstöðin** (Private Practice)
**21.00 Hringiða** (5:8) (Engrenages II) Franskur sakamálamyndaflokkur. Lögreglukona, saksóknari og dómari sem koma að rannsókn sakamáls hafa hvert sína sýn á réttlætið.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Heimsmeistaramót íslenska hestsins** (2:5) Stutt samantekt frá keppni dagsins í Graz í Austurríki.
**22.40 Kviksjá** Sigríður Pétursdóttir kynnir og ræðir um myndina Veggfóður.
**22.45 Veggfóður** Íslensk bíómynd frá 1992 um tvo vini sem reka veitingastað og girnast báðir gengilbeinu þar. (e)
**00.10 Kviksjá**
**00.20 Íslenski boltinn**
**01.15 Landinn** (e)
**01.45 Fréttir** (e)
**01.55 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Fur**
**10.00 The Object of My Affection**
**12.00 Kirikou and the Wild Beasts**
**14.00 Fur**
**16.00 The Object of My Affection**
**18.00 Kirikou and the Wild Beasts**
**20.00 Taken**
**22.00 The Illusionist**
**00.00 According to Spence**
**02.00 Find Me Guilty**
**04.00 The Illusionist**
**06.00 The Hangover**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (2:175)
**10.20 Cold Case** (6:22)
**11.05 Glee** (5:22)
**11.50 Grey's Anatomy** (16:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (41:43)
**13.25 Chuck** (18:19)
**14.15 Gossip Girl** (14:22)
**15.00 iCarly** (24:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (18:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (20:24)
**19.45 Modern Family** (7:24)
**20.05 Hot in Cleveland** (3:10) Frábærir gamanþættir sem fjalla um þrjár frábærar vinkonur frá Los Angeles, rithöfundinn Melanie Morretti, augnabrúnasérfræðing stjarnanna, Joy Scroggs, og fyrrverandi sápuóperuleikkonuna Victoriu Chase. Líf þeirra breytist til frambúðar þegar flugvélin þeirra, sem var á leið til Parísar, stoppar óvænt í Cleveland.
**20.30 Cougar Town** (3:22) Önnur röðin af þessum skemmtilega gamanþætti með Courteney Cox úr Friends.
**20.55 Off the Map** (9:13)
**21.40 Diamonds** (2:2)
**23.10 Sex and the City** (15:20)
**23.40 The Closer** (1:15)
**00.25 The Good Guys** (1:20)
**01.10 Sons of Anarchy** (1:13)
**02.05 Medium** (12:22)
**02.45 Getting Played**
**04.15 Disaster!**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.05 Einvígið á Nesinu** Sýnt frá einvíginu á Nesinu þar sem flestir af bestu kylfingum landsins í karla og kvennaflokki voru samankomnir.
**19.00 Fylkir - ÍBV** Bein útsending frá leik í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**21.15 Rey Cup mótið** Sýnt frá Rey Cup, alþjóðlegu knattspyrnumóti sem haldið er í Reykjavík fyrir börn og unglinga. Leikið er í 3. og 4. flokki karla og kvenna. Umsjónarmaður þáttarins er Guðjón Guðmundsson.
**22.00 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
**23.10 Fylkir - ÍBV** Útsending frá leik í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**01.00 Pepsi mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.05 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**18.35 Platini** Í þessum þætti verður fjallað um Platini sem gerði garðinn frægan með Juventus og franska landsliðinu á árum áður.
**19.05 Season Highlights 2003/2004** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**20.00 Boca Juniors - Paris St. Germain** Útsending frá leik Boca Juniors og Paris St. Germain í Emirates Cup 2011.
**21.45 Arsenal - NY Red Bulls** Útsending frá leik Arsenal og New York Red Bulls í Emirates Cup 2011.
**23.30 Vålerenga - Liverpool** Útsending frá æfingaleik Vålerenga og Liverpool í Osló.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (15:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 How to Look Good Naked** (5:8) (e)
**19.00 The Marriage Ref** (11:12) (e) Bráðskemmtileg þáttaröð þar sem stjörnudómstóll leysir úr ágreiningsmálum hjóna. Grínistinn Jerry Seinfeld er hugmyndasmiðurinn á bak við þættina.
**19.45 Will & Grace** (19:27) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
**20.10 Top Chef** (11:15) Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.
**21.00 My Generation** (6:13) Bandarísk þáttaröð í heimildamyndastíl sem fjallar um útskriftarárgang frá árinu 2000 í Texas.
**21.50 The Bridge** (5:13) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um lögreglumanninn Frank og baráttu hans við spillingaröfl innan lögreglunnar.
**22.40 The Good Wife** (7:23) (e)
**23.25 Californication** (7:12) (e)
**23.55 Hawaii Five-0** (22:24) (e)
**00.40 Law & Order: Los Angeles** (19:22) (e)
**01.25 CSI** (17:23) (e)
**02.15 Will & Grace** (19:27) (e)
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 The Greenbrier Classic** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Opna breska meistaramótið 2011** (4:4)
**21.35 Inside the PGA Tour** (31:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (28:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (162:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**20.15 Gilmore Girls** (1:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Middle** (23:24) Frábærir gamanþættir í anda Malcolm in the Middle um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni.
**22.20 Diamonds** (1:2) Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Dóttir bandarískrar þingkonu er myrt í demantanámu í Afríku og hún er staðráðin í að komast til botns í málinu. Á sama tíma ríðar eitt stærsta demantafyrirtæki heims til falls og harðskeyttur sonur berst um völdin í fyrirtækinu við föður sinn. Þetta er mögnuð saga um hættulegan iðnað þar sem menn svífast einskis í leitinni að hinum fullkomna demanti. Myndin er byggð á samnefndri bók eftir Matthew Hart.
**23.50 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.
**00.15 Gilmore Girls** (1:22)
**01.00 The Doctors** (162:175)
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Gestagangur hjá Randveri** Randver fær til sín gest.
**20.30 Veiðisumarið** Veiðimöguleikar um verslunarmannahelgina og rýnt í veiðitölur.
**21.00 Fiskikóngurinn** Kristján Berg elskar að elda fisk.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur Ólafsson ræða stjórnmál.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 21.40

### Diamonds

Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar með Judy Davis, James Purefoy og Derek Jacobi í aðalhlutverkum. Þetta er mögnuð saga um hættulegan iðnað þar sem menn svífast einskis í leitinni að hinum fullkomna demanti.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Í boði náttúrunnar **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Undir appelsínugulum himni **23.05** Á slóðum Þormóðs ramma **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**11.20** Monarch of the Glen **12.10** Keeping Up Appearances **12.40** The Inspector Lynley Mysteries **13.30** The Inspector Lynley Mysteries **14.15** Deal or No Deal **14.50** Deal or No Deal **15.25** Deal or No Deal **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** 'Allo 'Allo! **16.55** 'Allo 'Allo! **17.25** New Tricks **18.15** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **23.55** QI

## DR 1

**14.00** Thomas og hans venner **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Linus i Svinget **15.00** Kærlighed i ukendt land **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** På optagelse med Livets planet **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet Sommer **17.45** Sommervejret **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Undercover chef **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret **19.30** Post Danmark Rundt 2010 **19.55** Jack Driscoll **21.35** Onsdags Lotto **21.40** OBS **21.45** Ved du hvem du er? **22.45** Kyst til kyst

## NRK 1

**06.25** Dallas **07.15** Sommeråpent **08.00** Landsskytterstevnet **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 90-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Landsskytterstevnet **17.50** Luksus i ørkenen **18.20** Luftens helter **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Sommeråpent **20.15** Mordene på Skärsö **21.15** Kveldsnytt **21.30** Afrikas ukjende historie **22.30** Victor Borge - Verdens morsomste mann **23.30** Svisj gull **01.00** Dansefot jukeboks m/chat **05.55** Frilandshagen

## svt1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Dieternas kamp **14.50** K-märkt form **14.55** Allsång på Skansen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** En svensk sommar i Finland **16.55** Via Sverige **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Sommarmord **19.30** The Tudors **20.25** Undercover Boss **21.10** Jämna plågor **21.40** När jag visste att jag var gay **22.20** Damages **23.00** Vem tror du att du är?




Við opnum winwin.is á morgun

- Sólarlandaferðir á ótrúlegu verði
- Magnaðir tónleikar
- Íslenskir hönnuðir
- Flottustu veitingahús landsins

Like

Farðu á www.winwin.is, skráðu þig á póstlistann okkar, skelltu þér svo á Facebook og smelltu á „like“.

## SUNDLAUGIN MÍN



*„Laugardalslaugin er best. Þar er alltaf nóg pláss í pottunum og maður hittir skemmtilegt fólk til að spjalla við.“*

Ása Ottesen, eigandi vefverslunarinnar Lakkalakk.com

# Melissa hreifst af Hellvar í Hudson

Melissa Auf der Maur, fyrrverandi bassaleikari Hole og The Smashing Pumpkins, hreifst af hljómsveitinni Hellvar á útitónleikum í borginni Hudson í New York-ríki fyrir skömmu.

„Hún kom og kynnti sig og við spjölluðum aðeins við hana og manninn hennar. Þau voru nýkomin frá Íslandi og við vorum aðallega að tala um Snæfellsnes og eldfjöll,“ segir Elvar Geir Sævarsson úr Hellvar. Melissa, sem hefur gefið út tvær sólóplötur, sagðist hafa fílað Hellvar í tætlur og bauð sveitinni að taka þátt í tónlistargjörningi í gamalli verksmiðju sem hún keypti í Hudson og breytti í listasmiðju. Fleiri hljómsveitir áttu að taka þátt í gjörningnum og kom Meshell Ndegeocello, sem hefur spilað á bassa hjá David Bowie, að skipulagningunni. Engri hljómsveit var þó boðið upp á svið þegar allt kom til alls. „Þarna var allsbert fólk á sviðinu að skera niður hrátt kjöt. Þetta var algjör steypugeðveiki og frábært að horfa á þetta,“ segir Elvar Geir.

Síðustu tónleikar Hellvar í Bandaríkjareisunni verða á staðnum Goodbye Blue Monday í Brooklyn í kvöld. Hljómsveitin hefur dvalið í Hudson í góðu yfirlæti og þar er tónlistarlífið afar blómlegt. „Þetta er algjör snilldarbær. Það eru allir tónlistarmenn hérna,“ segir Elvar Geir en þetta er þriðja árið í röð sem hljómsveitin spilar í borginni og nágrenni hennar. **- fb**



**HREIFST AF HELLVAR** Melissa Auf der Maur hreifst af hljómsveitinni Hellvar. NORDICPHOTOS/GETTY



**Á TÓNLEIKUM** Hellvar á útitónleikum í borginni Hudson í Bandaríkjunum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónlistarmaðurinn **Alan Jones**, sem tók þátt í X-Factor, er gestasöngvari í nýju lagi rapparans Ástþórs Óðins, This Is the Life. Lagið er hugsað sem upphitun fyrir næstu sólóplötu Ástþórs, sem kemur út á næsta ári. Hún fylgir eftir Both Ways, sem kom út í fyrra á vegum bandarísku útgáfunnar Expat Records. Ástþór kemur næst fram á Fiskideginum mikla á Dalvík á föstudaginn. Meðal annarra sem stíga á svið sama dag eru Jógvan og Friðrik Ómar, Matthías Matthíasson og Eyþór Ingi.



Söngleikurinn Hárið hefur verið sýndur í Hörpu undanfarið og samkvæmt aðstandendum hafa um 12.000 manns séð sýninguna. Ýmislegt hefur gengið á, en eins og Fréttablaðið sagði frá fyrir skömmu munaði litlu að illa færi þegar **Jóhannes Haukur** féll þrjá metra niður úr reipi í upphafi sýningar. Upphaflega átti síðasta sýningin að vera í júlí en nú hefur verið ákveðið að halda áfram að sýna Hárið í ágúst. Þá er vona á geisladiski með lögunum úr sýningunni, en leikararnir skelltu sér í hljóðver á dögunum og tóku upp öll lögin á tveimur dögum. **- fb, afb**




Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

10 ÁRA

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft

## ELLEN LOFTSDÓTTIR: VINNAN FER EKKI MEÐ INN Á HEIMILIÐ

# Tískumyndband þróaðist út í myndband fyrir GusGus

„Tökurnar gengu vel enda blandaðist þarna saman fallegur hópur af fólki, góð tónlist og frábært veður,“ segir Ellen Loftsdóttir stílisti, sem leikstýrir nýjasta myndbandi hljómsveitarinnar GusGus ásamt sambýlismanni sínum Þorbirni Ingasyni.

Bæði voru þau að þreyta frumraun sína sem leikstjórar en Þorbjörn er grafískur hönnuður. Hugmyndin byrjaði sem tískumyndband en þróast svo út í tónlistarmyndaband fyrir eina vinsælustu sveit landsins.

„Við fengum þrjú lög frá Bigga Veiru (innsk.bl. meðlimur í GusGus) þegar við gerðum lítið tískumyndband sem sýnt var á Reykjavík Fashion Festival í vor,“ segir Ellen en í kjölfarið kom upp sú hugmynd að gera tískustuttmynd fyrir Guðmund Jörundsson fatahönnuð og tvinna það saman við tónlist frá GusGus. „Þetta endaði svo í að gera heljarinnar tónlistarmyndband við lagið Over. Við vorum svo heppin að fá kvikmyndatökumanninn Karl Óskarsson með okkur í lið, sem er hokinn af reynslu á þessu sviði.“

Tökur á myndbandinu fóru fram á strandlengjunni milli Þorlákshafnar og Eyrarbakka en afraksturinn kemur á netið í þessari viku. „Við vorum búin að undirbúa okkur vel og vissum nákvæmlega hvað við vildum fá,“ segir Ellen og ber samstarfinu við kærastann vel söguna. „Við vegum hvort annað upp, enda fær á sitthvoru sviðinu og erum ekki mikið að skipta okkur af sömu hlutunum. Það skiptir líka máli að kunna að skilja vinnuna eftir og taka hana ekki með inn á heimilið.“

Þorbjörn og Ellen eru bæði hluti af vinnustofunni Narva, sem þau stofnuðu ásamt Guðmundi Jörundssyni, fatahönnuði og Hjalta Axel Ingvarssyni, grafískum hönnuði.

„Við tökum að okkur verkefni bæði í sameiningu, eins þetta tónlistarmyndband fyrir GusGus, og sitt í hvoru lagi. Það er bara frábært að geta unnið með fólki sem kann eitthvað annað en maður sjálfur,“ segir Ellen og bætir við að þau Þorbjörn séu spennt fyrir að taka að sér fleiri verkefni í svipuðum dúr. „Við höfum áhuga fyrir að færa okkur inn á þennan starfsvettvang og inn í myndbandagerð.“

**alfrun@frettabladid.is**



**LEIKSTJÓRAR Í FYRSTA SINN** Kærustuparið Ellen Loftsdóttir og Þorbjörn Ingason leikstýra tónlistarmyndbandi GusGus við lagið Over, en það er í fyrsta sinn sem þau sinna leikstjórahlutverkinu.



**OVER** Urður Hákonardóttir söngkona skrautleg. Myndbandið kemur á netið í vikunni en lagið Over er á toppi vinsældalista Rásar 2 þessa dagana.

# Blogga um brjóst og sólgleraugu

„Það er fátt betra en brjóst og sólgleraugu. Þetta tvennt skiptir okkur miklu máli og vildum deila því með heiminum,“ segir Jón Atli Helgason, plötusnúður og hárgreiðslumaður, um bloggið www.titsintheshade.com.

Jón Atli og Christian d´Or, sólgleraugnasafnari og herramaður, sameina ást sína á sólgleraugum og brjóstum á blogginu, sem vakið hefur mikla athygli.

„Það eru fá eðalblogg í gangi í heiminum í dag og við vildum sýna gott fordæmi með því að búa til þessa síðu,“ segir Jón Atli, en þeir félagarnir taka flestar myndirnar sjálfir.

„Við erum líka með rússneskan ljósmyndara á okkar snærum og svo eru nokkrar myndir úr einkasafni. Stúlkur eru viljugar að láta mynda sig fyrir bloggið því þetta er ekkert klám heldur fágaðar myndir og vel skrifaðir textar.“

Síðan hefur verið í stöðugri sókn frá því hún fór í loftið og strákarnir fá góðar viðtökur hjá lesendum. „Fólk er yfir sig hrifið og amma líka. Það er hafsjór af fallegum efnivið þarna úti þannig að við höldum ótrauðir áfram,“ segir Jón Atli, sem er búsettur í Kaupmannahöfn og ekkert á leiðinni heim. „Kaupmannahöfn líkar vel við mig og mér líður vel.“ **- áp**



**BLOGGARAR** Christian d´Or og Jón Atli Helgason sameina ást sína á sólgleraugum og brjóstum á nýju bloggi sínu, www.titsintheshade.com.

# Síðustu dagar útsölunnar

## GÖTU-MARKAÐUR

**Enn lægra verð á götumarkaði**

**Síðustu forvöð að gera dúndurkaup**

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vegavinna á Patró

Gamanmyndin Á annan veg, eftir leikstjórann **Hafstein G. Sigurðsson**, er nú á lokastigi og verður frumsýnd 2. september. Myndin var tekin upp síðasta sumar á Patreksfirði og er að sögn aðstandenda meinfyndin og mannleg kómedía sem segir frá tveimur mönnum sem starfa við vegavinnu. Á meðal leikara í myndinni eru Þorsteinn Bachman, Valgerður Rúnarsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Hilmar Guðjónsson.



### Synti ekki heim þetta árið

**Steindi Jr.** tróð upp á Þjóðhátíð í Eyjum á laugardag. Gerðu gestir góðan róm að frammistöðu Steinda, en lög hans úr sjónvarpsþáttunum Steindinn okkar hafa átt miklum vinsældum að fagna undanfarið. Vinsælasta lagið úr annarri þáttaröð Steinda er lagið Gull af mönnum þar sem Matthías Matthíasson papi leikur trújarnan einfeldning sem gleypir við ótrúlegum montsögum Steinda og Ágústs Bents, leikstjóra þáttanna. Í laginu stærir Steindi sig af því að hafa farið á Þjóðhátíð; drukkið þar þúsund bjóra, kýlt mann og synt heim. Hvort Steindi drakk þúsund bjóra og kýldi mann þetta árið skal ósagt látið en hann lét það í það minnsta vera í ár að synda heim og lét Herjólf nægja snemma á mánudag.

**- afb, mþl**



## Mest lesið vísir

1. Fékk hvítblæði og gerðist hlaupagarpur
2. Skelfilegt að hafa veitt fjöldamorðingja innblástur
3. Tæpir 700 milljarðar segjum við já
4. Ökumaður sofandi á 130 kílómetra hraða
5. Segja þöggun hafa átt sér stað innan íþróttafélaga





